

HALLDÓR

skoðun 16

3 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Fólk
Lífið
Kennarasamband Íslands




## Verri og ódýrari vín

*Gissur Kristinsson, vínþjónn hjá Vínbúðinni, segir miklar breytingar á vínkaupum eftir hrunið.*

**FÓLK**




# FRÉTTABLAÐIÐ

**Föstudagur**
**5. október 2012**
234. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012




### Mikill hvalreki

*Tónleikar Damo Suzuki á RIFF-hátíðinni fá fimm stjörnur hjá gagnrýnanda.*

**tónlist 34**



### Þrjú jöfn á toppnum

*Haukar, HK og Akureyri byrja best í handboltanum.*

**sport 38**

### veðrið í dag




**BJART** víða um landið fram eftir degi en þykknar upp vestanlands síðdegis. Vindur verður fremur hægur og hiti á bilinu 2 til 11 stig.

**VEÐUR 4**


5 okt Alþjóðadagur kennara 2012

Stöndum með kennurum


# Öll magnkaup á áburði skal tilkynna til lögreglu

**Öll magnkaup á áburði þarf að tilkynna til lögreglu samkvæmt lagafrumvarpi. Verið að bregðast við hryðjuverkum í Ósló segir ráðherra. Félagar í skipulögðum glæpasamtökum fá ekki skotvopnaleyfi.**

**ALÞINGI** Lögreglunni verður tryggður aðgangur að upplýsingum um kaup á áburði sem inniheldur ammoníumnítrat, samkvæmt frumvarpi Ögmundar Jónassonar innanríkisráðherra um vopn, sprengiefni og skotelda. Ekki eru ákvæði um framleiðslu sprengiefnis í gildandi vopnalögum.

Frumvarpið leggur þá skyldu á þá sem framleiða, flytja inn eða versla með sprengiefni eða áburð að tilkynna um öll magnkaup til lögreglunnar. Er þá miðað við að magn sprengiefnis eða íblöndunarefna, það er áburðar, fari yfir 500 kíló á sex mánuðum.

Ögmundur segir frumvarpinu ætlað að koma í veg fyrir að fólk komi sér upp sprengjubirgðum.

„Við horfum þarna til voðaverka eins og í Noregi í júlí í fyrra og annars af því tagi. Þetta eru fyrirbyggjandi aðgerðir og hugsað í þeim anda, samkvæmt ráðleggingum lögreglu. Þarna tökum við mið af því sem Norðurlandaþjóðirnar eru að gera. Við setjum markið ekki mjög lágt, en reynum að finna eðlileg mörk hvað þetta snertir."

Verði frumvarpið að lögum getur lögreglustjóri hvenær sem er krafist þess að fá aðgang að húsnæði þar sem sprengiefni er framleitt eða geymt og þarf hann ekki sérstaka heimild fyrir því.

### Félagar glæpagengja fá ekki vopnaleyfi

Samkvæmt frumvarpinu mega meðlimir skipulagðra glæpasamtaka, eða þeir sem eru í nánum tengslum við þau, ekki fá skotvopnaleyfi.

„Til þess eru lögin að koma í veg fyrir að aðilar sem hafa ofbeldi gagnvart öðru fólki á stefnuskránni fái ekki vopn í hendur. Að það sé refsivert gagnvart þeim að hafa vopn," segir Ögmundur.

Í frumvarpinu eru strangari skorður varðandi vopnaeign, til dæmis hvað varðar innflutning á hálfsjálfvirkum byssum. Þá má hver einstaklingur ekki eiga fleiri en 20 skotvopn.

„Með frumvarpinu er stefnt að því að setja heldur strangari skorður við vopnaeign en verið hefur í lögum. Þó er ekki gengið svo langt að íþróttamönnum á þessu sviði, eða skotveiðimönnum, sé settur stóllinn fyrir dyrnar. Það er reynt að þræða hinn gullna meðalveg í þeim efni. Á hinn bóginn er reynt að koma í veg fyrir vopnaeign sem er af annarri rót sprottin."

- kóp / sjá síðu 10



**FORINGI Í JÁRNUM** Víðir Þorgeirsson, forsprakki Outlaws, var leiddur fyrir dómara í Hafnarfirði í gærkvöldi. Þar var farið fram á einnar viku gæsluvarðhald yfir honum. Víðir var á meðal þeirra sextán sem voru handteknir í einni umfangsmestu lögregluaðgerð Íslandssögunnar í fyrrakvöld. **Sjá síðu 6**

Fékk skurð fyrir bardagann:

## Óttuðust að bardaginn yrði blásinn af

**FÓLK „Ég var að drepast úr stressi yfir því að ég væri búinn að eyðileggja allt fyrir honum," segir Jón Viðar Arnþórsson, formaður Mjölnis, um fyrsta bardaga Gunnars Nelson í blönduðum bardagalistum í UFC sem fram fór á laugardaginn.**



GUNNAR NELSON

**Jón Viðar sparkaði í Gunnar á æfingu fyrir bardagann með þeim afleiðingum að hann fékk skurð á hökuna. Ekki er leyfilegt að keppa með opið sár í bardögum í UFC.**

**„Ég sparkaði í hann, fyrir stærstu stund lífs okkar þegar við vorum að passa okkur sérstaklega mikið," segir Jón Viðar, sem kynnti Gunnari íþróttina fyrir nokkrum árum. Félagarnir voru að vonum stressaðir enda höfðu um hundrað og fimmtíu Íslendingar flogið út til að sjá bardagann.**

- hþt / sjá síðu 42






Á nýjum vef er auðveldara að nálgast efni frá Fréttablaðinu og sjónvarps- og útvarpsstöðvum 365:

# Nýr og aðgengilegri Vísir farinn í loftið

**FJÖLMIÐLAR** Fréttavefurinn Vísir hefur tekið gagngerum breytingum í útliti og framsetningu.

„Markmiðið er að gera vefinn enn aðgengilegri og læsilegri fyrir notendur," segir Freyr Einarsson, ritstjóri fréttastofu Stöðvar 2, Bylgjunnar og Vísis. „Efni frá öllum miðlum 365 verður sett betur fram, til dæmis sjónvarpsfréttir, myndskeið og þættir frá Stöð 2 og útvarpsefni frá útvarpsstöðvunum. Sama á við um efni Fréttablaðsins. Vísir verður gátt lesenda inn á alla þessa miðla ásamt því að vera stöðugt fyrstur með fréttirnar yfir daginn."

Freyr segir að um leið og þessi útlitsbreyting eigi sér stað verði vefurinn léttari og hraðari fyrir notendur.

„Framsetning efnisins verður þægilegri fyrir spjaldtölvunotendur og þá sem fylgjast með fréttum í snjallsíma. Breytt útlit þýðir stærri myndir, fjölbreyttara efnisval á forsíðunni og lesendur geta treyst því að nýjustu fréttirnar fari aldrei framhjá þeim," segir Freyr.




**NÝTT ÚTLIT VÍSIS** Vefurinn er mun léttari og hraðari fyrir notendur.

## SPURNING DAGSINS



*Sóley, er þetta pólitísk keila?*

„Þetta er að minnsta kosti siðferðilegur ásteytingarsteinn.“

Meirihluti borgarstjórnar Reykjavíkur hefur samþykkt að útilistaverkið Svarta keilan verði í einu horni Austurvallar. Fulltrúar minnihlutans eru þessu andvígir. Sóley Tómasdóttir er borgarfulltrúi Vinstri grænna.

Lögregla og bæjaryfirvöld líta mál kornabarns mjög alvarlegum augum:

# Sofandi barn hvarf úr vagni

**LÖGREGLUMÁL** Fjórtán mánaða gamalt stúlkubarn hvarf úr barnavagni fyrir utan dagheimili í Reykjanesbæ á föstudaginn fyrir viku. Það fannst skömmu síðar í næsta garði. Ríkisútvarpið greindi frá þessu í gær.

Lögreglan lítur málið mjög alvarlegum augum, en hún segir allt benda til að óviðkomandi hafi tekið sofandi barnið úr vagninum og farið með það yfir í garðinn. Ekkert amaði að barninu.

Lögreglan rannsakar málið og hvetur íbúa á Suðurnesjum til að fylgjast með börnum sínum. Enginn er grunaður um verknaðinn að svo stöddu og ekki er vitað hvað þeim sem kann að hafa tekið barnið gæti hafa gengið til.

„Við lítum þetta mjög alvarlegum augum,“ segir Hjördís Árnadóttir, félagsmálastjóri Reykjanesbæjar, í samtali við Fréttablaðið. Hún segir málið komið inn á borð barnaverndar bæjarins og að rætt verði við dagmóðurina um málið.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafði barnið verið fært úr einhverjum flíkum áður en það var skilið eftir í garðinum. **- sh**



**BARNAVAGN** Barnið var tekið úr barnavagni utan við dagheimili. Myndin er úr safni.

Átak í Kaupmannahöfn:

## Þrifalegasta höfuðborgin

**DANMÖRK** Kaupmannahöfn á að verða hreinasta höfuðborg Evrópu árið 2015. Þótt göturnar séu nú sópaðar og þvegnar meir en nokkru sinni hefur magn rusls aukist um 31% frá því í fyrra, að því er kemur í frétt Berlingske Tidende.

Borgaryfirvöld hafa þess vegna efnt til átaks sem bæði opinberir og einkaaðilar standa að.

Meðal þess sem lagt hefur verið til er að klæða sorpílát skærum litum og láta fótspor vísa veginn á þau. Vonast er til að með því fleygi fólk ruslinu á réttan stað. **- ibs**

Brugðist við tölfræði:

## Nefnd skoði kynferðisglæpi

**ALÞINGI** Skúli Helgason, varaformaður allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, hefur lagt til að nefndin taki meðferð kynferðisafbrotamála á Íslandi til sérstakrar umfjöllunar. Skúli er þar að bregðast við upplýsingum sem komu fram í Fréttablaðinu á miðvikudag sem benda til þess að einungis 3% kynferðisbrotamála sem tilkynnt séu til lögreglu leiði til sakfellingar en í ríflega 85% tilvika sé rannsókn hætt áður en mál lendi á borði Ríkissaksóknara.



**SKÚLI HELGASON**

Óskað er eftir því að á fund nefndarinnar komi fjölmargir sem koma að málaflokknum, þeirra á meðal fulltrúar Stígamóta, ríkissaksóknari og yfirmaður kynferðisbrotadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. **- shá**

Verðkönnun ASÍ:

## Lægsta verðið oftast í Iceland

**VIÐSKIPTI Verslunin Iceland var oftast með lægsta verðið þegar verðlagseftirlit ASÍ kannaði verð í lágvöruverðsverslunum, stórmörkuðum og klukkubúðum víðs vegar um landið mánudaginn 1. október.**

**Bónus á Akureyri kom þar á eftir með lægsta verðið í um fjórðungi tilvika. Hæsta verðið var oftast að finna í verslun 10-11 á Laugavegi, í um helmingi tilvika.**

**Oftast var verðmunurinn á hæsta og lægsta verði vöru frá 25% upp í 75% en í um fjórðungi tilvika var meira en 75% verðmunur. Verslanirnar Kostur og Víðir neituðu að taka þátt í könnuninni.** **- shá**

# Flugumferðarstjóri er svefnlaus við höfnina

**Flugumferðarstjóri sem býr á Norðurbakka segir of mikinn hávaða fylgja niðurrifi á skipum í Hafnarfjarðarhöfn. Hann vinnur á vöktum og sefur oft á daginn. Hávaðinn drukknaði í öðrum hávaða við mælingar heilbrigðiseftirlits.**

**UMHVERFISMÁL** „Það sem maður heyrir mest er þegar stórir málmhlutar annaðhvort falla hver á annan eða lemjast saman. Það gellur í öllu og það er mikið ónæði af því að þetta er svo nálægt okkur,“ segir Hrannar Hallgrímsson, flugumferðarstjóri og íbúi á Norðurbakka við Hafnarfjarðarhöfn.

Hrannar gerir athugasemdir við starfsemi fyrirtækisins Furu, sem í sumar fékk tímabundið leyfi til niðurrifs á skipinu Lenu í Hafnarfjarðarhöfn. Niðurrifsstarfsemin fer fram gegnt Norðurbakka, við innsiglinguna í innri höfnina.

„Við höfum búið hér í eitt og hálft ár og erum vön að það sé ónæði af höfninni sjálfri en þegar menn eru farnir að rífa í sundur heil skip með stórum vinnutækjum árla morguns og jafnvel snemma um helgar er það farið að hafa áhrif,“ segir Hrannar, sem í erindi sínu til bæjaryfirvalda segir starfsemina sérstaklega slæma fyrir sig því hann vinni vaktavinnu og treysti á að ná svefni yfir daginn.

„Þetta tilraunaverkefni er farið að valda mér svefnleysi,“ segir Hrannar í athugasemdinni. Aðspurður neitar hann því þó að vera beinlínis vansvefta. „Það er kannski ekki svo slæmt en þar sem þetta er tilraunaverkefni vildi ég benda á að þetta væri svo sem í lagi með eitt skip en ef þeir gerðu þetta í meiri mæli sæi maður fram á meira ónæði og truflun. Maður er ekkert hrifinn af því til framtíðar,“ útskýrir hann.

Heilbrigðiseftirlitið hefur farið í nokkrar vettvangsferðir til að kanna hugsanlega hávaðamengun og aðra mengun frá framkvæmdinni hjá Furu, sem sögð er hafa tekist vel. Ábending Hrannars hafi því komið nokkuð á óvart.



**HÁVAÐI Í HAFNARFJARÐARHÖFN** Dynkir frá lestum flutningaskipsins Leah sem verið er að rústberja í Hafnarfjarðarhöfn voru svo magnaðir á stundum að þeir yfirgnæfðu skarkalann frá niðurrifi skipsins Lenu þar á hafnarsvæðinu. Íbúarnir á Norðurbakka fylgjast með fyrirganginum úr húsum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

> Þetta tilraunaverkefni er farið að valda mér svefnleysi.
>
> **HRANNAR HALLGRÍMSSON**
> FLUGUMFERÐARSTJÓRI

„Í fyrstu tveimur ferðunum drukknaði hávaði frá skipinu algjörlega í hávaða sem barst frá flutningaskipinu Leah frá Hollandi,“ segir heilbrigðiseftirlitið í bréfi til Hafnarfjarðarhafnar. „Samhliða vélaviðgerð hefur verið unnið sleitulítið að degi til við að rústberja lestarhlera skipsins.“

Gerðar voru hávaðamælingar en heilbrigðiseftirlitið kveðst ekki getað staðfest að hávaði hafi verið yfir mörkum þegar hann barst að Norðurbakka. Athafnasvæði Hafnarfjarðarhafnar sé hins vegar í mikilli nálægð við vestustu íbúðablokkirnar á Norðurbakka. „Ljóst er að hafnaryfirvöld verða að takmarka eins og kostur er að hávaðasöm starfsemi fari fram á þeim svæðum hafnarinnar sem liggja næst Norðurbakkanum.“

**gar@frettabladid.is**



**FORSÍÐA EBÓKA** Rafbókaverslunin er svar við tæknibyltingu síðustu ára.

Stærsta bókaverslun landsins:

## Selja allar rafbækur Íslands

**MENNING Bókaverslunin eBækur opnar gátt sína í dag, en um stærstu bókaverslun landsins er að ræða. Það er fyrirtækið D3, sem starfrækt hefur Tónlist.is um árabil, sem stendur að versluninni.**

**Rafbókaverslunin mun bjóða allar helstu rafbækur sem gefnar hafa verið út á íslensku auk hundraða þúsunda erlendra bókatitla. Fjöldi titla mun síðan vaxa jafnt og þétt á næstu misserum í takt við alþjóðlega þróun í bókaútgáfu, að sögn aðstandenda, sem bæta við að tilkoma eBóka sé svar við vaxandi eftirspurn eftir íslenskri rafbókaverslun.**

**Verslunin eBækur er samstarfsaðili Reykjavíkur, bókmenntaborgar UNESCO.** **- shá**

Brynjar laus úr fangelsinu:

## „Get varla hætt að knúsa hann“

**FÓLK** Brynjar Mettinisson er laus úr fangelsi í Taílandi. Hann sat saklaus í fangelsi í rúmt ár, ákærður fyrir fíkniefnabrot. Tveir mánuðir eru síðan hann var sýknaður.

Brynjar lenti á Kastrup-flugvelli í Kaupmannahöfn í morgun. Móðir hans, Borghildur Antonsdóttir, var fegin að fá son sinn aftur.

„Þetta er alveg dásamleg tilfinning, þetta er svo ótrúlegt, ég gat bara varla hætt að knúsa hann,“ sagði hún í samtali við fréttastofu Stöðvar 2.

„Ég sagði það frá byrjun að hann væri saklaus og að hann myndi koma heim.“ **- eh**




SÁÁ hefur átak til að koma þolendum áfengis- og vímuefnavanda til aðstoðar:

# Tíundi hluti áfengisgjalds í sjóð

**HEILBRIGÐISMÁL** Samtök áhugafólks um áfengisvandann, SÁÁ, gera það að tillögu sinni að tíundi hluti áfengisgjalds ríkisins renni í sérstakan sjóð sem nýttur verði til þess að koma þolendum áfengis- og vímuefnavanda til aðstoðar. Með þetta að markmiði hleyptu SÁÁ í gær af stokkunum átakinu „Betra líf!“.

Átakið felst í hvatningu til almennings um að leggja fram frumvarp í þeirri von að því verði veitt brautargengi á þingi.

Í kynningu SÁÁ á átakinu kemur fram að tekjur ríkissjóðs af áfengisgjaldinu séu á tólfta milljarð króna. Eins að þær tekjur byggi fyrst og síðast á sjúklegri neyslu; skattur sem er tekinn af fárveiku fólki og fátækustu fjölskyldunum. Sérstaklega er vakin athygli á vanda fimm til sjö þúsund barna sem búa á heimilum þar sem vandinn er slíkur að hann hafi á þau skaðleg áhrif.

Hugmyndir SÁÁ eru að fjármununum sem rynnu í sjóðinn yrði varið til að byggja upp félagslega þjónustu á forræði sveitarfélaganna sem hafa, mörg hver, ekki haft bolmagn til að sinna þessu starfi sem skyldi.




**VOGUR** Hægt er að fá frekari upplýsingar um átakið „Betra líf!“ og taka þátt á heimasíðunni saa.is. MYND/E.ÓL.

Þá kemur fram í kynningu SÁÁ að áfengis- og vímuefnavandinn sé líklega kostnaðarsamasta heilbrigðisvandamál þjóðarinnar og birtingarmyndir þess vanda margar. **- shá**



NÝTT

**PLEASE HANDSÁPA**
Með pumpu.
Magn: 500 ml.
1 brúsi **399**

**2 BRÚSAR NÚ:**

**399**

2 FYRIR 1

# RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

**NETFANGALEIKUR!**
Skráðu þig í netfangaleik Rúmfatalagersins á www.rumfatalagerinn.is og þú gætir unnið **50.000 KRÓNA** gjafabréf í verslunum okkar!

# FAGNAR 2000 VERSLUNUM UM ALLAN HEIM



**HAMPTON BORÐ +4 NEW HAMPTON STÓLAR**
Fallegt borðstofusett á frábæru tilboði!
Borð: B90 x L160 x H75 sm. **44.950**
Borð: B100 x L200 x H75 sm. **54.950**
Stækkunarplata: B100 x L50 sm. **9.995**
Stóll **12.950** Borð B90 x L160 x H75 sm. + 4 stólar **89.950** nú **64.950**

28% AFSLÁTTUR

**BORÐ + 4 STÓLAR FULLT VERÐ: 89.950**

# 64.950

50% AFSLÁTTUR



**FULLT VERÐ: 1.995**

# 995

**NIKKA SÆNGURVERASETT**
Efni: 100% polyestermíkrófíber.
Lokað að neðan með rennilás.
140 x 200 sm. og 50 x 70 sm.

50% AFSLÁTTUR



**FULLT VERÐ: 399**

# 199

**SÆNGURTASKA**
Góð og nett taska undir sængina o.fl.

40% AFSLÁTTUR

**MOUNTOLYMPUS SÆNG OG KODDI**
Sæng og koddi fyllt með holtrefjum. Áklæði úr 100% polyestermíkrófíber. Þyngd á sæng: 1000 gr. Má þvo við 60°C. Sæng: 135 x 200 sm. Koddi: 50 x 70 sm.



**FULLT VERÐ: 5.995**

# 3.495

**Tilboðin gilda til 10.10.12**

## GENGIÐ 04.10.2012

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 122,43 | 123,01 |
| Sterlingspund | 197,28 | 198,24 |
| Evra | 158,45 | 159,33 |
| Dönsk króna | 21,25 | 21,374 |
| Norsk króna | 21,334 | 21,46 |
| Sænsk króna | 18,399 | 18,507 |
| Japanskt jen | 1,5575 | 1,5667 |
| SDR | 188,5 | 189,62 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

219,2046

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

## PRÓFKJÖR

### Friðjón vill 4. sæti í SV

Friðjón R. Friðjónsson ráðgjafi sækist eftir fjórða sæti á framboðslista Sjálfstæðisflokksins í Suðvesturkjördæmi. Friðjón hefur starfað fyrir Sjálfstæðisflokkinn og var um tíma aðstoðarmaður Bjarna Benediktssonar formanns.

### Áslaug stefnir á 4. sæti

Áslaug María Friðriksdóttir borgarfulltrúi ætlar að gefa kost á sér í fjórða sæti á lista Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík. Áslaug sat í miðstjórn Sjálfstæðisflokksins frá 2007 til 2011 og var formaður Hvatar, félags sjálfstæðiskvenna, frá 2006 til 2011.

### Teitur býður sig fram í 5. sæti í Reykjavík

Teitur Björn Einarsson lögmaður gefur kost á sér í fimmta sæti á lista Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík. Hann er 32 ára og starfar hjá OPUS lögmönnum í Reykjavík. Hann er formaður í utanríkismálanefnd Sjálfstæðisflokksins.

### Magnús fer fram í Suðurkjördæmi

Magnús Jóhannesson framkvæmdastjóri hyggst bjóða sig fram í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Suðurkjördæmi. Magnús hefur starfað innan flokksins lengi. Hann hefur undanfarin ár starfað sem framkvæmdastjóri hjá America Renewables í Kaliforníu í Bandaríkjunum.

### Skúli býður sig fram á ný

Skúli Helgason þingmaður sækist eftir öðru til þriðja sæti á lista Samfylkingarinnar í Reykjavík. Skúli var formaður iðnaðarnefndar Alþingis árið 2010, formaður menntamálanefndar þingsins 2010 til 2011 og varaformaður allsherjar- og menntamálanefndar 2011 til 2012.

## LEIÐRÉTT

Ranghermt var í frétt blaðsins í gær að Háskóli Íslands væri í 176. sæti á lista Times Higher Education yfir bestu háskóla heims. Hið rétta er að Háskóli Íslands er í 271. sæti á listanum. Beðist er velvirðingar á mistökunum.

Matvælastofnun Evrópu lagði mat á grein um skaðsemi erfðabreyttra matvæla:

# Segir rannsóknina ómarktæka

**VÍSINDI** Nýleg frönsk rannsókn, sem bendir til þess að ákveðinn erfðabreyttur maís og illgresiseyðirinn Roundup valdi æxlismyndun, er ekki byggð á nægilega sterkum vísindalegum grunni til þess að ástæða sé til endurskoðunar á Evrópulöggjöf. Þetta kemur fram í frumniðurstöðum Matvælastofnunar Evrópu (EFSA), sem tók málið fyrir að ósk framkvæmdastjórnar ESB, eftir útkomu rannsóknarinnar.

EFSA sagði aðferðafræðina á bak við rannsóknina ekki vera í samræmi við vísindaleg vinnubrögð. Hún sé svo gölluð að ekki sé hægt að leggja hana til grundvallar aðgerðum að svo stöddu.

Áður en lokagerð úttektarinnar verður gefin út gefst aðstandendum rannsóknarinnar, sameindalíffræðingnum Gilles-Eric Séralini og samstarfsfólki hans, tækifæri til að færa nánari rök fyrir niðurstöðum sínum.

Enn sem komið er mun EFSA því ekki leggja til breytingar á öryggismati á umræddri maísafurð og ekki breyta yfirstandandi rannsókn á Roundup-illgresiseyðinum.

Rannsóknin varð tilefni mikillar umræðu um erfðabreyttar lífverur í matvælaiðnaði, en vísindamenn um allan heim, þar á meðal á Íslandi, gagnrýndu aðferðafræði Séralinis harðlega. - þj



**UMDEILDUR** Niðurstöður sameindalíffræðingsins Gilles-Eric Séralini eru umdeildar. NORDICPHOTOS/AFP

Impregilo rukkar Samskip:

# Þrjátíu milljóna kröfu vísað frá

**DÓMSTÓLAR** 30,1 milljónar króna kröfu ítalska verktakafyrirtækisins Impregilo á hendur Samskipum var vísað frá Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

Impregilo vann að gerð Kárahnjúkavirkjunar og taldi sig hafa ofgreitt reikninga vegna flutninga sem Samskip hefðu með réttu átt að beina til annars fyrirtækis. Nokkuð hafði verið um leiðréttingar og bakfærslur í viðskiptum fyrirtækjanna og taldi dómurinn að ekki hefði verið gerð nægileg grein fyrir kröfum Impregilo. - óká



**ANNAR SEKUR EN ÓRÁÐIÐ MEÐ HINN** Hæstiréttur vísaði þætti Styrmis Þórs, til vinstri, aftur heim í hérað. Jón Þorsteinn Jónsson, til hægri, var hins vegar dæmdur í fjögurra og hálfs árs fangelsi eins og Ragnar Z. Guðjónsson. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Skipt um dómara í Exeter-máli Styrmis

**Rétta þarf upp á nýtt yfir Styrmi Þór Bragasyni í Exeter-máli sérstaks saksóknara eftir að skipt var um dómara. Fyrra dómaratríóið baðst undan verkefninu. Dómaraskiptin ættu ekki að tefja réttarhöldin mikið, að mati saksóknara.**

**DÓMSMÁL** Dómararnir þrír sem upphaflega dæmdu í Exeter-máli sérstaks saksóknara hafa beðist undan því að taka að sér þann anga málsins sem Hæstiréttur vísaði aftur heim í hérað í sumar. Nýr dómari hefur verið skipaður, en það kallar á að málið verði tekið til efnislegrar meðferðar á nýjan leik.

Hæstiréttur sneri í júní sýknudómi yfir Ragnari Z. Guðjónssyni og Jóni Þorsteini Jónssyni, fyrrverandi yfirmönnum Byrs sparisjóðs, og dæmdi þá báða í fjögurra og hálfs árs fangelsi. Þætti þriðja sakborningsins, Styrmis Þórs Bragasonar, fyrrverandi forstjóra MP banka, var hins vegar vísað aftur heim í hérað.

Ástæða heimvísunarinnar var sú að meirihluti héraðsdómsins, dómsformaðurinn Arngrímur Ísberg og sérfræðingurinn Einar Ingimundarson, tóku enga efnislega afstöðu til þáttar Styrmis.

Styrmir var ákærður fyrir hlutdeild í brotum hinna tveggja en úr því að þeir voru ekki taldir hafa gerst sekir um nokkurt brot kom aldrei til þess að kannað væri hvort Styrmir hefði átt hlutdeild í því sem ekkert var, að mati dómaranna.



**BJÖRN ÞORVALDSSON**

Þegar þessar aðstæður koma upp væri alla jafna eðlilegast að sami dómur dæmdi málið aftur. Þá þyrfti bara málflutning sækjanda og verjenda en engar skýrslutökur eða vitnaleiðslur.

Í þessu máli háttaði þó svo óvenjulega til að einn héraðsdómaranna, Ragnheiður Bragadóttir, skilaði sératkvæði, vildi sakfella Ragnar og Jón Þorstein en sýkna Styrmi. Einn dómaranna þriggja hafði því þegar tekið afstöðu til þáttar Styrmis.

Niðurstaðan varð að dómurinn vék og Guðjón St. Marteinsson er nýr dómsformaður. Hann mun einnig ætla að hafa tvo meðdómara.

Björn Þorvaldsson saksóknari segist ekki telja að dómaraskiptin muni hafa mjög mikil áhrif á lengd réttarhaldanna.

„Maður hefði alltaf viljað taka nýja skýrslu af Styrmi og það verður að segjast eins og er að það eru ekki svo mörg vitni sem verða kölluð fyrir varðandi þennan anga. Það er búið að sakfella hina tvo og það þarf ekki að kalla fyrir vitni um það sem gerðist inni í Byr.“ Hann segir að aðalmeðferðin ætti ekki að þurfa að taka meira en einn dag, með málflutningi.

Fyrirtaka í málinu er á mánudaginn. „Ég reikna með að það verði ákveðinn tími fyrir aðalmeðferð þá,“ segir Björn. - sh

Nýr framkvæmdastjóri:

# Kolbrún ráðin til MS-félagsins

**FÉLAGSMÁL Kolbrún Stefánsdóttir hefur verið ráðin nýr framkvæmdastjóri MS-félagsins í stað Berglindar Óskarsdóttur. Berglind hverfur til annarra starfa.**

**Kolbrún hefur þó nokkra reynslu af framkvæmd félagsmála. Áður starfaði hún meðal annars sem framkvæmdastjóri Sjálfsbjargar, landssambands fatlaðra, í fimm ár.**

**MS-félagið starfrækir meðal annars setur í Fossvogi sem er dagvistar- og endurhæfingarmiðstöð. - bþh**



**KOLBRÚN STEFÁNSDÓTTIR**

Umbætur í Sádi-Arabíu:

# Trúarlögreglan fær minni völd

**SÁDI-ARABÍA, AP** Dregið verður úr völdum trúarlögreglunnar í Sádi-Arabíu, sem hefur meðal annars það hlutverk að passa að konur umgangist ekki óskylda karlmenn, auk þess sem hún hefur passað að konur klæði sig sómasamlega og karlar sæki bænastundir í moskum.

Trúarlögreglan missir meðal annars heimildir til þess að gera húsleit, handtaka fólk og rannsaka mál. Lögreglu landsins verða þess í stað falin þessi verkefni.

Abdul-Latif al Sheikh, yfirmaður trúarlögreglunnar, staðfesti þetta í viðtali við sádi-arabíska dagblaðið Al-Hayat. Hann viðurkenndi jafnframt að kvartanir hefðu borist vegna framferðis trúarlögreglunnar. - gb




## VEÐURSPÁ



**Ingibjörg Karlsdóttir** veðurfréttamaður

**GRÍPTU DAGINN** því í dag verður bjart og fallegt veður víða á landinu og tilvalið til útiveru. Í kvöld svo fer að rigna allra vestast og um helgina verða skúrir sunnan- og vestanlands en áfram þurrt og nokkuð bjart norðaustan til.



**Á MORGUN** Strekkingur með SV-ströndinni annars hægari.



**SUNNUDAGUR** Strekkingur allra vestast og með S-strönd annars hægari.



**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 26° |
| Basel | 21° |
| Berlín | 16° |
| Billund | 10° |
| Frankfurt | 17° |
| Friedrichshafen | 22° |
| Gautaborg | 11° |
| Kaupmannahöfn | 11° |
| Las Palmas | 26° |
| London | 16° |
| Mallorca | 28° |
| New York | 25° |
| Orlando | 31° |
| Ósló | 12° |
| París | 18° |
| San Francisco | 17° |
| Stokkhólmur | 11° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Einar Davíðsson einar.davidsson@365.is, Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402: Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is, Elsa Jensdóttir elsaj@365.is, Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

# Sjaldan er góður bíll of oft smurður

Í október er sértilboð á **smurþjónustu** hjá öllum viðurkenndum þjónustuaðilum Toyota.




## Engin vandamál - bara lausnir.

### 20% afsláttur

Sértilboð á olíum, síum, þurrkublöðum, bílaperum, rúðuvökva og frostlegi hjá viðurkenndum þjónustuaðilum Toyota.*

### 15% afsláttur

af vinnu við smurningu.
Komdu í heimsókn. Við tökum vel á móti þér.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Toyota Kauptúni | Kauptúni 6 | 210 Garðabæ | 570 5070 |
| Toyota Akureyri | Baldursnesi 1 | 603 Akureyri | 460 4300 |
| Toyota Selfossi | Fossnesi 14 | 800 Selfossi | 480 8000 |
| Toyota Reykjanesbæ | Njarðarbraut 17 | 260 Reykjanesbæ | 420 6610 |
| Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur | Bæjarflöt 13 | 112 Reykjavík | 440 8000 |
| Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur | Skemmuvegi 16 | 200 Kópavogi | 440 8000 |
| Bifreiðaverkstæðið Ásinn | Kalmansvöllum 3 | 300 Akranesi | 431 5050 |
| Bílatangi | Suðurgötu 9 | 400 Ísafirði | 456 4580 |
| Bifreiðaverkstæði KS | Hesteyri 2 | 550 Sauðárkróki | 455 4570 |
| Bílaleiga Húsavíkur | Garðarsbraut 66 | 640 Húsavík | 464 1888 |
| Bílaverkstæði Austurlands | Miðási 2 | 700 Egilsstöðum | 470 5070 |
| Bílageirinn | Grófinni 14a | 230 Reykjanesbæ | 421 6901 |

**Kynntu þér betur þjónustu okkar á www.toyota.is**

*Olíur, olíusíur, loftsíur, frjókornasíur, bensín- og hráolíusíur, þurrkublöð, þurrkugúmmí, ljósaperur, rúðuvökvi og frostlögur.

Pantaðu tíma í dag.
Það er einfalt og fljótlegt.

ÍSLENSKA/SIA.IS/TOY 61145 09/12

**KJÖRKASSINN**



*Borðar þú fisk í hverri viku?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 75,5% |
| NEI | 24,5% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Hefur þú áhuga á tísku?*

Segðu skoðun þína á Vísir.is

Vísir

Tálknfirðingar töldu samning við Hjallastefnuna ljósan menntamálaráðuneytinu:

# Telja löglega staðið að samstarfi

**SKÓLAMÁL** Tálknafjarðarhreppur telur að farið hafi verið að lögum þegar gengið var til samstarfs við Hjallastefnuna um stjórn Tálknafjarðarskóla. Það er skoðun hreppsins að samningur við Hjallastefnuna hafi verið gerður með vitund mennta- og menningarmálaráðuneytisins, enda leitaði hreppurinn eftir leiðsögn þess vegna breytinganna.

Þetta kemur fram í yfirlýsingu sem Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir, oddviti Tálknafjarðarhrepps, er skrifuð fyrir og var send fjölmiðlum í gær vegna umræðna um málefni grunnskóladeildar Tálknafjarðarskóla. Ráðuneytið hefur sett sig upp á móti því að Hjallastefnan reki eina grunnskólann á staðnum.



**FRÁ TÁLKNAFIRÐI** Hjallastefnan tók við rekstri grunnskólans á staðnum í haust. MYND/EGILL AÐALSTEINSSON

Jafnframt segir í yfirlýsingunni að breytingarnar á starfsemi Tálknafjarðarskóla hafi verið gerðar í góðri trú og í góðu samstarfi við foreldra. Markmið breytinganna sé að bæta skólastarfið með hagsmuni nemenda grunnskólans og samfélagsins að leiðarljósi.

Í bréfi ráðuneytisins kemur fram að Tálknafjarðarhreppi hafi í júní verið bent á að ráðherra gæti einn veitt heimild til að Hjallastefnan, sem hóf sitt starf í haust, gæti tekið við rekstri skólans. Ráðuneytið hefur vísað málinu áfram til innanríkisráðuneytisins. **- shá**

Átta voru taldir óhæfir:

## 75 í inntökupróf lögreglu

**MENNTAMÁL** Alls sóttu 84 um skólavist í Lögregluskóla ríkisins fyrir lok umsóknarfrests 23. september. Í hópnum voru 62 karlar og 22 konur, að því er fram kemur á vef lögreglunnar.

Að lokinni yfirferð valnefndar voru átta umsækjendur metnir óhæfir vegna ungs aldurs, menntunarskorts eða brotaferils. Þá dró einn umsókn sína til baka. Því hafa 75 manns, 54 karlar og 21 kona, fengið boð um að mæta í inntökupróf sem haldin verða eftir rúma viku. **- óká**









# Ein stærsta lögregluaðgerð fyrr og síðar

**Lögregla réðst inn á skipulagsfund Outlaws og á sex aðra staði vítt og breitt um suðvesturhorn landsins. Fann dóp, vopn, þýfi og bruggtæki. Sextán voru handteknir og fjórir færðir fyrir dómara í gærkvöldi, meðal annars leiðtogi klúbbsins.**

**LÖGREGLUMÁL** Fjórir meðlimir og áhangendur vélhjólasamtakanna Outlaws voru leiddir fyrir dómara í Héraðsdómi Reykjaness í gærkvöldi þar sem farið var fram á gæsluvarðhald yfir þeim. Þeir voru handteknir í risavaxinni lögregluaðgerð í fyrrakvöld sem teygði sig yfir nokkur sveitarfélög.

Farið var fram á einnar viku gæsluvarðhald yfir þremur körlum og einni konu. Þeirra á meðal er Víðir Þorgeirsson, leiðtogi samtakanna, sem kallaður er Tarfur. Hann hlaut fimm ára fangelsisdóm árið 2001 fyrir að smygla hingað rúmlega 5.000 e-töflum. Dómari tók sér frest til dagsins í dag í máli Víðis en féllst á kröfuna í málum hinna.

Málið hófst með rassíu á miðvikudagskvöld. Þá réðst gríðarlega fjölmennt lögreglulið til inngöngu á sjö stöðum; í félagsheimili Outlaws við Hvaleyrarbraut í Hafnarfirði, í heimahús í Mosfellsbæ, á Eyrarbakka og í Reykjanesbæ, á heimili Víðis í Vogum og á tveimur stöðum til viðbótar á höfuðborgarsvæðinu.

Sextán voru handteknir, langflestir í félagsheimilinu þar sem fundur samtakanna stóð yfir. Þrír voru látnir lausir fljótlega en þrettán, ellefu karlar og tvær konur, gistu fangageymslur og sættu stífum yfirheyrslum í gær.



**Í JÁRNUM** Fernt var fært fyrir dómarann í gærkvöldi en hann tók sér frest til að úrskurða um varðhaldið.

Flest er fólkið meðlimir í Outlaws eða stuðningsklúbbum samtakanna og flest hefur það komið við sögu lögreglu áður. Nokkrir hinna handteknu voru á meðal þeirra sem voru handteknir í annarri rassíu fyrir tveimur vikum sem beindist gegn Outlaws. Þá voru sjö handteknir og einn úrskurðaður í gæsluvarðhald.

Við leit lögreglu á þessum sjö stöðum var lagt hald á nokkra tugi gramma af sterkum fíkniefnum, stera, bruggtæki, landa og gambra, þýfi og margs konar eggvopn.

Að undanskilinni aðgerðinni í svonefndu Papeyjarmáli sem kom upp á Djúpavogi vorið 2009, sem um hundrað manns tóku þátt í, og ýmsum fjöldastjórnunaraðgerðum, svo sem við mótmæli, er aðgerðin í fyrrakvöld sú umfangsmesta sem íslensk lögregla hefur nokkru sinni ráðist í.

Rétt tæplega átatíu lögreglumenn tóku þátt í henni, meðal annars vopnaðir liðsmenn sérsveitar Ríkislögreglustjóra. Þá voru starfsmenn tollgæslunnar með í för með sérþjálfaða leitarhunda og auk þess sprengjuleitarhundur Ríkislögreglustjóra.

**stigur@frettabladid.is**




# Toys"R"Us®

IT DOESN'T GET BIGGER THAN THIS!

# 30% afsláttur

## af öllu playmobil




Tilboðin gilda til og með 07.10.2012. VSK er innifalinn í verði. Fyrirvarar eru gerðir vegna mögulegra prentvillna.

**AKUREYRI:** Glerártorg, sími 461 4500 ★ **GRAFARVOGUR:** Blikastaðavegur, sími 585 0600 ★ **KÓPAVOGUR:** Smáratorg, sími 550 0800

## VEISTU SVARIÐ?



1. Hvar er Aron Jóhannsson, knattspyrnumaður í AGF, fæddur?
2. Fyrir hvað stendur skammstöfunin RIFF?
3. Hvað hét trommuleikari Led Zeppelin sem lést árið 1980?

SVÖR

1. Í Bandaríkjunum 2. Reykjavík International Film Festival 3. John Bonham

Tyrkneski herinn fær heimild til hernaðar í Sýrlandi eftir árás sýrlenska hersins:

# Sýrlendingar báðust afsökunar

**TYRKLAND, AP** Tyrkneska þingið samþykkti í gær heimild til hernaðaraðgerða gegn Sýrlandi, daginn eftir að sprengjuárás frá Sýrlandi varð fimm manns að bana í Tyrklandi.

Jafnframt skutu tyrkneskir hermenn á skotmörk í Sýrlandi annan daginn í röð. Sýrlensk stjórnvöld viðurkenndu fyrir sitt leyti í gær að her þeirra hefði á miðvikudag gert árás á þorp handan landamæranna, og báðust afsökunar á. Þetta hefðu verið mistök.

Besir Atalay, aðstoðarforsætisráðherra Tyrklands, sagði að sýrlensk stjórnvöld hefðu fullvissað Sameinuðu þjóðirnar um að slíkt myndi ekki gerast aftur. Atalay tók síðan fram að heimild þingsins jafngilti ekki stríðsyfirlýsingu gegn Sýrlandi, heldur ætti hún fyrst og fremst að hafa fælingarmátt. Heimildin gefur Tyrklandi hins vegar möguleika til að senda herinn til aðgerða yfir landamærin til Sýrlands, án samráðs við önnur lönd.

Tyrkir hafa lengi beitt slíkri heimild til árása á Kúrda í norðanverðu Írak, þar sem sjálfstæðishreyfingar Kúrda hafa haft aðsetur og stundum gert árásir á Tyrki. **- gb**



**HEIMILD VEITT** Þingmenn á tyrkneska þinginu greiða atkvæði um heimildina. NORDICPHOTOS/AFP

Uppsveiflan heldur áfram:

## Gistinóttum fjölgaði í ágúst

**FERÐAÞJÓNUSTA** Gistinóttum á hótelum á Íslandi fjölgaði um átta prósent í ágúst miðað við sama mánuð í fyrra, úr 218.500 í 239.500. Þetta kemur fram í tölum Hagstofunnar.

Gistinætur erlendra gesta voru um 89 prósent af heildarfjölda gistinátta í ágúst og fjölgaði þeim um ellefu prósent samanborið við ágúst 2011. Á sama tíma voru gistinætur Íslendinga þremur prósentum færri en árið áður.

Fyrstu átta mánuði ársins fjölgaði gistinóttum á íslenskum hótelum um sautján prósent. **- þj**

Fjarskiptakönnun ESB:

## Ísland skarar fram úr í flestu

**FJARSKIPTI Ísland er langt komið með að laga fjarskiptaumhverfi sitt að lögum og regluverki ESB og stendur að flestu leyti fremst í flokki þeirra níu landa sem teljast þátttakendur í stækkunarferli sambandsins.**

**Þá er Ísland líka betur statt en flest ESB-ríki í mörgum þáttum. Þetta segir í nýútkominni skýrslu frá ESB.**

**Í skýrslunni kemur til dæmis fram að 94% Íslendinga nota netið reglulega, en meðaltal í ESB er 68%.**

**Í niðurstöðum skýrslunnar segir þó að fjárhagslegt sjálfstæði eftirlitsstofnunar hér á landi, það er Póst- og fjarskiptastofnunar, verði að auka, sem og valdheimildir hennar til að sinna hlutverki sínu.**

**Skýrsla þessi er önnur í röð fjögurra slíkra. - þj**

Mitt Romney hafði betur gegn Barack Obama í kappræðum forsetaframbjóðenda í Bandaríkjunum:

# Hikandi Obama hefur enn forskot á Romney

**BANDARÍKIN** Repúblikaninn Mitt Romney bar að flestra mati sigur úr býtum í kappræðunum við Barack Obama Bandaríkjaforseta í fyrrinótt.

Eftir erfiðar vikur þar sem stormar hafa geisað um Romney þótti hann koma vel fyrir. Hann var fastur fyrir og sótti að Obama á yfirvegaðan hátt, sérstaklega í efnahagsmálum. Hann þótti einnig reyna að færa málflutning sinn inn á miðjuna til að höfða til óákveðinna kjósenda.

Obama virkaði hins vegar að mati stjórnmálaskýrenda hikandi og þurr á manninn og nýtti sér ekki nokkur tækifæri sem hann hafði til að hanka andstæðinginn. Þó má segja að hann hafi ekki leikið alvarlega af sér og eigi því að geta rétt sinn hlut í næstu tveimur rimmum.

Skoðanakannanir sem gerðar voru á meðan kappræðurnar stóðu yfir bentu til þess að fleiri væru á þeirri skoðun að Romney hefði komist betur frá rimmunni.

Ekki er þó enn ljóst hvort ávinningur Romneys verður mikill eða varanlegur, eða hvort þetta verður til þess að snúa taflinu við, en Obama hefur haft forystu í fylgiskönnunum og stendur vel að vígi í lykilríkjunum svokölluðu.

Þá veltu margir upp þeirri spurningu hvort kappræður hefðu í raun þá vigt sem látið væri í veðri vaka. Litlar líkur væru til þess að þeir sem þegar hefðu gert upp hug sinn breyttu um stefnu og auk þess væru óákveðnir kjósendur færri í þessum kosningum en jafnan áður.

Kjördagur er 6. nóvember, en Obama og Romney eiga eftir að mætast tvisvar í viðbót í kappræðum áður en kosið verður. **- þj**



**SITT Á HVAÐ** Barack Obama þótti ekki komast vel frá kappræðunum við Mitt Romney, sem var mun frískari. NORDICPHOTOS/AFP







Kynnið ykkur nýjan & spennandi bækling

# DANSKIR DAGAR

## Í Nettó 4.- 11.október

Stútfullar verslanir af spennandi vörum!




nettó KRÆSINGAR & KOSTAKJÖR



**FJÖLMENNI Á MÚRNUM** Milljónir manna hafa lagt leið sína að Kínamúrnum í vikunni sem er mikil ferðavika í Kína, tengd þjóðhátíðardeginum 1. október. NORDICPHOTOS/AFP

Skilorðsbundið níu mánaða fangelsi vegna sérstaklega hættulegrar árásar:

# Félaginn varðist með borðplötu

**DÓMSMÁL** Maður á fertugsaldri sem veittist með hnífi að tveimur félögum sínum og svo lögreglumanni var dæmdur í níu mánaða fangelsi í Héraðsdómi Reykjaness í gær. Refsingin er skilorðsbundin í tvö ár.

Brotin áttu sér stað í maí í fyrra á heimili mannsins á Suðurnesjum. Hann otaði 19,6 sentímetra löngu hnífsblaði að félögum sínum, hótaði þeim og reyndi að stinga þá. Annar maðurinn gat varist með því að bera borðplötu fyrir sig.

Maðurinn var kærður fyrir árásina á mennina, en fallið var frá kæru fyrir brot gegn valdstjórninni með því að hafa otað hnífnum að lögreglumanni. Lögreglumaðurinn yfirbugaði manninn og handtók.

Maðurinn játaði brot sitt en hefur leitað sér aðstoðar og farið í meðferð við áfengisvanda. „Þá hefur komið fram að ákærði stundi vinnu og hafi snúið lífi sínu til betri vegar. Með hliðsjón af framangreindu þykir rétt að fresta fullnustu refsingar ákærða og ákveða að hún falli niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dómsins haldi ákærði almennt skilorð.“ -óká

### Úr dómsorðinu

„Við ákvörðun refsingar er litið til þess að atlaga ákærða var sérstaklega hættuleg þar sem hnífi var beitt og tilviljun réði að ekki fór verr. Ekkert tjón hlaust hins vegar af atlögu ákærða. Þá ber að líta til játningar ákærða og þess að hann hefur verið samvinnuþýður við rannsókn málsins,“ segir í dómi Héraðsdóms Reykjaness.

Síðasti notandinn dó:

# Skosk mállýska leið undir lok

**BRETLAND, AP** Ákveðin tímamót urðu þegar maður að nafni Bobby Hogg, 92 ára íbúi í Cromarty á Skotlandi, andaðist nú í vikunni.

Hann var síðasti maðurinn sem talaði sérstæða mállýsku, kennda við þorpið Cromarty. Þar með er þessi skoska mállýska útdauð, þótt málfræðingar hafi sankað að sér ýmsum upplýsingum um hana, að mestu byggðum á því hvernig Hogg talaði.

Þetta er þriðja mállýskan á Bretlandseyjum sem liðið hefur undir lok á síðustu áratugum. - gb




# Fólk í glæpagengjum fái ekki vopnaleyfi

**Meðlimir skipulagðra glæpasamtaka fá ekki vopnaleyfi samkvæmt frumvarpi innanríkisráðherra. Viðbrögð við ógnarvöldum slíkra hópa segir ráðherra. Grunur er um misnotkun á skammbyssum sem fluttar eru inn til íþróttaiðkunar.**

**ALÞINGI** Hverjum þeim sem er meðlimur eða í nánum tengslum við samtök sem teljast til skipulagðra glæpasamtaka verður synjað um skotvopnaleyfi, samkvæmt frumvarpi að nýjum vopnalögum. Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra mælir fyrir frumvarpinu í næstu viku.

Samkvæmt greinargerð með því segir að fyrir liggi að hópar afbrotamanna hafi á síðustu misserum lagt áherslu á að komast yfir vopn.

„Lögreglan hefur upplýsingar [um] að skammbyssum hafi verið smyglað inn í landið og þá hefur umsóknum um innflutning á skammbyssum fjölgað nokkuð frá árinu 2008. Því er það mat lögreglunnar að tryggja þurfi örugga vörslu og meðhöndlun þessara vopna. Þessa þróun má að einhverju leyti rekja til tilkomu erlendra glæpahópa hingað til lands og er því ástæða til að óttast aukna vopnaeign og vopnaburð,“ segir í greinargerðinni.



**ÖGMUNDUR JÓNASSON**

Ögmundur segir að lögin eigi að gera það refsivert að þeir sem hafi ofbeldi gagnvart öðrum á stefnuskrá sinni fái vopn í hendur.

„Við erum í slíkum heimi að við þurfum að taka ógnarvöldum skipulagðra glæpahópa alvarlega og hljótum að bregðast við því í löggjöf. Jafnframt erum við að forðast eftir megni að ganga á rétt þeirra sem eru með skotvopn undir höndum í allt öðrum tilgangi, svo sem til skotíþrótta og veiða.“

Lagt er til að sjálfvirkir og hálfsjálfvirkir rifflar og skammbyssur verði áfram bönnuð og undanþáguheimildir verði þrengdar. Það er gert vegna þess að grunur er um að ákvæðin hafi verið misnotuð, einkum um hálfsjálfvirkar skammbyssur.

„Lítið hefur sést til þessara vopna í skotkeppnum og skotæfingasvæðum hér á landi. Svo virðist sem þessi skotvopn séu ekki keypt í þeim tilgangi að stunda skotfimi þrátt fyrir að leyfið fyrir skotvopninu sé fengið með vísan til skotíþrótta.“

Þá segir að þrátt fyrir að frekari þrengingar geti talist íþyngjandi fyrir fámennan hóp séu það smávægilegir hagsmunir þegar litið sé til almannahagsmuna.

kolbeinn@frettabladid.is




**FÁ EKKI LEYFI** Samkvæmt frumvarpi til nýrra vopnalaga fær fólk í skipulögðum glæpasamtökum ekki skotvopnaleyfi. Hells Angels hafa verið skilgreind sem slík samtök. NORDICPHOTOS/AFP

### Skilgreining

*Með skipulögðum brotasamtökum er átt við félagsskap þriggja eða fleiri manna sem hefur það að meginmarkmiði, beint eða óbeint í ávinningsskyni, að fremja með skipulegum hætti refsiverðan verknað sem varðar að minnsta kosti fjögurra ára fangelsi, eða þegar verulegur þáttur í starfseminni felst í því að fremja slíkan verknað.* Úr greinargerðinni



# GÓÐUR VINUR

LEYNIST INNRA MEÐ ÖLLUM - LÍKA ÞÉR

**Tryggðu þér vinanúmer núna á sibs.is eða í síma 560 4800**

## DRÖGUM Í DAG

Við erum heppin að lifa í samfélagi sem byggir á samkennd
og eiga vini sem styðja og styrkja.
SÍBS vinir eru bakhjarlar lífsnauðsynlegrar endurhæfingar
að Reykjalundi sem byggir upp fólk eftir áföll.

500 milljónir dreifast til heppinna SÍBS vina 2012.
- veldu þér vinanúmer í síma **560 4800** eða á **sibs.is**

HAPPDRÆTTI SÍBS ... *fyrir lífið sjálft*

13.368 vinningar verða dregnir út á árinu. Miðaverð: **1.100 kr.**

H:N Markaðssamskipti / SÍA

Inga Dóra Sigfúsdóttir, prófessor og stjórnarformaður Rannsókna og greiningar

# Íslensk ungmenni skila verulegu framlagi til vísindanna

**Með því að svara könnuninni Ungt fólk hafa íslensk ungmenni skilað verulegu framlagi til vísindanna, segir Inga Dóra Sigfúsdóttir prófessor, sem hefur undanfarin tuttugu ár kannað hagi unglinga hér á landi. Í samtali við *Þórunni Elísabetu Bogadóttur* segir hún frá gagnagrunni sem notaður hefur verið til fjölmargra rannsókna, í forvarnir og stefnumótun í málefnum barna.**

Þessar rannsóknir hafa skilað sér í þágu barna og unglinga. Þegar verið er að taka ákvarðanir um börn og ungmenni eru þessar rannsóknir notaðar og það hefur verið stærsti sigurinn,“ segir Inga Dóra Sigfúsdóttir, prófessor við viðskiptafræðideild Háskólans í Reykjavík, um könnunina „Ungt fólk“ sem lögð hefur verið fyrir íslensk ungmenni í tuttugu ár. Inga Dóra er stjórnarformaður Rannsókna og greiningar, sem er rannsóknamiðstöð sem sérhæfir sig í rannsóknum á ungu fólki á Íslandi og í öðrum löndum. Ráðstefna var haldin í gær til að fagna tuttugu ára áfanganum. Íslenska rannsóknin er nú lögð fyrir í fimmtán evrópskum borgum auk þess sem hún verður í haust lögð fyrir í tveimur Afríkuríkjum.



**STÝRIR ALÞJÓÐLEGRI RANNSÓKN** Inga Dóra hefur síðustu ár undirbúið viðamikla rannsókn á því hvernig líffræðilegir og félagslegir þættir tengjast. Við rannsóknina verður stuðst við rannsóknarhefðina sem skapast hefur hjá Rannsóknum og greiningu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### Ísland hefur náð óvenjulega miklum árangri

Tilgangurinn með því að leggja könnunina fyrir er að skilja vandamál unglinga og hvernig hægt sé að draga úr áhættuhegðun þeirra og vernda þá. Inga Dóra segir að tilgangurinn sé ekki bara að safna gögnum og læra heldur vilji þau einnig geta notað niðurstöðurnar til að bæta samfélagið.

„Þessar rannsóknir hafa verið nýttar mjög mikið. Þetta er grunnur að stefnumótunarstarfi og starfi í þágu barna og unglinga og þar hefur Ísland náð óvenjulega miklum árangri. Sá árangur er núna fyrirmynd víða í Evrópu og í fleiri löndum. Almennt má segja að þessar rannsóknir dekki mörg svið. Við erum að skoða bæði líðan, hegðun einstaklinga og mjög margt annað bæði jákvætt og neikvætt í lífi og umhverfi unglinga. Margar þjóðir eru að taka þetta upp núna og átta sig á því hvað það er mikilvægt að byggja ákvarðanir og stefnumótun á góðum rannsóknum.“

### Búið að snúa vímuefnaþróuninni við

Meðal þess sem varð til þess að ákveðið var að hefja rannsóknir á högum ungs fólks var sú staðreynd að neysla á vímuefnum jókst stöðugt á tíunda áratug síðustu aldar. Þessari þróun hefur nú verið snúið rækilega við. Inga Dóra segir að unnið hafi verið með opinberum stofnunum og hagsmunaaðilum og á grunni gagnanna hafi verið þróað forvarnarstarf sem notað hefur verið síðustu árin. Auglýsingaherferðir um vímuvarnir fyrir unglinga eru því byggðar á rannsóknum á högum unglinganna sjálfra.

Þótt sá hluti rannsóknanna sem snýr að vímuefnanotkun hafi verið veigamikill er spurt um fjölmargt annað og gagnagrunnurinn nýttur til ýmislegs. Fimmtíu ritrýndar greinar sem byggja á gögnunum hafa til að mynda verið birtar í erlendum tímaritum. Andleg líðan, fjölskylduaðstæður, frístundaiðkun, heilsa, líkamsvitund, mataræði, trúarskoðanir og vinatengsl eru meðal þess sem einnig hefur verið spurt um.

### Væri ekki hægt nema með samstarfi við nemendur og skóla

Síðustu tuttugu árin hafa rannsóknirnar orðið umfangsmeiri. „Þetta hefur gengið mjög vel. Það er stór hópur fólks sem hefur komið að því að vinna þessar rannsóknir og stór hópur sem vinnur úr þeim. Bæði vísindamenn hér heima og erlendis nota svo þessi gögn til að skrifa vísindagreinar. Þannig að það má eiginlega segja að íslensk ungmenni hafi skilað verulegu í þágu vísindanna með þátttöku sinni í þessum rannsóknum á undanförnum árum. Þetta gæti ekki gengið nema af því að við erum í góðu samstarfi við skólana og unglingana sem svara.“

## Ungt fólk: neyslumynstur unglinga frá 1998-2012

**Þróun daglegra reykinga, ölvunardrykkju og notkunar á hassi meðal nemenda í 10. bekk 1998 til 2012**




### Alltaf ný viðfangsefni

„Við erum búin að gera þessar rannsóknir í tuttugu ár og þessu starfi lýkur aldrei. Heimurinn tekur svo miklum breytingum, við þurfum að vera á verði og það eru alltaf ný viðfangsefni sem þarf að rannsaka.“ En hvernig munu þessar rannsóknir þá þróast á næstunni? „Við munum fara í nokkrar áttir ef svo má segja. Í fyrsta lagi munum við fara með þetta sem kallað er íslenska módelið í vímuvörnum til fleiri landa og það verður notað sem grunnur forvarnarstarfs. Við erum einmitt að fara til Færeyja á morgun [í dag] þar sem staðan í vímuefnaneyslu unglinga er ekkert ósvipuð og hún var hér fyrir fimmtán árum. Færeyingarnir eru að spyrja hvernig við náum svona góðum árangri og hvort þeir geti gert það sama.“

> Við erum búin að gera þessar rannsóknir í tuttugu ár og þessu starfi lýkur aldrei.

### Ísland hentar vel fyrir alþjóðlega rannsókn

Þá segir Inga Dóra að þetta forvarnamódel verði yfirfært og þróað yfir á fleiri svið, til dæmis til að efla heilsu ungs fólks.

„Undanfarin tvö ár hef ég verið að undirbúa viðamikla rannsókn sem byggir á þessari rannsóknarhefð okkar. Þar munum við í samstarfi við vísindamenn í Bretlandi og Bandaríkjunum skoða það hvernig líffræðilegir þættir og félagslegir þættir tengjast. Nýjar rannsóknir sýna að það að búa við erfiðar aðstæður í æsku hefur ekki bara áhrif á hegðun og tilfinningar okkar heldur hefur það beinlínis áhrif á líkamann okkar. Ónæmiskerfi þeirra barna sem búa við erfiðar aðstæður í æsku er veikara en annarra barna.“ Hópi barna sem fædd eru árið 2000 verður fylgt eftir í rannsókninni, en aðstæður þeirra verða skoðaðar frá því fyrir fæðingu. Inga Dóra segir Ísland henta vel til rannsóknarinnar þar sem upplýsingar um hvern einstakling liggi fyrir. Á unglingsárum munu rannsakendur hitta börnin, leggja fyrir þau spurningalista og fá frá þeim munnvatnssýni til að geta metið hvernig umhverfið hefur áhrif á heilsu, líðan og hegðun þeirra.

„Þannig að við í samstarfi við frumkvöðla á þessu sviði ætlum að nýta okkur rannsóknarhefðina og ætlum að gera rannsókn á árgangi íslenskra barna þar sem við munum skoða hvaða áhrif aðstæður hafi, ekki bara á tilfinningar og hegðun, heldur líka á líffræðilega þætti. Og síðast en ekki síst, að nota reynsluna okkar úr forvarnastarfinu til að sjá hvort hægt sé að snúa neikvæðum áhrifum við eða jafnvel koma í veg fyrir neikvæð áhrif.“



11.–16. október

## Alicante

Fimm nætur, umkringdar sól

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn, frá: **54.990 kr.**

Innifalið er flug með sköttum og gisting á Hótel Maya í 5 nætur með morgunverði.



9.–16., 18.–25. október

## Alicante

Vikuferð í sól og sælu

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn, frá: **59.990 kr.**

Innifalið er flug með sköttum og gisting á Hótel Maya í 7 nætur með morgunverði.



12.–15. október og 30. nóv.–3. des.

## Brighton

Fegursta borg Bretlands

Verð á mann í tvíbýli, frá: **59.800 kr.**

Innifalið er flug með sköttum og gisting á Jurys inn í 3 nætur með morgunverði.

# Léttu á **haustinu!**

22.–26. október

## Berlín

Haustferð í höfuðbólið

Verð á mann í tvíbýli, frá: **59.500 kr.**

Innifalið er flug með sköttum og gisting á Lenardo City Sud í 4 nætur með morgunverði.



7.–10. desember

## Berlín

Aðventuferð með Óttari Guðmundssyni

Verð á mann í tvíbýli, frá: **79.900 kr.**

Innifalið er flug með sköttum, gisting á Leonardo Royal Hótel Berlín í 3 nætur með morgunverði og íslensk fararstjórn.



2.–5. nóvember

## Berlín

Einstök og fróðleg ferð með Hjálmari Sveinssyni

Verð á mann í tvíbýli, frá: **79.900 kr.**

Innifalið er flug með sköttum og gisting á Leonardo Hotel Berlín í 3 nætur með morgunverði og íslensk fararstjórn.



**WOW FERÐIR VIÐ ALLRA HÆFI**

Við bjóðum fjölbreyttar og spennandi pakkaferðir til allra áfangastaða WOW air. Fjölda sérferða, borgarferða, golfferða, skíðaferða, leikhús- og menningarferða af ýmsum toga, með og án fararstjóra. Viltu fá upplýsingar eða tilboð vegna árshátíða, eða er kominn tími á hvataferð fyrir þitt starfsfólk? Við erum við símann.

wowtravel.is

WOW air TRAVEL

WOW travel | Höfðatún 12 | 105 Reykjavík | 590 3000 | wowtravel@wowtravel.is

# Heilsudagar! Betra bak leggur



Október-
hátíð

12
mánaða
vaxtalaus lán
á stillanlegum
rúmum*

* 3,5% lántökugjald

Tempur
dýnur,stillanlegur
botn og lappir
**170.000**
**kr. afsláttur**
2x80x200

AÐEINS
**49.900.-**
afb. á mánuði í
12 mánuði

**Tempur® Cloud**
heilsurúm 180 x 200 cm
**Afsláttarverð Kr. 379.800,-**
**Verð áður 469.800,-**

## Upplifðu þægindi, upplifðu stuðning, upplifðu TEMPUR®

Þegur þú sefur á TEMPUR heilsudýnu, hvílast hryggur og liðir í sinni náttúrulegu stöðu. Vaknaðu upp endurnærð(ur) og tilbúin(n) í átök dagsins.

TEMPUR DÝNUR OG KODDAR
Októberhátíð!
Afsláttur af
öllum Tempur
rúmum.

Dýna, botn og lappir
**90.000**
**kr. afsláttur**
180x200



TEMPUR DÝNUR OG KODDAR

## Stillanlegt og þægilegt!

TEMPUR DÝNUR OG KODDAR



Charlotte & Julien
Dream your world

## Stillanleg heilsurúm!
Fyrir þínar bestu stundir.

TEMPUR® Orginal eða Cloud heilsudýna á C&J stillanlegum botnum. 2x80x200 cm.

**Afsláttarverð Kr. 579.875,-**

Verð 749.875,- **Þú sparar 170.000,-**

Einnig til í stærðum 2x90, 2x100, 120 og 140 cm

## Upplifðu þægindi, upplifðu stuðning, upplifðu TEMPUR®

## Vönduð heilsurúm

**Chiro Deluxe**

| Dýna, botn og lappir | Afsláttarverð |
|---|---|
| 160x200 - kr. 280.900,- | 220.900,- |
| 180x200 - kr. 329.900,- | 259.900,- |

**Chiro Deluxe**
- Mjúkt, slitsterkt bómullaráklæði
- 8 cm Latex heilsuyfirdýna
- Eurotop® betur nýttur svefnflötur
- 5 svæðaskipt gormakerfi
- Steyptar kantstyrkingar
- Val um 5 liti á botni
- Val um 3 gerðir af löppum



grunn að góðum degi.

TEMPUR
DÝNUR OG KODDAR



á frábæru verði!

Dýna, botn og lappir
**70.000 kr. afsláttur**
180x200

Dýna, botn og lappir
**60.000 kr. afsláttur**
160x200



## Er hlýtt undir sænginni þinni?



**FLUFFY-DÚNSÆNGIN!**

**Afsláttarverð**
**aðeins kr. 41.900,-**
**Þú sparar 10.475 kr.**

Ekta hlý og mjúk dúnsæng fyllt með 800 gr. af dúnmjúkum Síberíu-gæsadún

**20% afsláttur í okt.**



**TempraKON®**

Nú bjóðum við 20% afslátt af allri TempraKon® vörulínunni

95% gæsadúnn

**20% afsláttur í okt.**

**Betra BAK**

• Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566 • Opið virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Það á ekki að þurfa að biðja um opinber gögn:

## Gegnsærri stjórnsýsla á netinu

Í Fréttablaðinu í fyrradag voru tvær fréttir sem snúa að rafrænni stjórnsýslu sveitarfélaga.

Annars vegar hefur Hafnarfjarðarbær ákveðið að í stað þess að setja eingöngu fundargerðir bæjarstjórnar og nefnda og ráða bæjarins á vef bæjarins verði skjöl sem tengjast ákvörðunum á fundum gerð aðgengileg almenningi á netinu.

Hins vegar var sagt frá því að borgarstjórn Reykjavíkur hefði samþykkt tillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að upplýsingar um allar kostnaðargreiðslur borgarinnar yrðu gerðar almenningi aðgengilegar á netinu.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Þetta eru hvort tveggja merkilegar ákvarðanir, sem brjóta blað í rafrænni stjórnsýslu og eru líklegar til að verða öðrum sveitarfélögum og ekki síður ríkinu og stofnunum þess fyrirmynd.

Stjórnsýslu- og upplýsingalög kveða á um aðgang almennings að gögnum stjórnsýslunnar en til þessa hefur fólk þurft að biðja sérstaklega um þau, í stað þess að þau séu einfaldlega gerð öllum aðgengileg. Þar hefur ráðið gömul hugsun frá því fyrir daga internetsins. Nýja hugsunin á að sjálfsögðu að vera þessi: Ef upplýsingarnar eru opinberar og ekkert leyndarmál á að birta þær strax og þær eru tilbúnar. Fyrir ríki og sveitarfélög getur það jafnvel verið ódýrara að gera það þannig en að eyða vinnu í að tína sérstaklega til gögn sem almenningur eða fjölmiðlar biðja um.

Breytingar af þessu tagi munu auðvelda fjölmiðlum vinnu þeirra við að upplýsa almenning. Blaðamenn átta sig á því þegar þeir þurfa að fást við ýmsar erlendar ríkisstofnanir, til dæmis dómstóla, hvað sambærilegar stofnanir hér á landi eru skammt á veg komnar í birtingu gagna sem eiga erindi við almenning.

Um leið mun umfangsmikil birting gagna á netinu að sumu leyti gera fjölmiðlana að óþörfum millilið stjórnsýslunnar og almennings. Hver sem er getur nálgazt gögn stjórnsýslunnar og vakið athygli á þeim, til dæmis á eigin bloggi, á samfélagsmiðlum og þar fram eftir götunum.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík vitna til reynslunnar af „gegnsæisgáttum“ sem settar hafa verið á fót hjá sveitarfélögum, í einstökum ríkjum og hjá alríkisstjórninni í Bandaríkjunum og jafnframt hjá Lundúnaborg og Evrópusambandinu. Sum ríki í Bandaríkjunum birta alla reikninga sem þau greiða á netinu og milljónir Bandaríkjadala sparast árlega vegna ábendinga sem berast frá almenningi og fjölmiðlum vegna bætts aðgangs að upplýsingum.

„Með því að setja opinber útgjöld þannig undir smásjá almennings og fjölmiðla er líklegt að meðferð opinbers fjár batni og verulega dragi úr hvers konar eyðslu, spillingu og svindli í kerfinu,“ segir í greinargerð tillögunnar.

Þetta er kjarni málsins. Gegnsæi stjórnsýslunnar eykur aðhald almennings og fjölmiðla. Slíkt aðhald er líklegt til að bæta stjórnsýsluna og spara peninga. Við þurfum meira svona.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871




**Útgefendur, félagasamtök, prentsmiðjur og ritfangaverslanir**

Bjóðum fjölbreyttasta úrval landsins af kortaumslögum

Kortaumslögin frá Blake eru framleidd úr hágæða umhverfisvænum pappír

HEILDSÖLUBIRGÐIR og sérpantanir

Leitið tilboða

PORT hönnun

hvítlist

Krókhálsi 3 | 110 Reykjavík | Sími 569 1900 | www.hvitlist.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Réttur maður á réttum stað

Jón Baldvin Hannibalsson ritaði fallega grein um Jóhönnu Sigurðardóttur á Eyjuna í gær í tilefni sjötugsafmælis hennar. Greininni lýkur hann á þessum orðum: „Niðurstaðan er, að Jóhanna var réttur maður á réttum stað á réttum tíma. Og hún brást ekki.“ Jón Baldvin og Jóhanna háðu marga hildi í Alþýðuflokknum á tíunda áratuginum og þá hefðu menn þurft að láta segja sér það tvisvar að hann myndi einn daginn skrifa á svo fallegum nótum um þennan gamla fjandvin sinn.



### Fjögur ár af 34

Hins vegar er athyglisvert að í grein þar sem stjórnmálaferill Jóhönnu Sigurðardóttur er rifjaður upp skuli einungis tvisvar tæpt á einhverju sem gerðist fyrir forsætisráðherratíð hennar; annars vegar því þegar hún sagði að hennar tími myndi koma árið 1994 og hins vegar að hún hafi átt sæti í hrunstjórninni. Varla hefur Jón Baldvin gleymt því að Jóhanna hefur verið í stjórnmálum í 34 ár, stofnaði stjórnmálaflokk og var ráðherra í sjö ár í ríkisstjórnum þriggja forsætisráðherra árin 1987 til 1994?



### Seint gripið í rass

Núna, á haustmánuðum 2012, eru menn farnir að velta því fyrir sér hvort prófkjörsframbjóðendur ársins 2010 hafi gerst brotlegir við lög með því að skila ekki inn upplýsingum um styrkveitendur. Ríkissaksóknari hefur sent bréf til Ríkisendurskoðunar, sem hefur eftirlit með fjármálum prófkjörsframbjóðenda, og bent á að málin séu reyndar líklega öll fyrnd að lögum og því verði tæpast hægt að sekta slóðana. Þessu hefðu menn gjarnan mátt glöggva sig á fyrr.

stigur@frettabladid.is

## HALLDÓR




## 0-0-1 í Afríku

Hjálparstarf



Þórir Guðmundsson
sviðsstjóri hjálparstarfssviðs Rauða krossins

Morgunverður, hádegisverður, kvöldverður. Þessar alþjóðlegu matarvenjur halda okkur á lífi, gefa okkur starfsorku og eiga að duga okkur til lífs. Fólkið sem ég heimsótti nýlega í Vestur-Afríku þarf líka að borða þrisvar á dag til að halda sér gangandi en getur það ekki alltaf.

Þegar sultarólin herðist tala menn um 0-0-1. Þá er enginn morgunmatur, enginn hádegismatur, eingöngu kvöldmatur. Nú er hungurtímabilið, vikurnar eða mánuðirnir frá því uppskeran frá í fyrra var uppurin og fram að næstu uppskeru.

Í Gambíu varð nær algjör uppskerubrestur í fyrra, líkt og víðar á Sahelsvæðinu. Sjálfsþurftarbændur fengu aðeins einn fimmta af venjulegri hrísgrjónauppskeru. Hungurtímabil sumra, sem er venjulega einn til tveir mánuðir, varð fjórir til fimm.

Í Síerra Leóne skildi harðvítug borgarastyrjöld landið eftir sem rjúkandi rúst. Tugþúsundir ungmenna búa við ömurlegar aðstæður, munaðarlaus, atvinnulaus og vonlítil. Skólakerfið getur ekki tekið við þeim og fyrir þeim liggur að ráfa svöng um götur bæja og borga, verða byrði á frændfólki eða strita í námum myrkranna á milli.

Í báðum þessum löndum hefur almenningur á Íslandi í gegnum Rauða krossinn gert nokkuð til að milda þjáningar þeirra verst stöddu.

Í Gambíu tókst okkur í sumar að dreifa hrísgrjónaútsæði til 40 þúsund manna sem sáu annars fram á að geta ekki einu sinni plantað, og þar með ekki fengið neina uppskeru í október. Um sex þúsund fengu líka mat til að þrauka versta hungurtímabilið.

Á hverju ári gefur Rauði krossinn á Íslandi 150 nauðstöddum ungmennum í Síerra Leóne tækifæri til náms, sem gerir þeim kleift að koma undir sig fótunum í einu fátækasta landi heims. Í mennta-athvarfi Rauða krossins í Moyamba fá krakkarnir eina heita máltíð um miðjan dag.

Laugardaginn 6. október hvetur Rauði krossinn almenning til að ganga til góðs. Þú getur fundið söfnunarstöð í hverfinu þínu eða skráð sig í gönguna á gongumtilgods.is. Stutt og gleðileg laugardagsganga með rauðan bauk gerir okkur kleift að hjálpa börnum í neyð. Aðstoðin gefur börnum von og fleiri geta sagst næra sig 1-1-1.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* og Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Að tala niður gjaldeyrishöftin

Í DAG

Pawel Bartoszek

Stærðfræðingur



Eflaust má velta því fyrir sér frá einhverjum vinkli hvað heppilegt sé að pólitíkusar og seðlabankamenn segi um gjaldmiðilinn. En athyglisverða spurningin í þessu er auðvitað ekki „Hvað má segja?“

heldur „Hvað er satt?“ Ef keisarinn er nakinn þá er hann nakinn, sama þótt það kunni að vera óheppilegt fyrir mannorð hans. Það að til séu stjórnmálamenn sem skipta vilji krónunni út fyrir annan gjaldmiðil er ekki hennar stærsta vandamál.

Spyrjum okkur einfaldrar spurningar: Er krónan góður gjaldmiðill?

Hvaða kröfur ættum við sem launþegar og neytendur að gera til gjaldmiðils? Tvennt kemur upp í hugann. Í fyrsta lagi ætti að vera hægt að kaupa hluti fyrir gjaldmiðilinn. Í öðru lagi ætti gjaldmiðillinn að vera svipað mikils virði frá einum degi til annars.

Það er líka hægt að spyrja: Hvað er til merkis um að gjaldmiðill sé vondur? Vondir gjaldmiðlar eru gjarnan í frjálsu falli, gagnslausir utan heimalandsins, og stundum hvort tveggja í einu. Sem barn bjó ég í landi með mjög vondan gjaldmiðil. Ekki hélt ég að ég þyrfti að endurtaka þá reynslu á fertugsaldri.

Hver sem vill getur slegið „USD to UAH“ inn í Google-leitarvélina, til að komast að því hve margar úkraínskar hrívnur sé hægt að fá fyrir einn bandarískan dollara. Google-leitarvélin treystir sér hins vegar ekki til að svara því hve margar íslenskar krónur fáist fyrir dollara.

Hún gerði það einu sinni en hún gerir það ekki lengur. Lái henni hver sem vill.

Krónan fellur þannig á fyrri hluta prófsins. Þökk sé gjaldeyrishöftunum er til dæmis ekki auðvelt að kaupa íbúð í Berlín eða bíl á Ítalíu. Það er ömurlegt. Menn sitja við tölvu allan daginn að reyna að vinna sér inn pening til þess eins að einhverjir stjórnmálamenn og skriffinnar ákveði hverju megi eyða honum í. Og þeir hika ekki við að skipa mönnum að eyða honum á landsvæði sem 0,005% heimsins búa á.

Þetta er svipað og ef maður kæmist að því um sjötugt að ævisparnaðurinn væri alls ekki inneign í peningum heldur, til dæmis, gjafakort í hjólabúð.

Gott og vel. Staðan er kannski ekki jafnvond og í Íran, Kúbu, eða Simbabve. Það er hægt að taka út úr hraðbönkum í útlöndum, borga smáræði með kreditkorti á netinu og fyrirtæki geta flutt inn vörur frá útlöndum með leyfi stjórnvalda. En staðan er ekki góð. Krónan er ekki fyrsta flokks gjaldmiðill og ekki annars flokks heldur. Og við eigum að gera kröfu um fyrsta flokks gjaldmiðil.

Nú er auðvitað hægt að ljúga því að sér og öðrum að gjaldeyrishöftin séu bara tímabundin aðgerð, afleiðing hrunsins og þeirra „sérstöku aðstæðna“ sem uppi eru í efnahagslífinu. Þá ber að huga að tvennu. Í fyrsta lagi getur „stutt frá hruni“-afsökunin ekki dugað endalaust.

> Þetta er svipað og ef maður kæmist að því um sjötugt að ævisparnaðurinn væri alls ekki inneign í peningum heldur, til dæmis, gjafakort í hjólabúð.

Árin frá bankahruninu eru orðin fjögur. Það er ekki skammur tími. Það er eins og fyrri heimsstyrjöldin. Mér segir svo hugur um að þessi lota gjaldeyrishaftanna muni vara í nokkur ár til viðbótar.

Í öðru lagi hefur öll saga krónunnar verið meira og minna saga einhvers konar gjaldeyrishafta, ef áratugurinn fyrir bankahrunið er undanskilinn. Árangurinn er svipaður hvað verðbólgu varðar. Við búum kannski ekki við stanslausa óðaverðbólgu, en staðan er ekki góð og ekki einu sinni næstum því góð. Það vantar ekki þá menn sem halda því fram að hægt sé að stýra gjaldmiðlinum betur nú með því að festa krónu hér, skera af núll þar, tryggja eitthvað, lofa einhverju öðru og reka ríkissjóð af ábyrgð það sem eftir. En vandinn felst alltaf í trúverðugleika slíkra lausna.

Það kann að virka hart að segja að krónan sé ekki góður gjaldmiðill en það er samt satt. Hún er svo slöpp að við megum ekki kaupa hluti í útlöndum án eftirlits til að afhjúpa ekki hve verðlaus hún er. Svo lengi sem við höfum krónuna munum við annað hvort búa við gjaldeyrishöft eða hótun um gjaldeyrishöft. Lífið er of stutt í svoleiðis vitleysu.

## AF NETINU

### Á Jón Gnarr Orkuveitu Reykjavíkur?

Orkuveitan er fyrirtæki í eigu almennings, sem ekki bara stendur straum af öllum kostnaði við rekstur hennar, heldur hefur hann líka þurft að axla skuldirnar gríðarlegu sem virðast stafa af því að forráðamenn fyrirtækisins gerðu tóma vitleysu á nokkurra ára tímabili. Reykjavíkurborg, Akraneskaupstaður og Borgarbyggð eru stofnanir sem eiga að starfa eingöngu í þágu þess almennings sem býr á þessum stöðum. Hvernig í ósköpunum stendur á því að umrædd skýrsla er ekki strax kynnt hinum raunverulegu eigendum, þ.e.a.s. almenningi?

Ég er hræddur um að svarið sé hið sama og yfirleitt þegar opinberar upplýsingar eru annars vegar á Íslandi: Fólk í valdastöðum telur að völdin séu þess til að ráðskast með, og að afskipti almennings séu fyrst og fremst truflun í starfi þess.

http://blog.pressan.is

Einar Steingrímsson

# Eflum háskóla- og vísindastarf

Menntamál

Katrín Jakobsdóttir

mennta- og menningarmálaráðherra



Með frumvarpi til fjárlaga ársins 2013 er stigið fyrsta skref íslensks háskóla- og vísindasamfélags út úr kreppunni. Frumvarpið gerir ráð fyrir að framlög til samkeppnissjóða á sviði rannsókna og tækniþróunar hækki um samtals 1,3 milljarða króna. Þar vegur þyngst hækkun á framlagi til rannsóknarsjóðs, tækniþróunarsjóðs og á framlagi til markáætlunar á sviði vísinda og tækni. Er þessi hækkun í samræmi við stefnu vísinda- og tækniráðs um eflingu samkeppnissjóða.

Með hruninu árið 2008 brustu allar forsendur fyrir opinberum útgjöldum og hefur meginverkefni stjórnvalda síðan verið að skapa langtímaforsendur fyrir velferðar- og þekkingarsamfélagi á Íslandi. Sú vinna hefur kallað á forgangsröðun á öllum sviðum ásamt umtalsverðum niðurskurði, m.a. til háskóla- og vísindamála. Þannig hafa tæpir 3,5 ma. kr. verið teknir út úr háskólakerfinu frá 2008 til 2012. Þrátt fyrir niðurskurð undanfarinna ára hafa háskólarnir tekið á sig aukna ábyrgð sem sést á því að nú stunda yfir tvö þúsund fleiri nemendur háskólanám en fyrir hrun. Þannig hafa þeir lagt sitt af mörkum til þess að íslenskt samfélag komi betur menntað og þar með sterkara út úr kreppunni. Við fjárlagagerð undanfarinna ára hefur forgangsröðun verið í þágu Háskóla Íslands enda er hann burðarstoð íslenska háskóla- og vísindasamfélagsins. Eigi að síður hefur hann tekið á sig stærsta hluta niðurskurðarins eða 2,3 ma. kr. og mesta nemendafjölgun.

Það dylst engum að háskólakerfið á Íslandi er, og hefur reyndar verið frá því fyrir hrun, undirfjármagnað. Árið 2009 kostaði hver háskólanemi ríflega þriðjungi minna á Íslandi en meðaltal OECD-ríkja og meðalframlög á hvern háskólanema í Noregi og Svíþjóð voru helmingi hærri en á Íslandi. Það er ljóst að við þetta ástand verður ekki búið mikið lengur. Það er mikilvægt að eflingu samkeppnissjóðanna verði fylgt eftir með auknum framlögum til háskólanna. Þar verður að byrja á að tryggja þeim framlög í samræmi við þá nemendafjölgun sem orðið hefur á undanförnum árum. Ég legg á það mikla áherslu að þetta verði gert strax í fjárlögum næsta árs leiði endurskoðun efnahagsforsenda fjárlagafrumvarpsins til þeirrar niðurstöðu að svigrúm sé til aukinna útgjalda. Næsta verkefni er svo að tryggja eðlilega fjármögnun háskólakerfisins til framtíðar með því að hækka grunnframlög til háskólanna.

> Það dylst engum að háskólakerfið á Íslandi er, og hefur reyndar verið frá því fyrir hrun, undirfjármagnað.

Gallerí Fold 1992–2012

Listmunauppboð í Gallerí Fold

mánudaginn 8. október, kl. 18
í Gallerí Fold, á Rauðarárstíg



Georg Guðni

Á uppboðinu verður gott úrval verka samtímalistamanna svo og fjöldi frábærra verka gömlu meistaranna.

Verkin verða sýnd í dag föstudag 10–18, laugardag 11–17, sunnudag 12–17, mánudag 10–17

Hægt er að skoða uppboðsskrána á myndlist.is

LISTMUNASALA fold

Rauðarárstígur 14 · sími 551 0400 · www.myndlist.is

Hluthafafundur Tryggingamiðstöðvarinnar hf.

Stjórn Tryggingamiðstöðvarinnar hf., kt. 660269-2079, boðar til hluthafafundar, sem haldinn verður á skrifstofu félagsins við Síðumúla 24, Reykjavík, að morgni föstudags, 12. október 2012, kl. 9.

Dagskrá fundarins er eftirfarandi:

1. *Tillaga um samþykki kaupa eigin hluta.*
2. *Tillaga stjórnar um lækkun hlutafjár til að jafna eigin hluti.*
3. *Önnur mál, löglega upp borin.*

Fundargögn og tillögur stjórnar eru hluthöfum aðgengileg á skrifstofu félagsins.

Reykjavík, 5. október 2012,

*stjórn Tryggingamiðstöðvarinnar hf.*

Tryggingamiðstöðin Síðumúla 24 Sími 515 2000 tm.is

AF NETINU

### Galopnir til kosninga

Nú erum við komin að þeim stað í íslenskum stjórnmálum að farið er að tala um að flokkar gangi „opnir“ til kosninga.
Þetta þýðir að við, kjósendur, fáum ekkert að vita um hvað þeir ætlast fyrir eftir kosningarnar.
Nú er einkum einblínt á Samfylkinguna. Hún gæti orðið í lykilstöðu eftir kosningar. Jóhanna útilokaði nánast að hún myndi vinna með Sjálfstæðisflokknum, formannsefnið Árni Páll segist geta unnið með hverjum sem er. Orð hans fá nokkuð góðar undirtektir meðal Samfylkingarfólks.

http://eyjan.pressan.is

**Egill Helgason**




# Mörg er matarholan

Landbúnaður

**Þórólfur Matthíasson**
hagfræðiprófessor



Nýlega bárust fréttir af því að íslenska ríkið hefði tapað máli sem var höfðað vegna ákvörðunar Jóns Bjarnasonar, þáverandi landbúnaðarráðherra, frá árinu 2009. Með alþjóðasamningum er Ísland skuldbundið til að heimila innflutning örfárra tonna af nánar tilteknum flokkum landbúnaðarvara ár hver. Jón ákvað að hækka ofurtolla sem þegar voru lagðir á þennan innflutning. Tollar takmarka innflutning og hækka það verð sem innlendir framleiðendur geta selt afurðir sínar á. Ofurtollar og ofurofurtollar stoppa innflutning og gefa innlendum framleiðendum frjálsar hendur um verðlagningu afurða sinna. Héraðsdómur hefur nú komist að þeirri niðurstöðu að Jón hafi gengið of langt í stuðningi við innlenda framleiðendur. En hvert er umfang þessa stuðnings?

Alþjóða efnahagsmálastofnunin (OECD) tekur árlega saman upplýsingar um beinan og óbeinan stuðning við landbúnað í aðildarlöndum sínum. Nýjustu upplýsingar stofnunarinnar ná til ársins 2011. Í töflu 1 er sýnt hversu verðmæt innflutningsverndin var íslenskum framleiðendum mjólkur, svínakjöts, kjúklinga og eggja á því ári. Taflan sýnir einnig heildarsölutekjur bænda vegna verslunar með þessar afurðir árið 2011.

Tafla 1 ber með sér að neytendur hafi greitt mjólkurframleiðendum sem svarar tæpum 2 milljörðum króna meira fyrir mjólkurafurðir en þeir hefðu greitt hefði innflutningur verið hindrunarlaus. Sömuleiðis að 30% af tekjum svínabænda séu til komin vegna innflutningshindrana. Alifuglabændur njóta síðan mesta hagræðisins af innflutningstakmörkunum, milli 6 og 7 af hverjum 10 krónum sem þeir fá fyrir afurðir sínar eru tilkomnar fyrir tilstilli löggjafans.

Margir stjórnmálamenn rökstyðja stuðning við innflutningstakmarkanir á landbúnaðarafurðum með vísan til byggðasjónarmiða og atvinnusjónarmiða. Það er því fróðlegt að skoða hversu miklum fjármunum er í raun varið á hvert ársverk í þessum greinum.

Í nafni sanngirni verður að nefna að OECD telur beingreiðslur til mjólkurframleiðslunnar nema tæpum 5 milljörðum á árinu 2011, þannig að heildarstuðningur neytenda og skattgreiðenda á hvert ársverk í mjólkurframleiðslu er nær 3,5 milljónum króna.

Þessar tölur vekja ýmsar spurningar. Framleiðsla kjúklinga, eggja og svínakjöts er lítil sem engin í þeim byggðum sem höllustum fæti standa. Þeir 3 milljarðar króna sem fluttir eru frá neytendum til eigenda svína- og kjúklingabúa skipta því litlu máli sem byggðastyrkur. Þeir skipta líka nánast engu máli í atvinnulegu tilliti. Starfsmenn sem koma að þessari framleiðslu ná því ekki að vera 200. En hvað sem um þessar tilfærslur má segja eru þær fyrst og fremst allt of miklar.

**Tafla 1**

**Verðmæti innflutningsverndar og verðmæti framleiðslu valinna landbúnaðarafurða á Íslandi 2011. Upplýsingar frá OECD.**

| Afurð | Verðmæti innflutningsverndar, milljónir kr. | Verðmæti framleiðslunnar, milljónir kr. | Markaðsstuðningur sem hlutfall verðs til bænda, % |
|---|---|---|---|
| Mjólk | 1.995 | 9.618 | 21 |
| Svínakjöt | 665 | 2.188 | 30 |
| Kjúklingar | 1.788 | 2.649 | 67 |
| Egg | 551 | 955 | 58 |
| Samtals | 4.999 | 15.410 | 32 |

**Tafla 2**

**Verðmæti innflutningsverndar jafnað á ársverk, áætlun höfundar með hliðsjón af upplýsingum frá Hagstofu Íslands og Hagþjónustu landbúnaðarins**

| Afurð | Áætlaður fjöldi ársverka | Fjárhæð á ársverk |
|---|---|---|
| Mjólk | 2.000 | 997.500 kr. |
| Svínakjöt | 83 | 8.012.048 kr. |
| Kjúklingar og egg | 95 | 24.621.053 kr. |




# Samkeppnisreglur eru mikilvægar

Samkeppni

**Vilmundur Jósefsson**
formaður Samtaka atvinnulífsins



Samtök atvinnulífsins hafa birt tillögur sem miða að því að skýra samkeppnislögin og bæta framkvæmd þeirra. Tillögurnar miða að auknu samstarfi stjórnvalda og atvinnulífs til að styrkja stöðu samkeppnisreglna. Tilgangurinn er að auðvelda fyrirtækjum að átta sig á inntaki laganna. Óskað er eftir almennum leiðbeiningum um hvernig unnt sé að meta hvort fyrirtæki hafi náð markaðsráðandi stöðu. Það er sjaldnast ljóst hvenær því marki er náð. Það getur verið háð því hvernig yfirvöld skilgreina markaði en fordæmi liggja sjaldnast fyrir. Er íslensk bókabúð í samkeppni við erlendar vefverslanir?

Leiðbeiningar samkeppnisyfirvalda eru sérstaklega mikilvægar því íslensk fyrirtæki vilja síst af öllu brjóta samkeppnislög með álitshnekki og kostnaði sem því fylgir. Samkeppnislöggjöfin er mjög mikilvæg öllu atvinnulífinu til að þeir sem telja á sér brotið á markaði geti fengið skjóta úrlausn sinna mála. Það er ekki síður mikilvægt fyrir þá sem eru til rannsóknar.

Annað meginefni tillagna SA er að samkeppnisreglur verði hér sambærilegar við það sem gengur og gerist á Evrópska efnahagssvæðinu. Af og frá er að halda því fram, eins og forstjóri Samkeppniseftirlitsins gerði á opnum fundi SA í vikunni, að Evrópureglurnar séu sniðnar að hagsmunum stórfyrirtækja. Hafa verður í huga að íslensk fyrirtæki eru langflest smá í erlendum samanburði. Það er ástæða til að hafa áhyggjur af því að forstjórinn virtist í orðum sínum leggja sérstaka fæð á það sem hann kallar stærri fyrirtæki sem vilji starfa í friði fyrir Samkeppniseftirlitinu og að Samtök atvinnulífsins dragi taum þeirra sérstaklega.

Þessi orð eru fjarri öllu lagi, Samtök atvinnulífsins berjast fyrir hagsmunum allra fyrirtækja, stórra sem smárra. Samtökin gæta að hag fyrirtækja sem vaxið hafa og dafnað í samræmi við lög og rétt og gæta líka að því að óstofnuð fyrirtæki búi við sanngjarnar leikreglur sem samræmast því sem gengur og gerist í kringum okkur.

> Það er ástæða til að hafa áhyggjur af því hvað forstjóri Samkeppniseftirlitsins bregst illa við málefnalegum athugasemdum SA við samkeppnislögin og framkvæmd þeirra…

Það er ástæða til að hafa áhyggjur af því hvað forstjóri Samkeppniseftirlitsins bregst illa við málefnalegum athugasemdum SA við samkeppnislögin og framkvæmd þeirra og spyrnir fast við fótum til að halda í séríslenskar reglur sem einungis geta orðið til að seinka nauðsynlegum efnahagsbata og koma í veg fyrir hraðari endurreisn atvinnulífsins. Hann virðist telja sig handhafa hins endanlega sannleika í málinu. Samtök atvinnulífsins hafa sett fram hógværar tillögur sem miða að því að samkeppnislög og framkvæmd þeirra verði svipuð og í samkeppnisríkjunum. SA vilja ræða við stjórnvöld um breytingar og munu fylgja málinu eftir.

# Allt í plasti!

**MÚRBÚÐARVERÐ**



G 201 með hjólum **108** lítra 71x52x44cm **2.990,-**
G 301 með hjólum **150** lítra **3.990,-**



G 002 með hjólum **52** lítra 58x42x34cm **1.990,-**
G 003 með hjólum **28** lítra 49x36x28cm **1.150,-**



G 8855 **42** lítra 53x37x31cm **1.590,-**



G 7755 **42** lítra 53x37x31cm **1.690,-**
G 7756 **64** lítra 61x42,5x35cm **1.990,-**



G 7803 **6** lítra 28,5x20x18,5cm **450,-**
G 7805 **23** lítra 50x33,5x27cm **1.299,-**



G 801 **18** lítra 43x28x23,5cm **790,-**
G 802 **11** lítra 35,5x24x20,5cm **590,-**
G 803 **6** lítra 28,5x20x18,5cm **399,-**
G 804 **2,5** lítra 23x16x14cm **299,-**
G 805 **23** lítra 50x33,5x27cm **1.190,-**



Gegnsætt. Bleikt, blátt eða gult lok 2803 **6** lítra 28,5x20x18cm **460,-**
Gegnsætt. Bleikt, blátt eða gult lok 2802 **11** lítra 35,5x24x20,5cm **660,-**
Gegnsætt. Bleikt, blátt eða gult lok 2805 **23** lítra 50x33,5x27cm **1.299,-**



G B002 með hjólum **46** lítra 55,5x40,5x33cm **1.790,-**
G B003 með hjólum **28** lítra 49x36x28cm **1.299,-**



G 8858 með hjólum **35** lítra 80x39,5x16cm **1.790,-**





Gegnsætt, grænt lok 5827 með hjólum **52** lítra 58x42,5x34cm **2.190,-**
Gegnsætt, rautt lok 5828 með hjólum **72** lítra 63x46x40cm **2.790,-**



Gegnsætt. Bleikt, blátt eða gult lok 2217 29x23x17cm **599,-**
Gegnsætt. Bleikt, blátt eða gult lok 2218 35x28x19cm **799,-**
Gegnsætt. Bleikt, blátt eða gult lok 2219 41x32x23cm **1.299,-**



MARC-LEO1 Leo hillueining. 75x30x135cm. 4 hillur
**5.290,-**



MARC-LEO5 Leo hillueining. 100x30x185cm. 5 hillur
**6.990,-**



MARC-LEO3 Leo hillueining 90x40x165cm. 4 hillur
**6.890,-**

| | | |
|---|---|---|
| **Reykjavík** | Kletthálsi 7. | Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16 |
| **Reykjanesbær** | Fuglavík 18. | Opið virka daga kl. 8-18 |
| **Akureyri** | Furuvöllum 15. | Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-14 |
| **Húsavík** | Garðarsbraut 50. | Opið virka daga kl. 8-18 |
| **Vestmannaeyjar** | Flötum 29. | Opið virka daga kl. 8-18 |

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

**MÚRBÚÐIN**
*– Afslátt eða gott verð?*

*Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is*

***Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!***

# Verndar ESB Vestmannaeyjar?

Sjávarútvegsmál

Elliði Vignisson
bæjarstjóri í Vestmannaeyjum



Össur Skarphéðinsson er mikill maður í mörgum skilningi þeirra orða. Væri hann söguhetja í skáldsögu væri honum sennilega lýst sem hnyttnum og kankvísum karli sem öllum vill vel. Ekki er ólíklegt að í persónulýsingu væri tekið fram að sjaldnast léti hann sannleikann skemma góða sögu. Sem slíkur er Össur í miklu uppáhaldi hjá okkur Eyjamönnum og fáa fáum við skemmtilegri í heimsókn. Í hvívetna hefur hann sýnt okkur skilning og vikið að okkur hlýjum orðum og góðum gjörðum.

Gamansemi þessa vinar okkar náði nýjum hæðum nú fyrir skömmu þegar hann lýsti því í viðtali við fjölmiðla að Evrópusambandið ætlaði að vernda okkur Eyjamenn gegn hinum vondu útgerðarmönnum sem hér störfuðu. Af orðum hins hnyttna ráðherra að dæma þurftum við víst sérstaka vernd fyrir því að „kvótagróði gæti farið í fótboltafélög og dagblöð uppi á landi“. Það sem vakti bros okkar var sú hnyttni ráðherrans að ætla sér að koma í veg fyrir kvótagróða með því að fara einfaldlega með okkur inn í Evrópusambandið, sem rekur sjávarútveg sem er óarðbær og því engin von um „kvótagróða“, hvorki í eitt né annað.

Hitt er svo annað að það er gott að vita af hlýjum hug Össurar og slíkt skal ekki vanþakkað. Hann veit sem er að þótt höggið sem fylgir bæði sölu á bátum og kvóta úr sveitarfélögum sé mikið er það fyrst og fremst ríkisstjórnin sem hefur kostað okkur Eyjamenn arð, kvóta og störf sem slíku fylgir. Okkar góði vinur Össur veit að á yfirstandandi fiskveiðiári tekur ríkið af okkur Eyjamönnum aukalega 1.240 þorskígildistonn með reglugerðarbreytingu. Þetta verður til þess að samtals fara frá Vestmanneyjum rúm 4.000 þorskígildistonn í potta á þessu fiskveiðiári. Til samanburðar kemur hið mikla högg sem við verðum fyrir ef Síldarvinnslan/Samherji kaupir Berg-Huginn til með að kosta okkur um 5.000 þorskígildistonn. Þá á ég óupptalið veiðigjaldið sem ríkisstjórnin hefur nú hvolft yfir okkur og skall á 1. október. Það nemur um 2.700 milljónum, bara fyrir Vestmannaeyjar. Fyrir þessi verðmæti væri hægt að kaupa eina útgerð eins og Berg-Huginn á ári til Vestmannaeyja.

Í Össuri eigum við góðan bandamann. Rétt eins og hann vill vernda okkur fyrir kvótagróða með því að innleiða óarðbæra sjávarútvegsstefnu ESB mun hann vafalaust finna vörn gegn ríkisstjórn Íslands í hlýjum faðmi Brussel. Innan skamms kemur Össur því vonandi heim til Íslands með þær góðu fréttir að vinir hans í ESB muni vernda Eyjamenn fyrir því sem veldur þeim mestum skaða, sem sagt ríkisstjórn Íslands.




# Um ljósleiðaravæðingu Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Fjarskipti

Ingólfur Bruun
hugmyndasmiður Fjarskiptafélags Öræfinga



Fram hefur komið í Morgunblaðinu og Fréttablaðinu að unnið sé að ljósleiðaravæðingu í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Fagna ber þessu framtaki sveitarfélagsins, því með ljósleiðaravæðingu bætast búsetuskilyrði í hreppunum verulega. Með nýju dreifikerfi er hægt að bjóða internet, sjónvarp og síma. Flutningsgeta nýs dreifikerfis mun líklega verða allt að 1.000 megabitar í byrjun og auðvelt að auka hraðann síðar með nýjum endabúnaði.

Undanfarin ár hefur fjarskiptafyrirtækið Ábótinn boðið íbúum m.a. í nefndum hreppum betri internettengingu en önnur fjarskiptafyrirtæki. Þetta var lofsvert framtak forsvarsmanna Ábótans og bar vott um framsýni sem aðrir hefðu mátt taka sér til fyrirmyndar. Internettengingar Ábótans eru veittar í gegnum ADSL og þráðlausan búnað af WiMAX-staðli. Mesti hraði er 12 megabitar við bestu skilyrði og aðeins boðið upp á internettengingu.

Nú ber svo við að forsvarsmenn Ábótans hyggjast krefja Skeiða- og Gnúpverjahrepp um skaðabætur vegna röskunar á samkeppni. Í stað þess að fagna möguleikanum að geta nýtt besta dreifikerfi sem völ er á og opið verður öllum þjónustuveitum hyggjast forsvarsmenn Ábótans lögsækja hreppinn fyrir brot á samkeppnislögum. Það hljómar undarlega að krefjast bóta af sveitarfélagi sem stórbætir fjarskipti íbúa sinna af miklum myndarskap og framsýni. Þess vegna er spurt hvort sé mikilvægara, hagsmunir Ábótans eða hagsmunir íbúa Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Ef forsvarsmenn Ábótans hefðu lagt ljósleiðarakerfi inn á alla bæi í Skeiða- og Gnúpverjahreppi og sveitarfélagið síðan lagt kerfi í samkeppni við Ábótann væri gremja forsvarsmanna fyrirtækisins skiljanleg og krafa þeirra sanngjörn. Svo er hins vegar ekki. Ég mæli með því að forsvarsmenn Ábótans samgleðjist íbúum Skeiða- og Gnúpverjahrepps með nýtt dreifikerfi fjarskipta í sveitarfélaginu og láti þegar í stað af málarekstri vegna kröfu um skaðabætur. Áframhaldandi málsókn á hendur Skeiða- og Gnúpverjahreppi mun aðeins halda áfram að skaða ímynd og viðskiptavild Ábótans.

> Það hljómar undarlega að krefjast bóta af sveitarfélagi sem stórbætir fjarskipti íbúa sinna af miklum myndarskap og framsýni.




HVAÐ ER ATHUGAVERT
VIÐ ÞESSA MYND?
göngum til góðs
Landssöfnun
6. október 2012
28.000 flóttamenn í Sómalíu, meirihlutinn börn, fengu helstu nauðsynjar frá Rauða krossinum á síðasta ári.
Vertu með, gakktu til góðs á laugardaginn eða taktu vel á móti göngufólki.
Stuðningur þinn getur skipt sköpum í lífi barns í neyð.
Hringdu í söfnunar-síma Rauða krossins:
904 1500
(1.500 kr. framlag)
904 3000
(3.000 kr. framlag)
904 5000
(5.000 kr. framlag)
Skráning: www.raudikrossinn.is
Rauði krossinn
Arion banki
kostar birtingu þessarar auglýsingar.

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**61 ÁRS** Írski tónlistarmaðurinn Bob Geldof er 61 árs í dag.

*„Þegar ég varð fimmtugur hugsaði ég með mér: „Bíddu við! Ég er grannur, vel hærður, ég hef sæmilegar tekjur. Ég hef þraukað þetta.“*

---



†

Hjartans þakkir til allra fyrir samúð, hlýju og kveðjur við andlát og útför

**VIGDÍSAR M. MAGNÚSDÓTTUR**
**áður húsfreyju á Herjólfsstöðum í Álftaveri.**

Sérstakar þakkir sendum við þeim sem glöddu hana með heimsóknum síðustu árin og starfsfólki Eirarholts og deildar 3S fyrir umhyggju sína og umönnun.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar, börn hinnar látnu**

---



†

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýnt hafa okkur samúð og hlýhug vegna fráfalls og útfarar

**INGÓLFS VOPNA INGVASONAR**
**Hrísbraut 2a, Höfn í Hornafirði.**

**Birna R. Aðalsteinsdóttir**
**Jóhanna Íris Ingólfsdóttir**
**Ingvi Ingólfsson**
**Anna Soffía Ingólfsdóttir**
**barnabörn, systkini og fjölskyldur þeirra**

---



†

Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**ÁSLAUG ÁSMUNDSDÓTTIR**
**áður til heimilis**
**Álfalandi 4, Reykjavík,**

verður jarðsungin frá Bústaðakirkju mánudaginn 8. október kl. 15.00.

**Ásmundur Stefánsson** **Guðrún Guðmundsdóttir**
**Þór Stefánsson** **Hulda Ólafsdóttir**
**Ása Stefánsdóttir** **Jens Kvist Christensen**
**barnabörn og barnabarnabörn**

---



†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**TRAUSTI GESTSSON**
**skipstjóri,**
**Langholti 27, Akureyri,**

lést á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri föstudaginn 28. september. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju mánudaginn 8. október kl. 13.30.

**Ásdís Ólafsdóttir**
**Jörundur Traustason** **Ingveldur Jóhannesdóttir**
**Stefanía Traustadóttir**
**Maríanna Traustadóttir** **Ásgeir Adamsson**
**Ólafur Traustason**
**Gestur Traustason** **Hulda Gunnarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**

---



†

Sendum okkar innilegustu þakkir fyrir hlýjar samúðarkveðjur, minningarorð, blóm, skreytingar, kransa, yndisleg samtöl, vináttu og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**JÓNS BJÖRNSSONAR**
**frá Bólstaðarhlíð í Vestmannaeyjum,**
**Ægisíðu 92, Reykjavík.**

Sérstakar þakkir færum við forstöðumanni og starfsfólki Safnahúss Vestmannaeyjabæjar fyrir að heiðra minningu Jóns með sýningu mynda úr safni hans og alla virðingu honum auðsýnda. Einnig sérstakar þakkir til heimilislæknis Jóns, lækna, sjúkraflutningamanna og hjúkrunarfólks, fyrir einstaka aðhlynningu. Útfararþjónustu og presti þökkum við styrka handleiðslu og vandaða þjónustu.

**Bryndís Jónsdóttir**
**Halldóra Björk Jónsdóttir** **Ingimar Haraldsson**
**Þorgerður Bryndísardóttir Jónsdóttir** **Bogi Agnarsson**
**Birna Ólafía Jónsdóttir** **Ásmundur Jón Þórarinsson**
**Björn Jón Jónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

FRÉTTABLAÐIÐ

Vegna stærðar blaðsins á morgun, laugardag, verður Fréttablaðið prentað í tvennu lagi.

**Frestur til að skila inn dánarauglýsingum í laugardagsblað færist því fram til kl. 13.30.**

---



†

Elskulegur bróðir okkar og sambýlismaður,

**VALGEIR GUNNARSSON**

lést 21. september síðastliðinn. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Eysteinn Gunnarsson**
**Guðjón Gunnarsson**
**Jóhanna Björg Gunnarsdóttir**
**Guðbjörg Sigrún Gunnarsdóttir**
**Erla Waage**

---



†

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**KARITASAR JENSEN**
**Stóragerði 42, Reykjavík.**

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki líknardeildar Landspítalans í Kópavogi.
Einnig þökkum við Karitas, hjúkrunar- og ráðgjafarþjónustu, fyrir veittan stuðning og góða aðhlynningu.

**Steinunn Margrét Tómasdóttir** **Aðalsteinn Karlsson**
**Þórunn Elín Tómadóttir** **Kjartan Jónsson**
**Bryndís María Tómasdóttir** **Thomas Möller**
**Lára Anna Tómasdóttir** **Hörður Jón Gærdbo**
**Óskar Már Tómasson** **Auður Pálmadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**

---



†

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför elsku föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**NÍELSAR FRIÐBJARNARSONAR**

Sérstakar þakkir til starfsfólks Heilbrigðisstofnunarinnar á Siglufirði fyrir góða umönnun og hlýju.

**Ólöf Margrét Ólafsdóttir** **Jón Torfi Snæbjörnsson**
**Guðrún Þóranna Níelsdóttir** **Sigurður Kjartan Harðarson**
**Friðbjörn Níelsson**
**afa- og langafabörn**

---



†

Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, hlýhug og stuðning við andlát og útför okkar ástkæra sonar, bróður, mágs og barnabarns,

**BIRGIS PÁLS GYLFASONAR**
**Jónsgeisla 45.**

**Gylfi Jónsson** **Hildur Hanna Ásmundsdóttir**
**Jóhannes Már Gylfason** **Lára Hrund Bjargardóttir**
**Jón H. Guðmundsson** **Hrafnhildur Matthíasdóttir**

---



†

Elskulegur eiginmaður minn, sonur, faðir, tengdafaðir, bróðir og afi,

**ÞÓR JENS GUNNARSSON**
**Esjugrund 23,**

sem varð bráðkvaddur þriðjudaginn 25. september verður jarðsunginn frá Hallgrímskirkju í Reykjavík, þriðjudaginn 9. október, klukkan 13:00.

**Áslaug Þorsteinsdóttir**
**Sigurlaug A. Stefánsdóttir**
**börn, tengdabörn og barnabörn.**

---



†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**PÁLL INGIMUNDUR AÐALSTEINSSON**
**Bjarkarholti 1, Mosfellsbæ,**

lést miðvikudaginn 3. október. Útförin fer fram föstudaginn 12. október kl. 13.00 frá Grafarvogskirkju.

**Guðrún Hafsteinsdóttir**
**Hafsteinn Pálsson** **Lára Torfadóttir**
**Bjarnveig Pálsdóttir**
**Björk Pálsdóttir** **Páll Valdimarsson**
**Hrönn Pálsdóttir** **Magnús L. Alexíusson**
**Aðalsteinn Pálsson** **Helga Grímsdóttir**
**Steinþór Pálsson** **Áslaug Guðjónsdóttir**
**Gunnar Páll Pálsson** **Ásta Pálsdóttir**
**Snæbjörn Pálsson** **Þórdís Gísladóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**

---

# Guðbergsstofa í undirbúningi

Grindavíkurbær heldur á morgun samkomu til heiðurs Guðbergi Bergssyni, rithöfundi og heiðursborgara Grindavíkur, sem fagnar áttræðisafmæli sínu hinn 16. október. Undirrituð verður viljayfirlýsing á milli Grindavíkurbæjar og Guðbergs um opnun Guðbergsstofu, sem verður sýning um líf og feril höfundarins. Guðbergsstofa verður staðsett í Kvikunni, auðlinda- og menningarhúsi Grindavíkur, og er fyrirhuguð opnun í mars 2013. Jafnframt verða verkum Guðbergs gerð góð skil í nýju bókasafni Grindavíkurbæjar sem verður opnað í ársbyrjun 2014.

Á samkomunni á morgun mun Guðbergur lesa upp óútgefna stuttsögu og jafnframt mun Hinrik Bergsson, bróðir Guðbergs, segja frá uppvaxtarárum þeirra bræðra í Grindavík.

Dagskráin hefst klukkan 14 í Kvikunni, auðlinda- og menningarhúsi Grindavíkur að Hafnargötu 12a í Grindavík. Allir velkomnir.



**HEIÐURSBORGARI** Stefnt er að opnun Guðbergsstofu á næsta ári í Grindavík.

---

## Merkisatburðir

**1550** Borgin Concepcion í Síle er stofnuð. Í dag búa um 293 þúsund manns í borginni.

**1813** Bardaginn um Thames á sér stað í Kanada. Þar börðust Bretar og Bandaríkjamenn um yfirráð og fóru þeir síðarnefndu með sigur af hólmi.

**1857** Borgin Anaheim í Kaliforníu er stofnuð.

**1864** Indverska borgin Kalkútta er nánast lögð í rúst þegar sveipur gengur yfir borgina. 60 þúsund manns létu lífið.

**1910** Uppreisn er gerð í einræðisríkinu Portúgal og lýðræði komið á í kjölfarið.

**1921** Úrslitaleik í hafnabolta er í fyrsta sinn útvarpað í Bandaríkjunum.

**1962** Kvikmyndin Dr. No er frumsýnd. Hún var sú fyrsta í röð kvikmynda er segja frá ævintýrum James Bond.

**1984** Marc Garneau er fyrsti Kanadamaðurinn sem ferðast út í geim, með geimskutlunni Challenger.

---



†

Elskulegur eiginmaður minn, besti vinur okkar og bróðir,

**INGI HEIÐDAL JÓNSSON**
**frá Gillastöðum, Laxárdal**
**Vesturbergi 120, Reykjavík,**

lést í faðmi ástvina sinna laugardaginn 29. september á gjörgæsludeild Landspítalans Fossvogi. Útförin fer fram frá Fella- og Hólakirkju miðvikudaginn 10. október kl. 13.00.

**Fjóla Stefánsdóttir, börn, barnabörn og systkini hins látna**

---



†

Faðir okkar, tengdafaðir, fyrrverandi eiginmaður og afi,

**JÓN ÁSBJÖRNSSON**
**forstjóri,**

lést á Líknardeild Landspítalans þriðjudaginn 2. október. Útförin auglýst síðar.

**Ásbjörn Jónsson** **Hildigunnur Gunnarsdóttir**
**Ásdís Jónsdóttir** **Árni Rúdolf Rúdolfsson**
**Birgir Jóhannes Jónsson**
**Halla Daníelsdóttir**
**og barnabörn**

---



†

Kærar og góðar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur hlýju og samúð við andlát og útför eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu og systur,

**DÓRÓTHEU M. BJÖRNSDÓTTUR**
**Keldulandi 19.**

Sérstakar þakkir fær starfsfólk í Maríuhúsi og í Roðasölum fyrir innilega og kærleiksríka umönnun.

**Birgir Ólafsson**
**Guðrún Björk Birgisdóttir** **Hörður J. Oddfríðarson**
**Birna Birgisdóttir** **Kristján Sverrisson**
**barnabörn, langömmubörn og systkini**

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ



## BUBBI Á FERÐ

Bubbi Morthens er á ferð um landið og heldur tónleika í kvöld á Siglufirði og annað kvöld á Dalvík. Bubbi nefnir tónleikana Þorpið en nafnið vísar til síðustu plötu hans. Alls mun Bubbi koma við á 23 stöðum víðs vegar um landið.


RYÐFRÍIR HITAKÚTAR

VÖNDUÐ VARA
ÁRATUGA REYNSLA



BLÖNDUNARLOKI FYLGIR

OSO HOTWATER

NORSK FRAMLEIÐSLA

Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is





# ELDAÐ MEÐ HOLTA

**HOLTA KYNNIR** *Úlfar Finnbjörnsson sér um sjónvarpsþáttinn Eldað með Holta á ÍNN. Á næstunni mun hann heimsækja færustu kokka landsins og fá þá til að elda ljúffenga kjúklingarétti úr Holta-kjúklingi.*

Matreiðslumaðurinn Úlfar Finnbjörnsson sér um sjónvarpsþáttinn Eldað með Holta á ÍNN. Þar heimsækir hann marga af færustu kokkum landsins og fær þá til að elda ljúffenga rétti úr Holta-kjúklingi. Í dag lítur Úlfar við hjá Sigurði Haraldssyni, matreiðslumanni á veitingastaðnum VOX, og Hafsteini Ólafssyni, aðstoðarmanni hans. Þeir félagar eru að æfa sig fyrir heimsmeistarakeppni matreiðslumanna í Lyon í Frakklandi. Uppskriftin sem Sigurður færir okkur er kjúklingaréttur. Hægt er að fylgjast með honum elda þennan girnilega rétt í kvöld klukkan 20.30 á sjónvarpsstöðinni ÍNN. Þættirnir verða svo endursýndir yfir helgina. Einnig er hægt að horfa á þá á heimasíðu ÍNN, www.inntv.is. Næstu föstudaga heimsækir Úlfar fleiri matreiðslumeistara.

**GOTT Í MATINN** Úlfar Finnbjörnsson í miðið ásamt þeim Sigurði Haraldssyni (til hægri) og Hafsteini Ólafssyni. MYNDIR/VALLI

## KJÚKLINGALÆRI MEÐ SINNEPSSÓSU FYRIR FJÓRA

8 kjúklingalæri (úrbeinuð)
1 búnt fáfnisgras
1 búnt blóðberg

Lærin eru söltuð og steikt á pönnu á báðum hliðum með smjöri þangað til að kjúklingurinn er orðinn gullinbrúnn. Blóðberg og fáfnisgras sett út á pönnuna og lærin kláruð í ofni í um það bil 5 mínútur á 160°C, bragðbætt með nýmöluðum pipar og lærin skorin til helminga.

**SINNEPSSÓSA**

70 g grófkornasinnep frá Bornholm (má vera venjulegt)
500 ml rjómi
200 g kjúklinga-/nautasoð (eða 100 g vatn á móti klípu af krafti)
salt

Soðið er soðið niður um helming. Þá er rjómanum bætt út í og soðið niður um 1/3, því næst er sinnepi bætt við og síðan smakkað til með smjöri og salti og maukað saman með töfrasprota til að fá létta áferð á sósuna.



**MEÐLÆTI**

Villtir íslenskir sveppir (mega vera kjörsveppir)
Grænkál
6 skalotlaukar
1 piparrót
Gróft salt

Sveppir eru steiktir á heitri pönnu upp úr smjöri og olíu, smakkaðir til með salti, fínt söxuðum graslauk og skalotlauk. Grænkál er skolað, rifið niður og dressað til með olíu. Skalotlaukur er bakaður á grófu salti inni í ofni við 160°C í um það bil 30-40 mínútur eða þangað til hann er orðinn mjúkur. Þá er hann afhýddur og tekinn niður í flögur, dressaður til með olíu. Piparrót er skræld og rifin yfir diskinn með fínu rifjárni.


www.nings.is



FYRIR PARTÝIÐ
Sushi-, spjót- og smáréttabakkar
NINGS
Stórhöfða • Suðurlandsbraut • Hlíðasmára • S. 588 9899
Pantanir þurfa að berast með dags fyrirvara

## STRENGJANEMAR Í HÖRPU

**Flottir krakkar**
**Það stendur mikið til hjá nemendum á strengjahljóðfæri um helgina. 350 nemendur alls staðar að af landinu fjölmenna á strengjamót í Grafarvogi. Það er Tónlistarskólinn í Grafarvogi sem stendur fyrir mótinu. Þátttakendum er skipt í fjórar hljómsveitir eftir aldri og getu. Mótinu lýkur með tónleikum í Eldborgarsal Hörpu á sunnudag kl. 14.00. Aðgangur að tónleikunum er ókeypis. Stjórnendur sveitanna verða Guðný Guðmundsdóttir, Helga Þórarinsdóttir, Guðmundur Kristmundsson og Wilma Young.**



**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar |** Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal |** Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is,** s. 512 5473 | **Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is,** s. 512 5432 | **Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is,** s. 512-5427

Úlpur á 23.900 kr.

Str. 40 - 56/58
Rita
Við erum á Facebook
Bæjarlind 6
S. 554 7030
Eddufelli 2
S. 557 1730
www.rita.is

# VELJUM ÓDÝRARI OG GÆÐAMINNI VÍN

**MINNI KRÖFUR** *Neysla á léttum vínum hefur breyst mikið eftir hrunið. Kassavín og ódýr flöskuvín seljast mest í Vínbúðum.*

Í nýlegri könnun sem gerð var í Bretlandi kemur í ljós að um fjórðungur Breta telur kassavín ekkert síðra en vín í flöskum. Bretar gera minni kröfur til víns eftir að efnahagsástandið versnaði. „Norðmenn elska kassavín," var fyrirsögn í norsku viðskiptablaði í sumar. Þar segir að kassavín sé um helmingur þess áfengis sem selt er í vínbúðum. Á sama tíma hefur bjórsala dregist saman þar í landi.

Gissur Kristinsson, vínþjónn hjá Vínbúðinni, segir að sala á kassavínum hafi smátt og smátt aukist hér á landi. „Norðmenn og Svíar eru þó miklu fremri í þessu því þar er hlutfall kassavíns í heildarsölu áfengis mun meira en hér. Íslendingar breyttu neysluvenjum sínum mikið eftir hrunið. Kassavínin hafa verið aðeins ódýrari og þess vegna velja margir þann kost. Tækninni hefur fleygt fram í að pakka vínunum og gæðin batnað frá því sem áður var."

Gissur segir að eftir hrunið hafi innflytjendur léttvíns hér á landi strax orðið varir við breytingar á innkaupavenjum fólks í Vínbúðunum. „Fólk keypti eingöngu ódýr vín sem voru skilaboð til innflytjenda að leita eftir þeim. Gæðin hafa á sama tíma dalað mikið. Þegar tómahljóð er í buddunni sættir fólks sig frekar við lélegra vín ef það fæst fyrir minni pening. Úrvalið af ódýrari vínum hefur því stóraukist í Vínbúðunum. Mesta salan er í vínum sem kosta undir 1.700 krónur. Það er eðlileg þróun sem allir gátu átt von á. Ákveðinn hópur manna kaupir vín á verðbilinu 1.700 til 2.500 en þar fyrir ofan er mjög hverfandi sala."

Vínþjónninn bendir á að fyrir hrun hafi Íslendingar verið að drekka gæðavín á ótrúlega lágu verði. „Við seldum mun meira af dýrari vínum þá, enda var evran í kringum 80 krónur. Á einni nóttu breyttist gengið og áfengisálögur og það var 45% hækkun í Vínbúðunum sem var áfall fyrir alla. Starfsfólkið okkar þurfti til dæmis að verja þessa hækkun fyrir óánægðum viðskiptavinum. Nú virðist fólk hafa sætt sig við að kaupa ódýrari vöru og minni gæði," segir Gissur og vonast til að þetta breytist aftur til fyrra horfs haldi efnahagsbatinn áfram.

„Það virðist þó vera tilhneiging út um allan heim hjá ákveðnum hópum að splæsa í eina eða tvær góðar vínflöskur í stað þess að kaupa kassavín. Það væri ánægjulegt ef sú þróun yrði líka hér, að fólk drykki færri lítra en betri vín. Ég trúi ekki öðru en að við stefnum í sömu átt með tímanum."

Er ekki hætta á að fólk drekki meira vín sé það með kassa heima?

„Jú, það er vissulega svo. Bjórframleiðendur hafa til dæmis farið út í það að selja bjór í tíu dósa pakkningum í stað sex áður. Allar líkur eru á því að sá sem keypti sex dósa kippu fyrir helgi og kláraði hana taki núna tíu dósirnar," segir Gissur, en raunin mun einmitt hafa orðið þannig.

elin@365.is



**KASSAVÍNIN HAFA BATNAÐ**
Gissur Kristinsson vínþjónn segir að aukning hafi verið á sölu á kassavíni en þó mest á ódýru flöskuvíni.
MYND/ANTON

NORÐURKRILL
Omega 3 í sinni hreinustu og öflugustu mynd
Sótt í Suðurskautshafið, hreinasta hafsvæði veraldar

- Gott fyrir hjarta, heila, taugar og liði
- 1-2 hylki á dag!
- Ekkert eftirbragð og engin uppþemba







Taktu þátt í vísnaleik Norðurkrill á facebook

Sendu inn vísu um Norðurkrill, við veljum vísu vikunnar og verðlaunum með einum pakka.

Þú finnur upplýsingar um Norðurkrill á **www.gengurvel.is**

PRENTUN.IS

NORÐURKRILL fæst í heilsubúðum, apótekum og heilsuhillum stórmarkaðanna

# TERTA UM HELGINA

***Nú er tími saumaklúbbanna runninn upp. Ljúffengar tertur eru alltaf vinsælar og hér er uppskrift að girnilegri karamellutertu.***

**BOTN**
2 eggjahvítur
30 g sykur
80 g salthnetur
50 g flórsykur

Hitið ofninn í 170 gráður. Þeytið eggjahvítur og sykur þar til blandan verður stíf eins og marens. Grófhakkið salthnetur í matvinnsluvél með flórsykrinum. Setjið hnetublönduna varlega saman við marensinn með sleikju. Setjið blönduna í smurt kökuform og bakið í miðjum ofni í um það bil 25 mínútur. Kælið.

**KARAMELLA**
70 g sykur
1 1/4 dl rjómi
150 g hvítt súkkulaði
20 g smjör

Bræðið sykurinn í potti, takið af hitanum og bætið rjómanum saman við. Látið malla undir loki í smá stund eða þar til karamellan er leyst upp. Skerið súkkulaðið smátt og setjið út í rjómablönduna. Látið bráðna ásamt smjörinu. Hellið karamellunni á salthnetubotninn.

**SÚKKULAÐIMÚS**
150 g dökkt súkkulaði (60%)
75 g ósaltað smjör
1/2 dl espresso eða sterkt kaffi
1 matarlím
2 eggjarauður
2 eggjahvítur
50 g sykur

Skerið súkkulaðið mjög smátt og bræðið í vatnsbaði ásamt smjörinu. Leggið matarlímið í kalt vatn í fimm mínútur. Kreistið vatnið frá líminu og látið það síðan bráðna í heitu kaffi. Hrærið



eggjarauðunum í súkkulaðið og síðan heitu kaffinu. Blandið öllu vel saman. Þeytið eggjahvítur og sykur í marens. Bætið marensinum varlega saman við súkkulaðiblönduna. Leggið súkkulaðiblönduna ofan á karamelluna og setjið í ísskáp. Súkkulaðimúsin á að stífna. Takið úr forminu rétt áður en lagt er á borð og skreytið fallega.

5 okt. Alþjóðadagur kennara 2012

Stöndum með kennurum



EFNISYFIRLIT


**SÍÐA 2**
**Ánægjulegt og gefandi starf**
Sigríður Anna Ólafsdóttir og David P. Nickel eru alsæl í starfi sínu sem framhaldsskólakennarar við FB.

**SÍÐA 3**
**Menntun og mannúð**
Kennarasamband Íslands styður við þróunarstarf í Síerra Leóne í samvinnu við Rauða kross Íslands.

**Standa með kennurum**
Fólk úr öllum áttum stendur með kennurum.

**SÍÐA 4**
**Kennarar örva, hvetja og efla**
Sameiginleg stuðningsyfirlýsing á Alþjóðadegi kennara.


# Samfélagið sýni **menntun áhuga og virðingu**

**Alþjóðadagur kennara** hefur verið haldinn hátíðlegur um nokkurt árabil.

Þann dag vekja alþjóðasamtök kennara og hvert og eitt land athygli á starfi kennara um leið og þrýst er á um umbætur í skólamálum. Yfirskrift dagsins í ár er Stöndum með kennurum.

Allir eiga að hafa aðgang að góðri og fjölbreyttri menntun sem tekur mið af þörfum þeirra, óháð efnahag. Til þess þurfum við að hafa á að skipa úrvalskennurum í hverjum einasta skóla á öllum skólastigum. Góður kennari er lykilpersóna í menntun barna og ungmenna. Kennarinn er í senn fræðari, leiðsögumaður, leiðtogi, vinur, sálusorgari og áfram mætti lengi telja. Hann þarf að sinna mörgum mismunandi hlutverkum, vera úrræðagóður, sveigjanlegur og umfram allt skemmtilegur þannig að kennslan og skólastarfið verði lifandi og merkingarbært og geri gagn til framtíðar. Kennarar þurfa alltaf að vera á tánum, þeir þurfa stöðugt að þróa sig í starfi til að fylgjast með. Þeir þurfa að aðlaga sig síbreytilegum kröfum sem gerðar eru úr öllum áttum; frá yfirvöldum, frá foreldrum og frá nemendum. Þeir þurfa að hafa góða menntun, góð laun sem háskólamenntaðir sérfræðingar og möguleika á fjölbreyttri starfsþróun.

Kennarastarfið er krefjandi. Verkefnin eru óramörg, nemendur margir og ólíkir, viðfangsefnin flókin og margþætt, kennaraskortur er víða fyrir hendi, starfsumhverfi ábótavant og fjármagn oft og tíðum af skornum skammti. Þess vegna þurfa kennarar, nú sem aldrei fyrr, að finna það að yfirvöld, foreldrar og samfélagið allt telji það sér í hag að búa vel að kennurum, nýrri fimm ára kennaramenntun og skólastarfi, í orði og á borði.

Samfélagið verður að taka virðingu fyrir menntun upp á arma sína, sýna henni áhuga og styðja á alla lund. Það getur skaðað möguleika barna og ungmenna í lífinu að heyra talað um nám og menntun af lítilsvirðingu. Mikilvægt er að allir standi saman, foreldrar, kennarar, fjölmiðlar, almenningur. Að standa með kennurum skilar sér margfalt. Að standa með kennurum skilar sér í fleiri umsækjendum um kennaranám og meiri þátttöku foreldra og almennings í skólastarfi. Að standa með kennurum skilar sér í betra samfélagi fyrir börn, ungmenni og okkur öll.

Til hamingju með daginn!



**„Það getur skaðað möguleika barna og ungmenna í lífinu að heyra talað um nám og menntun af lítilsvirðingu.“**

*Þórður Hjaltested, formaður KÍ*
*Björg Bjarnadóttir, varaformaður KÍ*

# **Viðamikið nám** fer fram í leikskólum

**Irpa Sjöfn Gestsdóttir**, deildarstjóri á leikskólanum Marbakka í Kópavogi, starfar með yngstu börnum leikskólans. Hún segir viðamikið nám fara fram á leikskólum í gegnum leik og skapandi vinnu. Henni finnst starf leikskólakennara þó ekki alltaf metið að verðleikum. Hún var beðin um að svara spurningunni: Hvenig getur fólk staðið með leikskólakennurum?

Fyrst og fremst þarf viðhorf almennings, stjórnmálamanna og þeirra sem sitja í Sambandi íslenskra sveitarfélaga til leikskólans að breytast á þann hátt að starfið sé metið að verðleikum. Margir líta svo á að það starf sem fram fer í leikskólunum sé ekki nám heldur gæsla og þjónusta við foreldra. Umönnun er mikilvægur þáttur í leikskólastarfi en þar á sér einnig stað viðamikið nám í gegnum leik og skapandi vinnu sem nær til allra þroskaþátta hvers barns í samræmi við Aðalnámskrá leikskóla,“ segir Irpa Sjöfn Gestsdóttir, sem starfar með yngstu börnum leikskólans en hefur unnið með öllum aldurshópum frá því vorið 1999.

„Við sem veljum okkur leikskólakennslu höfum sama metnað og þeir sem annast börn á öðrum skólastigum. Þess vegna tel ég að ung börn eigi að vera metin að sömu verðleikum og eldri börn. Kennsla þeirra á að vera jafn metnaðarfull og kennsla eldri barna. Við á Íslandi eigum einfaldlega að vilja það besta fyrir börnin okkar.“



**„Við sem veljum okkur leikskólakennslu höfum sama metnað og þeir sem annast börn á öðrum skólastigum,“ segir Irpa Sjöfn.**

# Kennarar njóti virðingar

Kennarastarfið er ánægjulegt og gefandi, segja kennararnir **Sigríður Anna Ólafsdóttir** og **David P. Nickel** sem starfa við Fjölbrautaskólann í Breiðholti.

Sigríður Anna hefur kennt íslensku og lífsleikni í FB síðastliðin fimm ár. Hún er Grindvíkingur og býr með ungum dætrum sínum í Kópavogi.

David er frá Winnipeg. Hann lagði stund á heimspeki og íslensku við Manitoba-háskóla en um síðustu aldamót nam hann íslensku við Háskóla Íslands og lauk þaðan prófi 2007.

„Hér er ég enn enda ástfanginn af íslenskri konu og saman eigum við tvo frábæra stráka og þrjá ketti,“ segir David og brosir.

**KENNARAR Í EÐLI SÍNU**

Þau Sigríður Anna og David eru alsæl í starfi sínu sem kennarar.

„Ég held að ég hafi alltaf ætlað að verða kennari,“ segir Sigríður, sem sat tíma hjá íslenskukennurum Fjölbrautaskóla Suðurnesja þegar hún ákvað að verða íslenskukennari. „Þá vissi ég fyrir víst hvað ég vildi gera þótt ég hafi trúlega alltaf verið kennari að upplagi.“

David fæddist inn í kennarafjölskyldu og segist lengi hafa blekkt sjálfan sig með því að ætla ekki að verða kennari. Hann áttaði sig um síðir. „Ég varð ungur vitni að því að nemendur föður míns komu fram við hann af virðingu og fæ enn að heyra sögur af því hvernig kennsla pabba hafði áhrif á nemendur hans í námi, lífi þeirra og starfi.“

**FORRÉTTINDI AÐ KENNA**

„Að vera kennari er einstakt tækifæri til að vinna með ungu fólki og hafa áhrif á það,“ segir Sigríður Anna.

David tekur í sama streng þegar þau eru spurð um helstu kosti kennarastarfsins.

„Það er góð tilfinning að kenna nemendum ýmislegt sem á eftir að nýtast þeim áfram í lífinu. Reynsla mín sem kennari breytist svo ár frá ári, með hverri nýrri önn og nýjum nemendum. Fjölbreytnin er mikill kostur.“

Sigríður Anna segist sammála David. „Með nýrri stundatöflu og nýjum nemendahópum í upphafi hvers misseris skapast tækifæri til að kynnast og starfa með hundruðum ungmenna. Það þykja mér forréttindi.“

**VILJA MINNI NEMENDAHÓPA**

Þau David og Sigríður Anna eru sammála um að æskilegasta breytingin á starfi þeirra felist í minni námshópum.

„Þá væri hægt að einbeita sér betur að þörfum hvers og eins,“ segir David sem vill líka sjá breyttar áherslur í umræðu um íslensk skólamál.

Sigríður Anna bætir við að mikið skorti á að full dagvinna nægi kennurum til að leysa verkefni sín.

„Mig vantar alltaf meiri tíma til að útbúa nýtt kennsluefni, fylgjast með og sækja námskeið. Draumurinn væri að geta sinnt því markvisst í vinnunni og með samkennurunum.“

**METNAÐUR Í FYRIRRÚMI Í FB**

Að mati Sigríðar Önnu og Davids er FB draumaskóli; andinn í skólanum er einstaklega góður.

„Við stöndum saman, erum vinir og fagfólk. Metnaður fyrir velgengni nemenda okkar er mikill og við erum afar stolt af vinnustað okkar sem er svo lifandi og fjölbreyttur.“



Kennararnir Sigríður Anna Ólafsdóttir og David P. Nickel segja andann í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti einstakan og metnað fyrir velgengni og vellíðan nemenda mikinn. MYND/GVA

David hefur unnið við fleiri en fjórtán skóla hérlendis, á öllum skólastigum. Hann veit því hvað hann syngur.

„Hvorki í Kanada né hér á landi hef ég upplifað vinnustað eins og Fjölbrautaskólann í Breiðholti. Starfsandi skólans er ekki sambærilegur við neitt og markmiðin ávallt sameiginleg.“

**VIRÐING OG SAMSTAÐA**

Það er samdóma álit Davids og Sigríðar Önnu að best sé staðið með kennurum með því að sýna starfi þeirra viðurkenningu og virðingu.

„Kennarar hafa ómæld áhrif á komandi kynslóðir og ættu vitaskuld að njóta tilskilinnar virðingar,“ segir David. „Til að öðlast virðingu nemenda verður kennari að vera með þeim allra bestu í sínu fagi; annars er hætta á að enginn hlusti á hann. Þá er mikilvægt að hann kunni að ná til nemenda sem eiga erfitt í námi og jafnvel líka með að fóta sig í lífinu. Nemendur njóta þess á móti að kennarar eru til staðar fyrir þá til að veita þeim stuðning og hvatningu,“ útskýrir David.

Sigríður Anna bætir við:

„Við kennarar þurfum að standa með okkur sjálfum og vera stolt af starfi okkar. Við þurfum að tala af virðingu um starfið og standa vörð um réttindi okkar.“

## Þungamiðjan í skólakerfinu

**Katrín Jakobsdóttir** mennta- og menningarmálaráðherra (VG).

„Kennarar eru þungamiðjan í skólakerfinu – þeir eru vélin sem lætur allt ganga áfram og eru lykill að allri framþróun í skólamálum. Ráðherrar á hverjum tíma geta sett lög og reglur en hreyfiaflið sjálft kemur frá fagfólkinu. Við sem förum með umboð kjósenda á hverjum tíma verðum að hlusta eftir röddum fagfólks og nýta þær nemendum og samfélaginu öllu til hagsbóta. Þannig vil ég standa með kennurum, að við vinnum saman að því að skólinn geti verið það hreyfiafl í samfélaginu sem hann þarf að vera til að hér byggist framsækið samfélag.“



KENNARASAMBAND ÍSLANDS

**Fréttabréf Kennarasambands Íslands**

Ritstjórar: **Kristín Elfa Guðnadóttir og Guðlaug Guðmundsdóttir**

Ábyrgðarmaður: **Þórður Á. Hjaltested**

# Lifað, leikið og lært í Árskóla

Nemendur og starfsfólk Árskóla starfa saman undir einkunnarorðunum lifa, leika, læra. Nýleg úttekt mennta- og menningarmálaráðuneytisins á skólastarfinu þar var jákvæð og kom þar fram að Árskóli er eitt lærdómssamfélag.

Barnaskóli var fyrst stofnaður á Sauðárkróki árið 1882. Síðar urðu til gagnfræðaskóli og iðnskóli þar í bæ. Skólastofnanirnar á Króknum hafa þróast og aðlagast samfélaginu hverju sinni en árið 1998 voru barna- og gagnfræðaskólinn sameinaðir í einn 400 nemenda grunnskóla með sérdeild og heilsdagsskóla sem ber nafnið Árskóli. Þar starfa um áttatíu manns, þar af 43 kennarar.

Í Árskóla starfa nemendur og starfsfólk saman undir einkunnarorðunum lifa, leika, læra. Skólastarfið byggir á þessum orðum sem fela í sér lífsleikni í sínum víðasta skilningi og leggur grunninn að vegferð skóla sem lærir. Þar skal gefa öllum nemendum tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni og temja sér vinnubrögð sem stuðla að stöðugri viðleitni til menntunar og þroska.

**DANSAÐ OG LEIKIÐ**

Ríkar hefðir hafa skapast í skólastarfinu, s.s. að allir nemendur skólans koma fram á leikssviði árlega og nemendur í 10. bekk setja upp leikrit í fullri lengd með aðkomu allra nemenda. Einnig er dans ríkur þáttur í skólastarfinu og allir nemendur útskrifast með góða dansfærni. Aðrir fastir viðburðir í skólastarfinu eru til dæmis friðarganga, gleðiganga og danshátíð.

Skólinn hefur verið í fararbroddi innra mats á skólastarfi. Stuðst hefur verið við skoskt sjálfsmatskerfi frá árinu 2000 sem hefur reynst skólastarfinu notadrjúgt og farsælt. Nemendur, foreldrar og starfsfólk taka á skipulegan hátt þátt í innra matinu, bæði með árlegum nemendakönnunum sem og með þátttöku í mati skólastarfs með sjálfsmatsaðferðum skólans, Gæðagreinum. Í skólastarfinu er lögð áhersla á þjálfun lýðræðislegra vinnubragða, bæði í almennu námi og í félagsstörfum.

**FORELDRAVERÐLAUN ÁRIÐ 2011**

Þá hefur skólinn tekið þátt í ýmsum þróunarverkefnum, s.s. vinaverkefninu sem hlaut foreldraverðlaun Heimilis og skóla árið 2011. Á vordögum heimsóttu fulltrúar Heimilis og skóla og mennta- og menningarmálaráðherra skólann til að kynna sér verkefnið. Formaður Heimilis og skóla ritar grein í nýjasta tímarit Heimilis og skóla og talar afar lofsamlega um skólabraginn í Árskóla.



Í Árskóla er starfað undir einkunnarorðunum lifa, leika, læra. MYND/ÚR EINKASAFNI

Mikil áhersla hefur verið lögð á símenntun starfsfólks sem hefur m.a. falist í heimsóknum í aðra skóla, innanlands og utan. Á skólinn m.a. vinaskóla í Danmörku, Skotlandi og Englandi sem bæði starfsfólk og nemendur hafa notið góðs af, auk þess að taka þátt í Comenius-verkefnum með skólum í öðrum löndum.

Nýleg úttekt (2010) mennta- og menningarmálaráðuneytisins á skólastarfinu í Árskóla var jákvæð og kom þar meðal annars fram að Árskóli væri eitt lærdómssamfélag, þ.e. skóli sem lærir, en markmið starfsþróunar í skólanum undanfarin ár hefur einmitt verið að læra hvert af öðru og nýta þannig styrkleika starfsfólksins og auka fagmennsku í starfi.

5. OKTÓBER 2012

# Lífið

HAUSTTÍSKAN Í MYNDUM

HOLLUSTA MEISTARANNA

INNLIT HJÁ HÖNNU BIRNU



# ÍHUGAÐI Á KÖFLUM AÐ GEFAST UPP

## SIGRÚN ÓSK KRISTJÁNSDÓTTIR UM ÁTAKANLEGA GERÐ NEYÐARLÍNUÞÁTTANNA

FRÉTTABLAÐIÐ

Lífið er á Vísi – visir.is/lifid

## HVERJIR VORU HVAR?

Miðbæjarkjarninn Höfðatorg er vinsæll staður í hádeginu á virkum dögum. Þar mátti sjá í vikunni sem leið sjónvarpsstjörnurnar **Björn Braga Arnarsson** og Sölva Tryggvason en þó ekki saman, ritstjórana Mörtu Maríu Jónasdóttur, Björk Eiðsdóttur og Elínu Arnar og Nönnu Margréti Gunnlaugsdóttur verslunareiganda.



Þá hélt **Sigríður Dögg Auðunsdóttir** blaðamaður upp á fertugsafmælið sitt síðustu helgi á Bergsson mathúsi og þar



mætti meðal annars fjölmiðlafólkið **Erla Hlynsdóttir**, Gunnar Smári Egilsson, Mikael Torfason, Einar Þorsteinsson, Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir og Hjördís Rut Sigurjónsdóttir.





Lífið

UMSJÓN

Ellý Ármanns elly@365.is

Kolbrún Pálína Helgadóttir kolbrunp@365.is

Útgáfufélag 365 miðlar ehf.

Forsíðumynd Valgarður Gíslason

Útlitshönnun Arnór Bogason

Auglýsingar Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is

Lífið Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000 www.visir.is/lifid

Hár: Nína Kristjánsdóttir á Mojo

Förðun: Harpa Káradóttir hjá Mac

Fatnaður: Boss



Gísli Örn Garðarsson mætti að sjálfsögðu. MYNDIR/KRISTÍN EDDA



Sigmar Vilhjálmsson og Bryndís Björg Einarsdóttir.

# KÁTIR LEIKHÚSGESTIR

**Leikverkið Á sama tíma að ári með Góa og Nínu Dögg í aðalhlutverkum lagðist vel í frumsýningargesti Borgarleikhússins síðustu helgi.**





A. Friðrik Karlsson og Þórunn Erna Clausen ásamt Ólínu Gísladóttur og Jóhannesi Ásbjarnarsyni.

Sjá nánar á visir.is/lifid

# SIGURLAUG SIGRAÐI



Úrslit í Elite Model Look 2012 fór fram síðustu helgi í glæsilegum húsakynnum Elite á Íslandi að Ármúla.

Sigurlaug Birna Guðmundsdóttir, 14 ára, bar sigur úr býtum. Alls komust sautján stúlkur í úrslitakeppnina af rúmlega 200 sem mættu í opnar prufur í Smáralind í byrjum september.

Sigurlaug mun taka þátt í Elite Model Look World í Sjanghæ í Kína í desember, þar sem sigurvegarar frá 70 löndum taka þátt, en stúlkurnar sem raða sér í efstu sætin þar hljóta samning við Elite World og fylgja í fótspor ofurfyrirsæta eins og Cindy Crawford og Lindu Evangalista sem voru einmitt uppgötvaðar í gegnum Elite Model Look.



MYNDIR/PÉTUR FJELDSTED EINARSSON




# ELDAR FYRIR HOLLYWOOD-STJÖRNU



Heyrst hefur að Solla, eða Sólveig Eiríksdóttir, sem er frumkvöðull á sviði hollustu og matargerðar, hafi verið fengin til að elda dýrindis hráfæðisrétti fyrir Hollywood-stjörnuna og Íslandsvininn Ben Stiller og starfsfólk hans í Stykkishólmi á meðan tökur á kvikmyndinni The Secret Life of Walter Mitty fóru fram. Íþróttahúsinu í bænum var breytt í matsal fyrir hópinn. Ben var svo ánægður með Sollu að hann tók með sér hvorki meira né minna en þrjátíu kassa af himnesku appelsíni með sér heim til New York.



# HEITASTA ÁSTARSAGAN

## BÓKIN SEM ALLIR ERU AÐ TALA UM




1. Sæti
Heildarlisti – 26.09 – 02.10.12
METSÖLULISTI EYMUNDSSON

1. PRENTUN UPPSELD
2. PRENTUN KOMIN Í VERSLANIR

„Las bókina upp til agna. Kynlífslýsingarnar voru svo sannarlega hressar.“

Guðrún Gyða Árnadóttir

„Ég hafði mjög gaman af Fimmtíu gráum skuggum. Bókin er um svo miklu meira en bara kynlíf.“

Tinna Gunnarsdóttir



„Gjörsamlega frábær afþreying!“

Þórunn Ragnarsdóttir



„Geggjuð bók, gat ekki lagt hana frá mér.“

Inga Dóra Gunnarsdóttir

*www.forlagid.is – alvöru bókabúð á netinu*







Í sjónvarpsþættinum Heimsókn, sem er á dagskrá Stöðvar 2 í opinni dagskrá annað kvöld strax að loknum kvöldfréttum, bankar sjónvarpsmaðurinn Sindri Sindrason upp á hjá Hönnu Birnu.



Heimili Hönnu Birnu er einstaklega stílhreint, bjart og fallegt!

# HANNA BIRNA HEIMSÓTT



**Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarfulltrúi býr ásamt eiginmanni sínum og tveimur dætrum í fallegu raðhúsi í Fossvogi. Heimilið er stílhreint og fallegt en Hanna segir húsið til að nota það og stressar sig ekkert þótt yngri dóttirin spili fótbolta innandyra eins og hún á til að gera. Annað kvöld á Stöð 2 heimsækir Sindri Sindrason sjónvarpsmaður fjölskylduna.**




## Dagur í lífi Gunnu Dísar



Þáttastjórnendurnir Andri og Gunna Dís fengu sent bakkelsi að norðan upp í Efstaleiti í gær.

**06.45** Vekjaraklukkan á símanum hringir við lítinn fögnuð, ég teygi mig í útvarpstækið á náttborðinu mínu og kveiki á því í leit að lífsgleðinni en ég er frekar morgunfúl manneskja.

**06.55** Eftir að hafa legið uppi í rúmi í tíu mínútur og dæst yfir örlögum mínum er ég öll að koma til. Ég stend á fætur, knúsa stelpuna mína til að koma henni fram úr rúminu og trítla inn á bað í sturtu.

**07.45** Hleyp út um dyrnar heima með eiginmanninn og með barnið í farteskinu, þakklát fyrir að hafa komist í gegnum morgunstundina stórslysalaust.

**08.00** Mæti til vinnu í Efstaleitinu, sest við tölvuna og byrja að svara póstum, drekka kaffi og fínpússa þáttinn sem hefst klukkan 9.00.

**09.00** Virkir morgnar fara í loftið þar sem við Andri minn spjöllum um allt og ekkert og tökum á móti frábæru fólki auk þess sem við spilum tónlist sem passar við skapið á okkur hverju sinni.

**12.15** Við Andri töltum upp í mötuneyti RÚV þar sem við borðum hádegismat á mettíma.

**16.00** Ég bruna í Vesturbæinn að sækja dóttur mína hana Aðalheiði Helgu á leikskólann. Við förum yfir helstu atriði dagsins á leið okkar að sækja pabba hennar í vinnuna.

**18.00** Eftir að hafa tekið „ganga frá“-maníu í hálftíma, klukkutíma kveiki ég á kertum og góðri tónlist og byrja að elda. Stelpan mín hjálpar mér oft en henni finnst fátt skemmtilegra en að saxa sveppi í smáa bita. Ég elska að elda og eyði miklum tíma í eldhúsinu og geng frá jafnóðum þannig að það sé eiginlega ekkert sem bíður mín nema melta eftir matinn.

**19.00** Fjölskyldan borðar saman, gengur misvel, eftir því hvort litla er í stuði til að borða eða ekki.

**19.30** Við Aðalheiður Helga leikum okkur eða hún situr hjá mér og litar áður en við burstum tennurnar, bað fyrir svefninn er líka voða vinsælt hjá henni. Að lokum leggjumst við upp í rúm og lesum bók og biðjum bænirnar áður en hún sofnar.

**20.30** Hlamma mér í sófann fyrir framan sjónvarpið og kíki á einn þátt eða svo, ef maðurinn minn er ekki að vinna þá situr hann hjá mér og við spjöllum á meðan við horfum á sjónvarpið með öðru auganu.

**21.30** Fer upp í rúm með góða bók og er iðulega sofnuð fyrir klukkan tíu á kvöldin, södd og sæl.



STÓLA DAGAR
NÚ 69.900
áður 99.900.-
20% AFSLÁTTUR
AF STÖKUM STÓLUM
(Gildir ekki af kollum og pullum)
RÓMÓ Í STOFUNA
AFMAELISHÁTÍÐ
Á KORPUTORGI UM HELGINA
LYDIE GEGNHEIL EIK
KERTI
HAUSLITIRNIR KOMNIR
19.900
24.900
49.900
the PIER
SMÁRATORGI 522 7860 • KORPUTORGI 522 7870 • GLERÁRTORGI 522 7880



# ÞÓTTI VÆNT UM VIÐURKENNINGUNA

Sigrún Ósk Kristjánsdóttir hefur unnið hörðum höndum að nýjum sjónvarpsþáttum undanfarið sem bera heitið Neyðarlínan og fjalla um íslensk mál sem farið hafa í gegnum Neyðarlínuna. Lífið tók púlsinn á þessari kröftugu fjölmiðlakonu sem var á dögunum valin sú vinsælasta af álitsgjöfum DV, spjallaði við hana um ferilinn og fleiri spennandi verkefni sem fram undan eru.

Fjölmiðlaferill Sigrúnar Óskar hófst fyrir algjöra tilviljun þegar hún var aðeins nítján ára gömul. Er óhætt að segja að hann sé búinn að v









**FULLT NAFN?** Sigrún Ósk Kristjánsdóttir.
**ALDUR?** 32 ára (ég þurfti að hugsa mig um).
**STARF?** Dagskrárgerðarkona á Stöð 2.
**HJÚSKAPARSTAÐA?** Í sambúð.
**BÖRN?** Orri Þór, 2 ára.

**Hvar ertu fædd og uppalin?** Ég er fædd í Reykjavík, bjó í Danmörku til sjö ára aldurs þar sem foreldrar mínir skildu og flutti eftir það heim á Akranes með mömmu. Síðustu 15 árum hef ég eytt á markvissum þvælingi milli landa og landshluta hér heima en ákvað fyrir fjórum árum að ég ætlaði að búa á Skaganum. Ég er frekar róleg að eðlisfari og kýs að hafa hlutina einfalda þegar það er hægt. Þess vegna finnst mér svo gott að geta keyrt heim á Akranes eftir erilsaman dag á fréttastofunni þar sem símarnir hringja látlaust og allir eru í stöðugu kapphlaupi við tímann.

## Var óþolandi í minningunni

**Hvernig unglingur varstu?** Mamma neitar að kannast við að ég hafi verið annað en til fyrirmyndar en í minningunni var ég óþolandi. Ég held samt að hún hafi ekki þurft að hafa miklar áhyggjur af mér og þótt félagsskapurinn hafi verið upp og ofan var ég alltaf með mitt nokkurn veginn á hreinu. Ég hef aldrei verið neitt sérstaklega áhrifagjörn. Svo stóð ég mig í skólanum og var dugleg að vinna. Jú, jú, kannski var ég bara til fyrirmyndar.

**Segðu okkur aðeins frá fjölmiðlaferli þínum, sem er orðinn nokkuð langur, og hvernig hann hófst.** Það var fyrir hálfgerða tilviljun, er það ekki alltaf þannig? Ég hafði nefnt það við mömmu í hálfkæringi einhvern tímann að ég gæti hugsað mér að verða fréttaþulur. Skömmu seinna hitti hún bekkjarsystur mína úr grunnskóla og einhvern veginn barst í tal að frændi hennar, sem á héraðsfréttablaðið Skessuhorn, væri að leita að blaðamönnum. Mömmu misminnti eitthvað örlítið og sagði að mig langaði einmitt svo í blaðamennsku. Augnabliki seinna var búið að ráða mig til starfa á Skessuhorni. Þá var ég 19 ára. Eitt leiddi af öðru og það er svo ótrúlegt að ég hef aldrei þurft að sækja um vinnu innan fjölmiðla. Þetta hefur bara rúllað einhvern veginn.

## Uppáhalds

**SJÓNVARPSÞÁTTUR?** 60 Minutes.
**TÍMARIT?** Home & Delicious, Hús og híbýli og Bo bedre.
**VERSLUN?** Einarsbúð.
**VEFUR?** Ég gleymi stað og stund þegar ég dett inn á pinterest.com.
**HREYFING?** Jóga, sund og fjallgöngur. Þegar mig vantar frið til að hug
búin að skipuleggja næstu fimm daga í smáatriðum.
**DEKUR?** Það er fátt betra en gott nudd.

## Ekki gallalaus vinna

**Ertu í draumastarfinu í dag?** Já, svo sannarlega. Ég hef alltaf haft brennandi áhuga á fólki, sérstaklega fólki sem er að gera eitthvað óvenjulegt, er skapandi eða hefur frá miklu að segja. Þessi vinna er alls ekki gallalaus en ég held að það sé leitun að skemmtilegri og fjölbreyttari vinnu.

**Hvernig varð hugmyndin að neyðarlínuþættinum til?** Fyrir þremur árum fékk ég símtal frá fulltrúa Rauða krossins vegna skyndihjálparmanns ársins. Hugmynd þeirra var að gera meira en stutta frétt um verðlaunahafa þess árs. Við hittumst á fundi og eftir smá spjall nefndi einhver að mögulega væri hægt að nota símtalið til Neyðarlínunnar í umfjölluninni. Fram að því hafði ég ekki einu sinni gert mér grein fyrir því að þessi símtöl væru geymd. Sú sem vann þetta árið hafði bjargað föður sínum sem fór í hjartastopp í sumarbústað fjölskyldunnar, en auk feðginanna voru tvö ung börn á

svæðinu a
að við flé
ég man el
umfjöllun
hugsaði é
röð en þa
inni í fram

## Ánægð me

**Það hlýtu**
**upplýsing**
**eflaust e**
**svolítið á**
að þetta l
tilbúin að
Þetta er b
og það ka
væru bún
En ég e
sem betur
um sögur
hjálpað ö



vera farsæll síðan. MYND/VALLI

sa fer ég í sund. Einum kílómetra seinna er ég

auk þess sem konan var ófrísk. Það varð úr
ttuðum símtalinu inn í viðtal við feðginin og
kki eftir að hafa fengið jafnmikil viðbrögð við
enda símtalið magnað og sagan í heild. Þá
ég strax með mér að þetta væri efni í þátta-
að hefur tekið sinn tíma að koma hugmynd-
nkvæmd.

### eð afraksturinn

**ur að vera flókið mál að afla allra gagna og
ga fyrir svona þætti, hvað þá að hreyfa við
rfiðum málum. Er þetta ekki búið að vera
átakanlegt verkefni?** Jú, ég neita því ekki
hefur oft reynt mikið á og er meira að segja
játa að á köflum íhugaði ég að gefast upp.
úin að vera botnlaus vinna mánuðum saman
emi mér ekki á óvart þótt einhverjir vinir mínir
ir að gleyma hvernig ég lít út.
er mjög ánægð með afraksturinn og fólk hefur
r fer verið tilbúið til að treysta mér fyrir þess-
m sínum með það fyrir augum að þær geti
örum. Fyrir það er ég mjög þakklát. Ég er

FRAMHALD Á SÍÐU 8

LOLITA.IS KYNNIR:

**Lolita.is** er verslun í Trönuhrauni 2 í Hafnarfirði.

Gott úrval af fatnaði, skarti og fylgihlutum á góðu verði.

Sjón er sögu ríkari. Láttu okkur koma þér á óvart og kíktu inn.






SKEIFAN 19 108 REYKJAVÍK SÍMI 568 1717 WWW.HREYSTI.IS OPIÐ VIRKA DAGA FRÁ KL. 10-18 - LAUGARD. 11 - 15



MYND/VALLI


# Útsala

Útsalan byrjar í dag föstudag.

**Öll efni á 1000-1500 krónur.**

textilline

Laugavegi 101.
Sími 552 1260.
Opið frá 10 – 18.






365 miðlar treysta okkur fyrir öruggri dreifingu á Fréttablaðinu

Póstdreifing

Póstdreifing | Suðurhraun 1 | 210 Garðabær | Sími 585 8300 | www.postdreifing.is


FRAMHALD AF SÍÐU 7

líka búin að fá ómetanlega aðstoð frá starfsmönnum Neyðarlínunnar, er orðin eins og húsköttur hjá þeim í Skógarhlíðinni. Ég spurði þá um daginn hvort þeir myndu ekki halda veislu þegar þeir yrðu lausir við mig en þeir þorðu nú ekki að viðurkenna það.

**Nú varstu valin besta fjölmiðlakona landsins á dögunum – hvernig var sú tilfinning og hverju viltu þakka það?** Ég verð að viðurkenna að mér þótti mjög vænt um það. Ekki að svona lagað breyti neinu til eða frá, en það er góð tilhugsun að maður þyki ekki ómögulegur. Þakka það? Hundaheppni með hóp álitsgjafa held ég bara, haha. Nei, ég veit það ekki. Ég hef alltaf reynt að vanda mig við það sem ég geri og það gleður mig ef fólk tekur eftir því.

## Langir vinnudagar

**Þú býrð á Akranesi, keyrir á milli og átt lítinn fallegan dreng. Koma aldrei erfiðir dagar sem reyna á mömmuhjartað?** Ó, jú! Ég fékk símtal frá leikskólanum um daginn, var sagt að hann hefði dottið og þyrfti að fara til læknis. Mér fannst hræðilegt að komast ekki sjálf að sækja hann. Svo er hann mikið í pössun hjá ömmum og öfum þegar við foreldrarnir erum að vinna langa vinnudaga. En hann er kátur og glaður, það er það eina sem skiptir mig máli. Ég verð líka síðust til að vanmeta þann fjársjóð sem felst í að fá að vera mikið hjá afa og ömmu. Ég var sjálf með annan fótinn hjá foreldrum mömmu öll mín æskuár og er afskaplega þakklát fyrir það.

**Eru fleiri spennandi verkefni á dagskrá hjá þér?** Já, heldur betur. Ég var líka að leggja lokahönd á bók sem heitir Gleðigjafar og var send í prentun í gær. Þetta er bók sem ég hef unnið ásamt vinkonu minni, Thelmu Þorbergsdóttur, en ég kynntist henni þegar ég tók við hana viðtal fyrir Ísland í dag á síðasta ári. Tilefni viðtalsins var að Thelma á son sem er með Downs-heilkenni. Hún talaði við mig stuttu eftir viðtalið og bar undir mig hugmynd að bók sem hún hafði gengið með í maganum frá því sonur hennar fæddist. Bók sem innihéldi frásagnir foreldra sem hefðu eignast börn þar sem hlutirnir hefðu ekki verið „eftir bókinni“, þar sem foreldrar myndu segja frá bæði sorginni og gleðinni sem fylgir því að eiga einstök börn. Síðan hafa allar okkar frístundir farið í vinnslu bókarinnar sem inniheldur sögur tæplega 30 barna og foreldra þeirra. Sögurnar eru jafn misjafnar og þær eru margar enda var foreldrunum í sjálfsvald sett hvernig þeir settu þær upp. En það er áberandi samhljómur í bókinni allri og hann er sá að öll börn eru gleðigjafar. Ég er afskaplega stolt af þessari bók og þykir mjög vænt um hana.

**Eitthvað að lokum?** Ég hef alltaf staðið í þeirri meiningu að það felist sannleikskorn í því að maður hafi rétt fyrir sér hvort sem maður er sannfærður um að maður geti eitthvað eða ekki.

> ” Ég hef alltaf haft brennandi áhuga á fólki, sérstaklega fólki sem er að gera eitthvað óvenjulegt, er skapandi eða hefur frá miklu að segja. Þessi vinna er alls ekki gallalaus en ég held að það sé leitun að skemmtilegri og fjölbreyttari vinnu.

## Dagur í lífi Sigrúnar Óskar

**07.20** Vekjaraklukkan hringir.

**08.20** Barnið komið í leikskólann og ég upp í bíl á leið til Reykjavíkur. Yfirleitt með morgunmatinn með mér og maskara á öðru „auganu“ (ef það er svo gott).

**09.00** Vinnudagurinn hefst. Þessa dagana er ég á öðru hundraðinu að leggja lokahönd á Neyðarlínuþættina.

**11.30** Ég er alltaf orðin svöng um ellefuleytið og fer í hádegismat klukkan hálftólf. Það vill svo skemmtilega til að ég á þetta sameiginlegt með öllu mínu nánasta samstarfsfólki.

**17.20** Keyri heim til Akraness.

**18.00** Sæki Orra litla sem er yfirleitt í pössun hjá annarri hvorri ömmunni eða afa.

**19.00** Ég vildi óska þess að ég gæti sagst elda kvöldmat, en ég man ekki hvenær ég gerði það síðast. Er ekki einu sinni viss um að það hafi verið á þessu ári. Býð fjölskyldunni upp á hrökkbrauð með osti og gulrót.

**21.00** Sonurinn sofnaður. Síðastliðið ár hef ég eytt öllum kvöldum í tölvunni vegna Neyðarlínunnar og bókar sem heitir Gleðigjafar og er á leið í prentun.

**01.30** Fer í háttinn og lofa sjálfri mér því að fara fyrr að sofa á morgun.


1.ÁRS AFMÆLI
HELGINA 5.-7. OKTÓBER
KAUPAUKI, VÍNKYNNING, FLASS Í BEINNI,
STÍLISTI & FÖRÐUN FRÁ NYX Á STAÐNUM
25% AFSLÁTTUR
AF ÖLLU ALLA HELGINA
JÚNÍK
SMÁRALIND



**Blár rúllukragabolur, gult ullarpils, hattur og skór** (Marc O Polo)
**Grátt gæruvesti** (Feldur frá Mýrinni)
**Hanskar og taska** (Yvonne Koné frá Mýrinni)
**Hálsmen** (Hring eftir hring)



**Leðurpils, appelsínugulur bolur og grá prjónagolla** (Marc O Polo)
**Hálsmen og hringur** (Hring eftir hring)
**Hanskar** (Smart Boutique)

# TÍSKAN AÐ HAUSTI ...

**Haustið er komið í allri sinni dásamlegu dýrð og dulúð. Að því tilefni fékk Lífið fagfólk með meiru til að setja saman það heitasta í tísku, hári og förðun.**



**Kápa og buxur** (Samuji frá Mýrinni)
**Prjónapeysa og klútur** (Marc O Polo)
**Klútur** (Kron by Kronkron frá Mýrinni)
**Hálsmen** (Hring eftir hring)



**Skyrta, kjóll og jakki** (Marc O Polo)
**Slaufa** (Hring eftir hring)

FÖRÐUN: FRÍDA MARÍA MEÐ BOBBY BROWN HÁR: FRÍDA MARÍA MEÐ LABEL.M STÍLISTI: ERNA BERGMANN
LJÓSMYNDUN: BJÖRG VIGFÚSDÓTTIR AÐSTOÐARLJÓSMYNDARI: ARNDÍS




SOHO MARKET
Grensásvegur 8 | Sími 553 7300 SOHO/MARKET Á FACEBOOK
Opið mán – fim 12–18, fös 12–19, laug 12–17

**AUGLÝSING:** TE & KAFFI KYNNIR

# VETRARDRYKKIR TE OG KAFFI




### RJÓMAKARAMELLU- OG SÚKKULAÐI-CAPPUCCINO

Inniheldur: Espresso, cappucino-mjólk, rjómakaramellusýróp og Choc O´lait-súkkulaðiprik sem brætt er út í.




### MATCHA LATTE

Inniheldur: Matcha-te, heita mjólk og vanillusýróp.




### PIPARMYNTUSÚKKULAÐI

Inniheldur: Heitt súkkulaði með myntu-sýrópi, rjóma og súkkulaðisósu.




### KARAMELLU-SVISS MOKKA

Inniheldur: Espresso, heitt súkkulaði, karamellusýróp, rjóma og karamellusósu.




### PIPARKÖKULATTE

Inniheldur: Espresso, lattemjólk, kanil, piparkökusýróp og kanil sem sáldrað er yfir.




### GRÆNT TE MEÐ ENGIFER

Inniheldur: Hreint grænt te og engiferskot.




### CHAI LATTE

Inniheldur: Chai-teblöndu, chai- og kanilsýróp, flóaða mjólk og kanil sem sáldrað er yfir.

# LJÚFFENGIR VETRARDRYKKIR Í SKAMMDEGINU

› Sjá nánar á visir.is/lifid




Te og kaffi býður upp á fjölbreytt úrval vetrardrykkja og ljúffengar veitingar í vetur að sögn Juan Camilo Roman Estrada, starfsmannastjóra verslana Te og kaffi. MYND/VALLI

**Viðskiptavinir kaffihúsakeðjunnar Te og kaffi geta valið úr fjölda ljúffengra vetrardrykkja í bland við fjölbreyttar veitingar. Keðjan rekur nú níu staði á Íslandi.**

Með lækkandi sól eykst úrval vetrardrykkja hjá kaffihúsakeðjunni Te og kaffi. Undanfarin tvö ár hefur úrval vetrardrykkja aukist jafnt og þétt til viðbótar við þær fjölbreyttu veitingar sem eru í boði hjá Te og kaffi. Juan Camilo Roman Estrada, starfsmannastjóri verslana Te og kaffi, segir kaffihúsið hafa aukið jafnt og þétt við drykkjaúrvalið undanfarin ár með það að markmiði að stíla inn á hvern árstíma. Kaldari drykkir fái meira vægi yfir sumartímann en nú sé að ganga í hönd tími heitu drykkjanna enda vetur skollinn á. „Við höfum lengi vel selt ýmsa heita drykki en undanfarin tvö ár höfum við komið sterk inn með vetrardrykkina okkar. Bæði sumar- og vetrardrykkir okkar hafa selst mjög vel enda mikil fjölbreytni í boði af góðum drykkjum. Á sumrin eru kaldir drykkir vinsælir, til dæmis frappó og ávaxtafrappó, en yfir veturinn koma drykkir eins og matcha latte og karamellu-sviss mokka sterkt inn. Grænt te með engifer er mjög orkugefandi og er líka rosalega vinsælt. Þessir drykkir eru mjög vinsælir hjá okkur og hafa selst mjög vel.“

Vetrardrykkir Te og kaffi eru þróaðir af starfsmönnum kaffihúsakeðjunnar og eru bæði kaffi- og tedrykkir. Innihald þeirra er fjölbreytt, spennandi og ljúffengt. Þar má meðal annars nefna kanil, myntusýróp, engiferskot, rjómakaramellusýróp, rjóma, súkkulaðisósu, piparkökur og Choc O´lait-súkkulaðiprik.

Auk ljúffengra vetrardrykkja býður Te og kaffi upp á girnilegar veitingar allt árið um kring. „Við erum alltaf að prófa eitthvað nýtt í eldhúsum okkar. Við bjóðum upp á gott úrval af salötum, girnilegar samlokur og pan-ini. Einnig erum við með fjölbreytt úrval af beyglum og kökum. Núna í vetur viljum við til dæmis leyfa viðskiptavinum okkar að smakka 2-3 nýjar „djúsí“ kökur með drykkjunum. Við reynum að bjóða upp á fjölbreytt úrval veitinga enda viljum við sjá sem fjölbreyttastan hóp viðskiptavina hjá okkur: barnafólk, vinahópa, skólafólk, eldri borgara og allt þar á milli. Það eru allir velkomnir á kaffihúsin okkar.“

Í dag rekur Te og kaffi níu kaffihús, eitt á Akureyri og átta á höfuðborgarsvæðinu. „Markmið okkar er að styrkja kaffihúsamenningu á Íslandi og það gerum við til dæmis með úrvali góðra drykkja. Við viljum fá fólk hingað inn til að spjalla og eiga góða stund í góðu andrúmslofti.“

# Lífið

## ÞJÓÐÞEKKTIR FAGNA Í KASTANÍU

Verslunin Kastanía í turninum Höfðatorgi fagnaði haustkomu í gærkvöldi með yndislegu boði þar sem boðið var upp á hvítvín og snittur. Fjöldi þjóðþekktra einstaklinga mætti á staðinn. Þar má nefna **Þórunni Antoníu** söngkonu, fjölmiðlakonurnar **Eddu Sif Pálsdóttur** og **Yesmine Olsson**, **Sverri Þór Sverrisson**, sem oftast er kallaður Sveppi, og eiginkonu hans Írisi Ösp Bergþórsdóttur. Einnig létu Ragnheiður Hulda Friðriksdóttir, Svanhvít Guðmundsdóttir og Halla Aðalsteinsdóttir sjá sig.



## Helgar-MATURINN



**Salóme Guðmundsdóttir**
**forstöðumaður hjá Opna háskólanum í HR og jógakennari.**

Það hefur líklega ekki farið framhjá neinum að það er mánuður meistaranna og af því tilefni leitaði Lífið til Salóme, sem hefur tileinkað sér almennt mjög hollan og heilbrigðan lífsstíl, og bað hana að deila einni uppáhaldsuppskriftinni sinni með okkur fyrir helgina.

### Djúsí heilsusalat (f. 2-3)

„Þetta salat er algjört æði, litríkt, gómsætt og rosalega einfalt. Það er í miklu uppáhaldi hjá mér. Ég fékk þessa uppskrift upprunalega hjá Rakel Sif Sigurðardóttur sem heldur úti síðunni Næring og heilsa á Facebook og síðan aðeins prófað mig áfram."



1 poki klettasalat (u.þ.b. 75 gr)
1/3 agúrka skorin í bita
nokkur fersk jarðarber skorin í bita
2-3 harðsoðin egg í sneiðum
2x handfylli af kasjúhnetum og grófum kókosflögum (léttristað á pönnu með smá kókosolíu og maldon salti)
6–8 döðlur skornar í sneiðar
1 avókadó (meðalstórt)
smá geitaostur skorinn í sneiðar (má sleppa) eða fetaostur eftir smekk
balsamic krem yfir

Öllu blandað saman og smá balsamic dreift yfir. Þetta salat er gott að bera fram með nýbökuðu brauði og ísköldu vatnsglasi, en svo væri líka hægt að grilla kjúkling og rífa niður í salatið til að gera það matarmeira. Ótrúlega léttur og góður og einstaklega fljótlegt að græja.








Síerra Leóne er á meðal fátækustu landa í heimi og eru lífskjör þar með þeim verstu í heiminum.

# Menntun og mannúð

Kennarasamband Íslands og íslenskir kennarar styðja þróunarstarf í Síerra Leóne í samvinnu við Rauða kross Íslands.

Síerra Leóne er á vesturströnd Afríku, milli Gíneu og Líberíu. Landið er meðal fátækustu landa í heimi og lífskjör þar með því versta sem gerist. Nærri helmingur þjóðarinnar er undir fimmtán ára aldri, en grimmileg borgarastyrjöld geisaði í landinu um árabil með nauðungarþátttöku þúsunda barna. Síerra Leóne vermdi lengi botnsætið á lífskjaralista Sameinuðu þjóðanna en nú horfir til betri vegar og vonir hafa glæðst um batnandi lífskjör.



Rauði krossinn á Íslandi styður 150 ungmenni árlega til náms og starfsþjálfunar í svokölluðu Moyamba-athvarfi.

### FYRSTA OG EINA TÆKIFÆRIÐ TIL MENNTUNAR

Moyamba er hérað í suðurhluta Síerra Leóne. Samnefndur bær er höfuðstaður Moyamba, en þar búa á tólfta þúsund manns samkvæmt opinberum tölum frá 2004. Rauði krossinn á Íslandi styður 150 ungmenni árlega til náms og starfsþjálfunar í svokölluðu Moyamba-athvarfi. Ungmennin læra þar að lesa og skrifa og stunda iðnnám. Hver nemandi fær áhöld fyrir sitt sérsvið sem hann nýtir í náminu og fær svo til eignar að útskrift lokinni; trésmíðanemar fá sagir, hamra og hefla en klæðskeranemarnir fá meðal annars saumavél. Fræðsla um alnæmi og getnaðarvarnir er líka í námsskránni. Þórir Guðmundsson sviðsstjóri segir að kennararnir í Moyamba-athvarfinu séu ákaflega líflegir og sumar kennslustundirnar séu eins og vakningarsamkomur. Flestar stúlknanna þarna eiga erfiða lífsreynslu að baki, margar þeirra hafa til dæmis alið börn kornungar. Árið sem þær fá í athvarfinu skiptir sköpum í lífi þeirra að sögn Þóris. Fyrir mörg ungmennanna í athvarfinu er þetta fyrsta og eina tækifærið til að öðlast menntun. Alþjóða Rauði krossinn í Síerra Leóne heldur úti nokkrum slíkum athvörfum víðs vegar um landið en Rauði krossinn á Íslandi hefur stutt starfsemina í Moyamba frá 2004.



Hver nemandi fær áhöld fyrir sitt sérsvið sem hann nýtir í náminu og fær svo til eignar að útskrift lokinni.

### SÖFNUM FÉ HANDA MOYAMBA-ATHVARFINU

Á alþjóðadegi kennara 2012 stendur KÍ að fjársöfnun til styrktar verkefninu í Moyamba-athvarfinu í samstarfi við Rauða kross Íslands. Fjárins verður aflað meðal kennara og annarra sem áhuga hafa á þátttöku með símasöfnun. Með þessu móti hrindir KÍ í framkvæmd samþykkt frá síðasta þingi sínu og tekur þátt í alþjóðlegu uppbyggingarstarfi til að efla menntun. Fólki gefst kostur á að greiða mismunandi upphæð með því að hringja í mismunandi númer líkt og í símakosningu. Dregnar verða kr. 1.000 af símareikningi þeirra sem hringja í 9031510, kr. 3.000 af reikningi þeirra sem hringja í 9031530 og kr. 5.000 af reikningi þeirra sem hringja í 9031550.



Fyrir mörg ungmennanna í athvarfinu er þetta fyrsta og eina tækifærið til að öðlast menntun.

MENNTUN & MANNÚÐ



**ÞARF VIÐHORFSBREYTINGU** Áratugum saman hafa kennarar staðið vaktina fyrir alltof lág laun og unnið að menntun og uppeldi ungs fólks af eldmóði og hugsjón. Þeir hafa skilað þessu unga fólki út í samfélagið færu til að takast á við margháttað nám og störf. Nú stöndum við frammi fyrir miklum breytingum í skólastarfi á Íslandi. Á þeim tímamótum verður að eiga sér stað viðhorfsbreyting í samfélaginu til kjaramála kennara. Það er tími til kominn að kennurum séu greidd metnaðarfull laun til að nauðsynleg þróun geti átt sér stað í skólastarfi og til að skapa enn betri skóla, sem falla að kröfum nútímans. Kennarar á Íslandi eru kraftaverkafólk. Ég vil vinna með þeim.

*Valgerður Gunnardóttir, formaður Skólameistarafélags Íslands*



**MÆTUM Í TÍMA OG LÆRUM HEIMA** Ég ætla að standa með kennurum með því að sýna virðingu í verki, mæta í tímana sem þeir kenna mér, gera verkefnin sem þeir setja mér fyrir og með því að hvetja samnemendur mína til þess að gera slíkt hið sama.

*Hjalti Vigfússon, forseti NFMH og varaformaður SÍF en fyrst og fremst kennarabarn.*



**META KENNARA AÐ VERÐLEIKUM** Eitt helsta mótunarafl í lífi barna okkar fyrir utan okkur foreldra er skólinn. Þar gegna kennarar lykilhlutverki. Góður kennari ber virðingu fyrir nemendum sínum og nýtur virðingar þeirra. Góður kennari leiðir nemendur áfram á jákvæðan hátt, horfir á styrkleika þeirra fremur en veikleika og stuðlar að öflugu sjálfstrausti og góðum samskiptum.

Við foreldrar stöndum með kennurum með því að treysta þeim, hvetja þá áfram til góðra verka og láta þá vita að við metum þá að verðleikum. SAMFOK skorar á foreldra að sýna í verki stuðning sinn við kennara.

*Margrét Valgerður Helgadóttir, formaður SAMFOK*



**MIKILVÆGT AÐ FORELDRAR KYNNIST KENNURUM**

Við hjá Heimili og skóla – landssamtökum foreldra stöndum með kennurum. Okkur er umhugað um velferð skólabarna og vitum að kennarinn skiptir þar sköpum. Foreldrar geta stutt kennarann með því að kynnast honum og störfum hans, eiga við hann samræður um skólastarfið, styðja börnin sín í skólaverkefnum og skapa jákvætt viðhorf til kennarans og skólans heima við. Foreldrar styðja einnig við kennara með því að hafa skoðun á starfsumhverfi kennara og stuðla að því gagnvart yfirvöldum að kennarar geti blómstrað í starfi sínu.

*Ketill B. Magnússon, formaður Heimilis og skóla, landssamtaka foreldra*



**SKÓLARNIR UNNU KRAFTAVERK** Skólarnir okkar unnu kraftaverk í hruninu og eftirleik þess. Kennurum tókst að vernda vinnustað barnanna okkar fyrir streitunni í samfélaginu og viðhalda umhverfi þar sem jöfnuður, réttsýni og fagmennska ríkja. Þeim verður seint fullþakkað.

Sem mamma stend ég með kennurum með því að tala af virðingu um skólann við eldhúsborðið. Sem stjórnmálamaður stend ég með því að kennarar fái góða menntun, skapandi starfsumhverfi og laun í samræmi við ábyrgð.

*Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, alþingismaður (S)*



**SVEIGJANLEGRI KENNSLUSKYLDA** Ég vil standa með kennurum í því að auka starfsánægju og bæta vinnuaðstæður þeirra svo hámarka megi gæði og árangur skólastarfs alls staðar á landinu. Kasta þarf úreltum, miðstýrðum vinnutímaskilgreiningum og taka upp nýtt vinnufyrirkomulag, þar sem leitast er við að jafna vinnuálag milli kennara og skipuleggja vinnu þeirra eftir þörfum nemenda hvers skóla. Taka þarf upp sveigjanlegri kennsluskyldu og stuðla að vinnustaðamenningu sem eykur samvinnu og stuðning við kennara í daglegu starfi. Mig langar að standa með kennurum, sem í stórmerkilegri könnun Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags grunnskólakennara gáfu okkur skýr skilaboð um að þeir vilja breytingar í þessa átt.

*Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga*



„Sumir halda að tónlistarmenntun sé forréttindi fyrir fáa en ég held að hún sé nauðsynlegur og eðlislægur hluti af því að vera manneskja.“ – Jewel, söngkona, söngvaskáld og hljóðfæraleikari.



Þessi taktur er snúinn en ég skal hafa hann af! Píanónemi í Tónlistarskóla Seltjarnarness.



Tónfræði er skemmtileg eins og sést á þessum brosmildu tónlistarskólanemendum.

# Sameiginleg stuðningsyfirlýsing á Alþjóðadegi kennara

Við stöndum með kennurum á alþjóðadegi kennara. Kennarar leggja grundvöllinn að góðum skólum og góðir skólar stuðla að heilbrigðum og lýðræðislegum samfélögum.

Kennarar greiða leiðina að markmiðinu: „Menntun fyrir alla!“.

Áætlað er að 1,7 milljónir kennslustarfa skorti til að ná því markmiði alþjóðasamfélagsins að á árinu 2015 njóti allir grunnskólamenntunar. Um leið og við ráðum nýja kennara til starfa verður að gæta þess að bæta gæði kennslu og náms. Við hvetjum stjórnvöld til að veita kennurum færi á starfsþjálfun og stöðugri starfsþróun sem samræmist menntun þeirra. Til að laða kennara með fjölbreytta hæfileika að starfinu og fá þá til að helga sig því, verður umhverfið að bjóða upp á faglegt sjálfstæði og jöfnuð. Kennara verður að styðja svo þeir geti uppfyllt skyldur sínar við nemendur, og skólastjórnendur, menntakerfi og yfirvöld verða að hlusta á raddir þeirra. Laun kennara verður að ákveða á sanngjarnan hátt svo að kjör þeirra séu í samræmi við mikilvægi starfsins og menntun og ábyrgð einstakra kennara.







Kennarar á hinn bóginn verða að vera meðvitaðir um ábyrgð sína gagnvart nemendum og samfélaginu. Kennarastéttin er hvött til að setja sér siðareglur byggðar á siðferðilegum og faglegum gildum og beina kröftum að skilvirkni og því markmiði að gera öllum nemendum jafnt undir höfði.

Á þessum alþjóðadegi kennara er vert að hugsa til allra þeirra karla og kvenna sem örva, hvetja og efla okkur. Á þessum degi gerum við þá kröfu að skólaumhverfið verði sem jákvæðast með nægum tækifærum til starfsþróunar fyrir kennara og tryggingu á réttindum þeirra. Við verðum að rjúfa vítahring versnandi starfsskilyrða kennara til að geta bætt gæði náms fyrir alla. Heimurinn ætlast til mikils af kennurum – þeir eiga því að geta vænst mikils af okkur. Á þessum alþjóðadegi kennara er tækifæri til að taka sér stöðu með kennurum.

*Irina Bokova, framkvæmdastjóri UNESCO*
*Guy Ryder, framkvæmdastjóri Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO)*
*Helen Clark, framkvæmdastjóri Þróunarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNDP)*
*Anthony Lake, framkvæmdastjóri UNICEF*
*Fred van Leeuwen, framkvæmdastjóri Alþjóðasamtaka kennara (EI)*

ÞÝÐING: JÓN HANNESSON



**● BYGGÐI UPP ÞJÓÐFÉLAG** Þjóð sem metur ekki vinnu kennara hverfur aftur til miðalda. Það eru kennararnir sem eiga að fræða börnin um heiminn, og til að geta það þurfa þeir að fá góð laun og búa við aðstæður sem gera þeim kleift að bæta sífellt kunnáttu sína og þekkingu.

Ég hef alltaf talað máli kennara, var enda kennari sjálf í mörg ár. Ég fann það ekki fyrr en ég hætti að kenna hversu mikil ábyrgð hafði hvílt á herðum mér. Ég hafði verið að byggja upp þjóðfélag.

*Kristín Marja Baldursdóttir, rithöfundur*

**● HAMINGJUSAMUR KENNARI JAFNGILDIR HAMINGJUSÖMUM NEMENDUM** Við framhaldsskólanemar ætlum að leggja mikið af mörkum við að styðja við kjarabaráttu kennara. Hamingjusamur kennari jafngildir hamingjusömum nemendum.

samband íslenskra framhaldsskólanema

Hagsmunabarátta framhaldsskólanema og kennara fer vel saman. SÍF óskar þess að samheldni og samhugur þessara tveggja gangi oftar saman í framtíðinni. Þó að kröfur SÍF snúi vitaskuld nær eingöngu að eigin skjólstæðingum er rík ástæða til þess að tvinna áherslur kennara inn í þá orðræðu sem fylgir hagsmunabaráttu nemenda. Enda er það nemendum í hag að aðbúnaður og hagur kennara skili sér í betri kennslu.

*Baráttukveðjur, Samband íslenskra framhaldsskólanema.*

**● HVAÐ ER KENNARASAMBAND ÍSLANDS?** Kennarasamband Íslands (KÍ) er stéttarfélag kennara og skólastjórnenda. Innan vébanda þess eru eftirtalin félög: Félag framhaldsskólakennara (FF), Félag grunnskólakennara (FG), Félag leikskólakennara (FL), Félag tónlistarskólakennara (FT), Félag stjórnenda í framhaldsskólum (FS), Félag stjórnenda leikskóla (FSL), Félag kennara á eftirlaunum (FKE), Félag náms- og starfsráðgjafa (FNS) og Skólastjórafélag Íslands (SÍ). KÍ hefur starfað frá árinu 2000 og eru félagsmenn um tíu þúsund. Það heldur úti efnismikilli heimasíðu, gefur út tímaritið Skólavörðuna og rafræna fréttabréfið Eplið.

KENNARASAMBAND ÍSLANDS

Formaður KÍ er Þórður Hjaltested og varaformaður Björg Bjarnadóttir. Kennarasamband Íslands er til húsa í Kennarahúsinu að Laufásvegi 81.

# ATVINNA

## Atvinna í boði


HANDVERK Í HÁVEGUM HAFT
KORNIÐ
BAKARÍ

**Afgreiðslufólk óskast!**
**á virkum dögum í bakaríin okkar. Framtíðarstarf. Umsóknir sendist með nafni, síma og heimilisfangi á netfangið umsokn@kornid.is**


**Framtíðarstarf - Bifvélavirkji**
Okkur vantar vana Bifvélavirkja til starfa sem fyrst á Bílaspítalann í Hafnarfirði. Þarf að vera vandvirkur, reglusamur og stundvís. Umsókn sendist á bsp@bsp.is Ingvi 565-4332 eða 897 3150

Hressingarskálinn ehf leitar að starfsfólki í eldhús, sal o.fl. með reynslu. Vinsamlegast sendið póst á hresso@hresso.is eða fyllið út umsókn á staðnum Austurstræti 20.

Röska menn vantar á hjólbarðaverkstæði. Uppl. í S. 568 3080

## Atvinna óskast

**Vantar þig forritara með mikla reynslu?**
**Höfum á skrá forritara með Diplómapróf í kerfisfræði - BSc í tölvunarfræði - BSc í hugbúnaðarverkfræði -BSc í tölvunarstærðfræði. Geta hafið störf nú þegar. Starfsmannaþjónustan s .661-7000**

Vanur meiraprófsbílstjóri óskar eftir vinnu við akstur. Er frá Suðurnesjunum. Skoða allt. Uppl í síma 865-8112 (Jens Kristinn)

## Atvinna

**Innheimta - bókhald - 60% starf**

Leitað er að einstaklingi sem hefur góða kunnáttu á Navision tölvukerfi, er vanur innheimtustörfum og hefur góða þjónustulund.

Starfið felur í sér samskipti við viðskiptamenn, umsjón viðskiptamannabókhalds, innheimtu, afstemmingar og bókhald. Vinnutími er fyrri hluta dags. Þarf að geta hafið störf þegar í stað.

**Umsókn ásamt ferilskrá sendist til hreyfing@hreyfing.is fyrir 13. október.**

HREYFING HEILSULIND | BLUE LAGOON ICELAND geothermal spa


Barnaheill Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...
foreldrum og yfirvöldum
ber að tryggja öryggi barna








Eignin seld innan
**60 daga**
Ef ekki færð þú
**50% afslátt**
af umsaminni söluþóknun



Kleppsvegur · **104 RVK**
Falleg 2ja herbergja íbúða á flottum stað
**Seld á 2 dögum !**



Kleifarsel · **109 RVK**
Snyrtileg 3ja herbergja íbúð á annari hæð
**Seld á 2 dögum !**



Barónsstígur · **101 RVK**
Ósamþykkt íbúð í 101 Reykjavík.
**Seld á 10 dögum !**



Frostafold · **112 RVK**
Falleg þriggja herb. íbúð á útsýnisstað.
**Seld á 32 dögum !**



Rósarimi · **112 RVK**
Fín þriggja herbergja íbúð í litlu fjölbýli
**Seld á 3 dögum !**



Flúðasel· **109 RVK**
Falleg 4ra herbergja íbúð í grónu hverfi
**Seld á 42 dögum !**

Vegna mikillar sölu og eftirspurnar get ég bætt við mig **2ja - 4ra herb.** íbúðum í flestum hverfum á höfuðborgarssvæðinu.

Dæmi úr kaupendaskrá:

**Margrét leitar að tveggja herb. íbúð**
**Verð um 15 milljónir**

**Elín leitar að fjögurra herb. íbúð**
**Helst með þvottahúsi innan íbúðar**
**Verð allt að 26 milljónir**

**Svanur leitar að þriggja herb. íbúð í Hlíðum/Holtum/101 Rvk**
**Verð allt að 25 milljónir**

**Anna og fjölskylda leitar eftir fimm herb. rað/parhúsi eða hæð og ris í Hlíðum og Holtahverfi.**
**Verð allt að 50 mills**

Hringdu núna **822-3600**


Kristján Ólafsson hrl
Lögg. fasteignasali
**414-4488**

Höfuðborg
Fasteignamiðlun


**Heimir**
Sölufulltrúi
**822-3600**

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** elds, **6.** gangþófi, **8.** aldur, **9.** sódi, **11.** drykkur, **12.** afkima, **14.** yfirstéttar, **16.** rás, **17.** áþekk, **18.** niður, **20.** frú, **21.** ögn.

**LÓÐRÉTT**
**1.** göngulag, **3.** tímabil, **4.** nennuleysi, **5.** atvikast, **7.** læstur, **10.** soðningur, **13.** mál, **15.** skrifa, **16.** egna, **19.** tveir eins.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** báls, **6.** il, **8.** rek, **9.** gos, **11.** te, **12.** skoti, **14.** aðals, **16.** æð, **17.** lík, **18.** suð, **20.** fr, **21.** arða.
**LÓÐRÉTT: 1.** rigs, **3.** ár, **4.** letilíf, **5.** ske, **7.** lokaður, **10.** soð, **13.** tal, **15.** skrá, **16.** æsa, **19.** ðð.




# Einvígi við sjálfan sig

BAKÞANKAR
Magnús Þorlákur Lúðvíksson



Franska heimspekingnum René Descartes þótti gott að sofa út og vaknaði hann sjaldnast fyrr en um hádegi. Þegar hann var 53 ára falaðist Kristín Svíadrottning eftir einkakennslu frá meistaranum. Descartes samþykkti en komst brátt að því, sér til skelfingar, að Kristín vildi að kennslan færi fram eldsnemma á morgnana. Descartes var tilneyddur að verða við óskum drottningarinnar en fljótt varð ljóst að nýju svefnvenjurnar hentuðu honum engan veginn. Innan þriggja mánaða var hann dáinn úr lungnabólgu og telja læknar seinni tíma að þessi skyndilega breyting á svefnmynstri hafi veikt ónæmiskerfi hans og þannig átt hlut að máli.

**SEM** betur fer eru fæstir jafn viðkvæmir fyrir breytingum á svefnvenjum og Descartes en flestir geta tekið undir að það getur verið djöfulli erfitt að breyta þeim. Það var í það minnsta mín reynsla þegar ég gerði tilraun til að vakna snemma alla morgna í átakinu Meistaramánuðurinn í fyrra. Það var ekki vandamál að mæta tímanlega til vinnu en helgarnar reyndust mér um megn. Að öðru leyti var átakið vel heppnað. Ég tók til dæmis líkamsrækt fastari tökum en áður og viti menn, nýi takturinn varð að vana. Það er nefnilega gott að skora sjálfan sig á hólm. Með því að brjótast út úr þægindahringnum getur maður stækkað eigin tækifærismengi og myndað heilbrigða og jákvæða vana.

**Á** mánudag hófst nýr Meistaramánuður og er ég aftur lagstur til atlögu við svefnvenjurnar sem og reyndar mataræðið. Í átaki sem þessu held ég að það sé mikilvægast að vera meðvitaður um að það er erfiðara að standast freistingar þegar maður er í „heitu“ ástandi (nývaknaður, svangur og svo framvegis) en „köldu“. Með það í huga hef ég tileinkað mér þrjú leiðarstef sem ég bind miklar vonir við í mánuðinum. Í fyrsta lagi, að skuldbinda sig til verka á morgnana. Í gær átti ég til dæmis pantaða klippingu snemma morguns hjá mínum manni Grjóna á Rauðhettu og Úlfinum og var því tilneyddur til að vakna snemma þótt ég hefði asnast til að vaka fram eftir. Í öðru lagi, að skipuleggja máltíðir hverrar viku fyrir fram svo ég mæti ekki í búðina svangur og fyrir vikið vís til að kaupa eitthvað einfalt og óhollt. Að síðustu, að lofa fólki í kringum mig (eða íbúum þeirra 90 þúsund heimila sem fá Fréttablaðið sent til sín) að ég muni hvorki klikka á morgni né máltíð allan mánuðinn. Brjóti ég loforðið veld ég bæði sjálfum mér og öðrum vonbrigðum þannig að ég er með meiri hvata til að standa mig en ella.

**NÚ** er bara að duga, eða drepast eins og Descartes!

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Overli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Kirkman/Scott



KRÓNAN

Tilboð gilda aðeins í Lindum

# LINDAR DAGAR




Föstud. - sunnud.



25% afsláttur

598 kr. kg

Verð áður ~~799~~ kr. kg
Krónu kjúklingur, ferskur



30% afsláttur

1998 kr. stk.

Verð áður ~~2998~~ kr. stk.
Herragarðsönd, 2.6 kg




50% afsláttur

165 kr. pk.

Verð áður ~~329~~ kr. pk.
Fljótshóla gulrætur, 600 g



50% afsláttur

149 kr. kg

Verð áður ~~298~~ kr. kg
Ferskur ananas

# 99 kr. MARKAÐUR

– úrval af mat, heimilis- og smávörum!

AÐEINS Í LINDUM

– meðan birgðir endast!

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

EXPO • www.expo.is

KRÓNAN LINDUM

OPIÐ 10-20 ALLA DAGA!



16" PIZZA
879KR/STK
VERÐ ÁÐUR 1099.-

Eld Bökuð

# 16" PIZZA 2 TEGUNDIR

16" pizza með skinku eða pepperoni með eldbökuðum botni, unnin úr fyrsta flokks hráefni. Botninn er svo toppaður með íslenskum maribó, cheddar og mozzarella ostablöndu.




BRIE TOPPERS
549KR/PK
VERÐ ÁÐUR 649.-

## GÓMSÆTUR FINGRAMATUR

Brie toppers, cheddar jalapeños og mozzarella sticks

NÝTT



## ÍTALSKT BRAUÐGÓÐGÆTI

Focaccia með hvílaukssmjöri og mozzarella.

Focaccia með sólþurrkuðum tómötum og ólífum.

## GOTT Í KROPPINN VÖRUR

eru vandaðar handverksvörur unnar úr góðu hráefni.




SÆLKERA BÖKUR 4 TEG.
899KR/STK
VERÐ ÁÐUR 1198.-

Ljúfengar bökur sem henta í hádegi, kvöldmat eða í veisluna, enginn sykur og ekkert ger.



ÍTALÍA ÁLEGG
- BEINT FRÁ ÍTALÍU



FUMAGALLI
- PARMASKINKA




SÆLKERA BÁTAR 3 TEG.
799KR/PK
VERÐ ÁÐUR 999.-

Kartöflubátar fylltir með plokkfiski, bernaise og osti eða saltfisksrétti eða grænmeti.

# HOLLUSTA ÚR HAFI

FRÁBÆRT VERÐ!



LÚÐUSTEIKUR FROSNAR
2849KR/KG



ÞORSKBITAR ROÐ & BEINLAUSIR FROSNIR
999KR/KG



RAUÐSPRETTA FROSIN
1299KR/KG

Gildir til 7. október á meðan birgðir endast.



**NAUTA RIB-EYE**
**2998KR/KG**
VERÐ ÁÐUR 4299.-

## RIBEYE MEÐ GRÁÐAOSTASMJÖRI OG HASSELBACK KARTÖFLUM

*fyrir 4 að hætti Rikku*

4 Ribeye steikur
100 ml ólífuolía
1 tsk þurrkað timían
2 msk ferskt rósmarín
1 tsk sítrónupipar
1 hvítlauksrif, pressað

Blandið ólífuolíu saman við kryddin og hvítlaukinn. Veltið kjötinu upp úr olíunni og látið standa í stofuhita í 30 mínútur. Steikið kjötið í 4 mínútur á hvorri hlið og berið fram með gráðaostasmjörinu og kartöflunum.

GRÁÐAOSTASMJÖR
2 msk smjörvi
2 msk rjómaostur
2 msk rifinn gráðaostur
1 msk fersk steinselja
1/2 tsk sítrónupipar
1/2 tsk paprikukrydd

Setjið allt saman í matvinnsluvél og vinnið vel saman. Búið til smjörkúlur með skeið og setjið á kjötið rétt áður en það er borið fram.

HASSELBACK KARTÖFLUR
1-2 kartöflur á mann
ólífuolía
salt eftir smekk

Hitið ofninn í 220°C. Skerið djúpar skorur í kartöflurnar með 2-3 mm millibili. Gætið þess að skera ekki alveg í gegnum þær. Raðið kartöflunum á pappírsklædda ofnplötu og hellið ólífuolíu yfir. Bakið í 55-60 mínútur og saltið áður en þær eru bornar fram.

# MESTA ÚRVALIÐ Á BETRA VERÐI!



**MÍNÚTUSTEIK**
**2998KR/KG**
VERÐ ÁÐUR 4299.-



**NAUTAFILE**
**3224KR/KG**
VERÐ ÁÐUR 4299.-



**NAUTA ENTRECOTE**
**3224KR/KG**
VERÐ ÁÐUR 4299.-



**INNFLUTTAR NAUTALUNDIR**
**3898KR/KG**
VERÐ ÁÐUR 4398.-




Steikurnar og svínarifin frá Jensen's eru frábær á grillið eða í ofninn.

**SPARERIBS**
**1399KR/PK**
VERÐ ÁÐUR 1599.-

**FROKOSTBØF 2 STK.**
**1299KR/PK**
VERÐ ÁÐUR 1499.-

**FARMERBØF 2 STK.**
**1399KR/PK**
VERÐ ÁÐUR 1699.-



**LÍFRÆNN LAMBAHRYGGUR**
**1998KR/KG**



**LÍFRÆNT LAMBALÆRI**
**1898KR/KG**

**FROSIÐ LÍFRÆNT LAMBAKJÖT**

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# menning

menning@frettabladid.is



**31.** **EINKASÝNING** Ragnheiðar Jónsdóttur verður opnuð í Listasafni ASÍ klukkan 15 á morgun. Sýningin nefnist Slóð og þar sýnir Ragnheiður 16 stórar kolateikningar og átta verk frá fyrstu grafíksýningunni.



TRÚÐLEIKUR

## Trúðleikur heldur áfram

Nokkrum aukasýningum á gamanleiknum Trúðleik eftir Hallgrím H. Helgason hefur verið bætt við. Verkið var fyrst sýnt í Frystiklefanum á Rifi á Snæfellsnesi í sumar við góðar undirtektir, jafnt áhorfenda sem gagnrýnenda. Í haust var verkið sett upp í Gaflaraleikhúsinu í Hafnarfirði, en vegna góðrar aðsóknar hefur verið ákveðið að halda sýningum áfram um ótilgreindan tíma.

Verkið fjallar um trúðana Skúla og Spæla, sem hafa starfað saman lengi. Skúli er ævinlega kátur og bjartsýnn en Spæli er krumpaður og tortrygginn. Fljótlega kemur babb í bátinn þegar Spæli kveður upp úr með að þeir félagar hafi enn einu sinni lent á vitlausum áhorfendum sem hlæi á kolröngum stöðum.

Leikarar eru Benedikt Karl Gröndal og Kári Viðarsson en Halldór Gylfason leikstýrir.

# Sveiflast milli léttleika og dramatíkur

**It is not a metaphor og Hel haldi sínu nefnast verkin tvö sem Íslenski dansflokkurinn frumsýnir í kvöld á Stóra sviði Borgarleikhússins. Seinna verkið sækir efnivið í norræna goðafræði og hið fyrra er samið við tónlist Johns Cage í tilefni af 100 ára afmæli hans. Höfundar verkanna eru Cameron Corbett og Jérome Delbey.**



**LÉTT OG SKEMMTILEGT** Hjördís Lilja ásamt Aðalheiði Halldórsdóttur og Hannesi Þór Egilssyni í verkinu It is not a metaphor sem samið er við tónlist Johns Cage.

„Þetta eru mjög ólík verk,“ segir Hjördís Lilja Örnólfsdóttir, einn dansara Íslenska dansflokksins, sem dansar í báðum verkunum. „It is not a metaphor er létt og skemmtilegt en um leið skiptir hver hreyfing máli. Við dönsum bara þrjú í því en í Hel haldi sínu dansar allur flokkurinn og það er mun dramatískara, má næstum kalla það óperudans. Bæði verkin eru mjög vel samin og sjónræn og ég get alveg lofað sterkri upplifun í kvöld.“

Bæði verkin voru samin sérstaklega fyrir dansflokkinn og höfundarnir stjórnuðu uppsetningunni sjálfir. Jérôme leitar innblásturs í norrænu goðafræðinni og fjallar verkið um sköpun og endalok heimsins út frá gömlu norrænu trúarbrögðunum. Auk þess að semja dansinn hannar Jérôme leikmynd og búninga. Tónlist verksins er Vier letzte Lieder eða Fjögur síðustu ljóð eftir Richard Strauss sem fjalla um árstíðirnar og hina eilífu hringrás lífs og dauða. Einnig hljómar tónlist Önnu Þorvaldsdóttur í verkinu. It is not a metaphor eftir Cameron Corbett sækir innblástur í hin ólíku þemu og listabylgjur sem komu fram á tuttugustu öldinni. Tónlistin er í höndum Tinnu Þorsteinsdóttur píanóleikara en hún flytur tónlist John Cage á „prepared“ píanó.

Dansflokkurinn er skipaður tíu dönsurum, fimm konum og fimm körlum. Auk þess dansa tveir gestadansarar í Hel haldi sínu. Næsta sýning verður þann 11. október en aðeins sex sýningar verða á verkunum.

fridrikab@frettabladid.is




## Straumvatn á striga



**JÖKULSÁ Á FJÖLLUM** Sigtryggur byggir verkin á sýningunni á ljósmyndum af vatnsyfirborði á þremur stöðum á landinu.

Sigtryggur Bjarni Baldvinsson myndlistarmaður opnar sýninguna Þrír staðir í Gallerí Ágúst á laugardaginn.

Á sýningunni eru ný málverk unnin upp úr þremur ljósmyndum teknum af vatni á ólíkum stöðum; við Font á Langanesi, Jökulsá á Fjöllum og hyl í smálæk á Barðaströnd. Þar hefur Sigtryggur myndað ólík vatnsyfirborð og reynt að fanga í málverkum sínum samspil náttúrunnar sem endurspeglast í hreyfingu vatnsins. Verkin eru unnin með olíu á striga og vatnslit á pappír.

Sigtryggur Bjarni Baldvinsson stundaði nám við Myndlistaskólann á Akureyri, Myndlista- og handíðaskóla Íslands og École des Arts Decoratifs í Strasbourg, Frakklandi og hefur nú haldið á þriðja tug einkasýninga. Sigtryggur hefur unnið langmest með málverk og undanfarinn áratug einbeitt sér að verkum út frá vatnsflötum, sér í lagi straumvatni. Sigtryggur sat í safnráði Listasafns Íslands um þriggja ára skeið og í stjórn Myndlistaskólans í Reykjavík í meira en áratug og hefur kennt þar. Verk eftir Sigtrygg má finna í öllum helstu söfnum landsins og hjá fjölmörgum fyrirtækjum og stofnunum.

## Koma út í sjöunda sinn




**VINSÆLAR** Bækurnar um Ronju og bræðurna Ljónshjarta hafa lengi verið ófáanlegar.

Hinar sívinsælu bækur Astrid Lindgren, Bróðir minn Ljónshjarta og Ronja ræningjadóttir, hafa nú verið endurútgefnar.

Bróðir minn Ljónshjarta kom fyrst út á íslensku árið 1976 og er nú að koma út í sjöunda sinn. Ronja ræningjadóttir kom fyrst út árið 1981 á íslensku, sama ár og sænska frumútgáfan. Hún er einnig að koma út í sjöunda sinn.

Báðar þessar bækur hafa verið ófáanlegar í nokkur ár.

FORD **FIESTA** Trend **frá 2.290.000 kr.**
FORD **FIESTA** Titanium **frá 2.490.000 kr.**

Kauptu nýjan ríkulega búinn Ford Fiesta Trend eða Ford Fiesta Titanium í dag. Veldu sparneytinn Ford Fiesta, bensín eða dísil, beinskiptan eða sjálfskiptan. Gerðu góð kaup. Fáðu góðan búnað. Falleg hönnun. Góðir akstурseiginleikar. Lágur rekstrarkostnaður. Veldu sparneytinn bíl og fáðu meira fyrir peninginn. Spyrðu um 5 ára verksmiðjuábyrgð. Vertu í hópi þeirra bestu. Veldu nýjan Ford, nýtt tákn um gæði.

ford.is




FORD **FIESTA** TREND
FRÁ
**19.790 kr./mán.***

* Ford Fiesta Trend 5 dyra 1,25i bensín, 60 hö. beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 5,5 l/100 km. Losun koltvísýrings $CO_2$ 127 g/km. Miðað er við óverðtryggðan bílasamning til 7 ára og uppítökubíl / útborgun að verðmæti 1.150.000 kr. Tökum allar tegundir bíla uppí nýja. Hlutfallstala kostnaðar 11,83%. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður og gerð getur verið frábrugðin mynd í auglýsingu.

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 | ford.is

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.
Aukin þjónusta Bíldshöfða 6: Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16


SÓLHEIMAJÖKULL ÁRIÐ 2006


SÓLHEIMAJÖKULL ÁRIÐ 2009

# Mynduðu jökla á klukkustundar fresti

„Það var magnað að fylgjast með því hversu mikið jöklarnir eru að rýrna,“ segir Svavar Jónatansson ljósmyndari, sem hefur undanfarin ár verið aðstoðarmaður ljósmyndarans James Balog hér landi. Balog hefur myndað jökla og ísbreiður víða um heim undanfarin ár og það verk er efniviður heimildarmyndarinnar Á eftir ísnum eða Chasing Ice. Myndin, sem sýnd er á RIFF, er verk Jeff Orlowski.

„Ég fylgdi Balog þegar hann var hér að mynda jökla árið 2005. Svo settum við upp myndavélar sem tóku myndir á klukkustundar fresti,“ segir Svavar, sem meðal annars hefur haft það hlutverk að skipta um myndavélakort í vélunum nokkrum sinnum á ári. „Vélarnar eru í sérstökum kössum, skotheldum, og eru myndirnar teknar gegnum gler.“ Að sögn Svavars hafa tökurnar að mestu gengið vel fyrir sig. „Við þurftum að vísu að skipta úr plexígleri yfir í gler, öskufok og veðráttan hafa aðeins verið að stríða okkur, en ekki alvarlega.“ Balog var áður en hann hóf verkið ekki sannfærður um að hlýnun jarðar ætti við rök að styðjast en er í dag eldheitur baráttumaður gegn henni. „Heimildarmyndin er hvorki upphaf né endir á hans verki, hann er enn að mynda náttúruna,“ segir Svavar.

Myndin verður sýnd á laugardag klukk-


FALLEG ORÐ

Í FALLEGUM UMBÚÐUM

*Fjórar bækur eru komnar út í þessum nýja stórglæsilega gjafabókaflokki.*




*ÁSTARLJÓÐ*
*DAVÍÐS STEFÁNSSONAR FRÁ FAGRASKÓGI*
Guðmundur Andri Thorsson skrifaði inngang og valdi kvæðin ásamt Silju Aðalsteinsdóttur

*ÍSLENSK ORÐSNILLD*
*FLEYG ORÐ ÚR ÍSLENSKUM BÓKMENNTUM*
Ingibjörg Haraldsdóttir valdi

*GÆFUSPOR*
*GILDIN Í LÍFINU*
Sígild bók eftir Gunnar Hersvein

*ÍSLENSK KVÆÐI*
Vigdís Finnbogadóttir valdi

*www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu*


## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Föstudagur 5. október 2012**

### Fundir

**12.00** Michael T. Corgan, dósent við Boston-háskóla, ræðir bandarísku forsetakosningarnar og veltir fyrir sér ýmsum nýjum og sérkennilegum einkennum á þeim í ár. Fundurinn er boði Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands og fer fram í Odda, stofu 201.

### Hátíðir

**12.00** Reykjavík International Film Festival er fullu fjöri í Reykjavík. Dagskrá má nálgast á heimasíðunni http://riff.is/schedule.

### Tónlist

**12.00** Árni Heiðar,organisti í Víðistaðakirkju, Emil Friðfinnsson hornleikari og Örn Magnússon orgelleikari leika á tónleikum í Víðistaðakirkju. Á efnisskrá eru Hornkonsert í D-dúr eftir Telemann, og Andante eftir Mendelssohn, bæði fyrir horn og með orgelmeðleik. Að lokum munu þeir flytja Villanelle fyrir horn og píanó eftir Dukas. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

**12.30** Óperuprakkarinn Jón Svavar Jósefsson og djasshundarnir úr kvartettinum Ferlíki halda hádegistónleika í Háteigskirkju föstudaginn 5. október. Miðaverð er kr. 1.000.

**19.30** Opnar klezmer-æfingar í Fríkirkjunni undir stjórn Polinu Shepherd, einnar skærustu stjörnu heims í sunginni klezmer-tónlist. Shepherd er heiðursgestur klezmer-veislu sem Söngfjelagið býður til í Fríkirkjunni í Reykjavík dagana 5.-6. október. Æfingarnar eru opnar öllum þeim sem hafa áhuga á að vera með og eru vanir að syngja í kór. Skráning á klezmerveizla@gmail.com.

**20.00** Tónleikaröðin Ef lífið væri söngleikur hefst í Salnum í Kópavogi. Leik- og söngvararnir Bjarni Snæbjörnsson, Margrét Eir, Sigríður Eyrún Friðriksdóttir og Orri Huginn Ágústsson munu flytja lög úr klassískum söngleikjum, rokkóperum, poppsöngleikjum og söngperlur stóru söngleikjaskáldanna. Miðar á staka tónleika er kr. 3.400.

**21.00** Halli Reynis leikur ásamt hljómsveit á Café Rosenberg.



**22.00** Hljómsveitin **Todmobile** leikur á Græna hattinum á Akureyri. Forsöluverð kr.3.000.

**23.00** Rokksveit Jonna Ólafs leikur og syngur á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

### Fyrirlestrar

**12.05** Dr. Lára Magnúsardóttir, forstöðumaður Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Norðurlandi vestra, flytur í sal Reykjavíkurakademíunnar hádegisfyrirlesturinn „Náttúran í eigin rétti: Stjórnarskrá á mannamáli.“ Af sjónarhóli er ný röð hádegisfyrirlestra Reykjavíkur-Akademíunnar þar sem vísinda- og fræðimenn taka fyrir málefni líðandi stundar. Aðgangur er ókeypis og öllum heimill.

**20.00** Halldór Haraldsson flytur erindið Að hlusta á tónlist í húsi Lífspekifélagsins að Ingólfsstræti 22. Í fyrirlestrinum notast Halldór meðal annars við tóndæmi.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**

# Besta heimildarmyndin í langan tíma

Bíó ★★★★★

**Call Me Kuchu**

Leikstjórn: Katherine Fairfax Wright, Malika Zouhali-Worrall. Sýnd á Riff-hátíðinni.

Samkynhneigð er ólögleg í Úganda og viðurlögin við henni eru allt að 14 ára fangelsisvist. Árið 2009 var lagt frumvarp til þingsins þess efnis að herða refsingar við samkynhneigð til muna. Í framhaldinu gæti lífstíðarfangelsi og jafnvel dauðarefsing beðið þeirra sem gerðust sekir um að hneigjast til sama kyns. Í þessari frábæru heimildarmynd fylgjumst við með aktívistum sem berjast gegn ólögunum og fyrir almennum réttindum samkynhneigðra og transfólks í landinu.

Myndin notast ekki við nein töfrabrögð til að kalla fram tilfinningar. Blákaldur raunveruleikinn nægir, og hér er hann svo sannarlega lygilegri en skáldskapur. Um 95% íbúa Úganda segjast vera mótfallin samkynhneigð og kristni hefur gífurleg ítök innan samfélagsins. Andstyggilegir fordómapésarnir skýla sér á bak við trúarbrögðin og reglulega missti ég nánast andlitið yfir því sem dundi á aðalsöguhetjunum.

Og ég segi „hetjunum“, vegna þess að aðalpersónurnar í Call Me Kuchu eru sannkallaðar hetjur, og myndin er á köflum eins og spennutryllir. Hluti myndarinnar gerist í réttarsal og höfuðandstæðingur aktívistanna, hatursfullur ritstjóri vikublaðs í Kampala (höfuðborg Úganda), er eftirminnilegri og ógeðfelldari skúrkur en meirihluti þeirra sem hasarhetjur Hollywood-mynda 9. áratugarins áttu í höggi við. En illmennin hér eru raunveruleg og reiðin og sorgin sem þau framkalla hjá áhorfandanum er það einnig.

En þrátt fyrir öll ósköpin sýnir myndin okkur heiminn handan myrkursins, og rétt eins og aktívistarnir sjálfir glatar hún aldrei trúnni á hið góða og fagra. Þegar upp er staðið er Call Me Kuchu áhrifamesta og ein allra besta heimildarmynd sem sést hefur lengi.

Haukur Viðar Alfreðsson

**Niðurstaða:** Þessa verður þú að sjá.



**RAUNVERULEIKINN** Aðalpersónurnar í Call Me Kuchu eru sannkallaðar hetjur, segir í gagnrýni.



**BLOODGROUP** Fyrsta lagið af væntanlegri plötu Bloodgroup er komið út.

## Bloodgroup með nýtt lag

Fyrsta smáskífulagið af væntanlegri plötu Bloodgroup hefur litið dagsins ljós og ber nafnið Fall. Lagið fæst eingöngu á Tónlist.is og fylgir með frí ábreiða hljómsveitarinnar af Bang Gang-laginu Sacred Things. Í byrjun nóvember kemur svo stóra platan út og er hennar beðið með mikilli eftirvæntingu enda eru þrjú ár liðin frá því að platan Dry Land kom út.

Í tilefni af nýja laginu mun hljómsveitin þeyta skífum á Bar 11 í kvöld. Sérstakir gestir verða Barði Jóhannsson og Jeaneen Lund sem munu einnig sjá um að þeyta skífum.

## Tannlaus bolabítur

Söngkonunni Pink þykir fyndið að hún hafi verið í hópi valdamestu stjarna heims samkvæmt Forbes.

„Ég hugsa stundum um það og finnst það hlægilegt. Mér finnst ég valdamikil sem kona og manneskja en ég skilgreini vald ekki í sama skilningi og Forbes gerði,“ sagði söngkonan. Hún viðurkennir einnig að hafa upplifað sig hjálparlausa á tímabilum og því hafi hún og eiginmaður hennar leitað til ráðgjafa.

„Manni finnst maður viðkvæmur, hjálparlaus og óttasleginn. Ég er bolabítur, en tannlaus bolabítur. Þegar ég bít þá er ég í raun að biðja um ást og athygli.“



**VALDAMIKIL** Pink hlær að því að hafa verið valin í hóp valdamestu stjarna heims.

NORDICPHOTOS/GETTY





BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
FERSKAR RAUÐAR MELÓNUR
FRÁ SPÁNI
198 KR.KG.
FERSK PAPRIKA
GRÆN EÐA RAUÐ
FRÁ HOLLANDI
279 KR.KG.
750 ML ÓLÍFUOLÍA
EXTRA VIRGIN
598 KR
BÓNUS
UNNIÐ ÚR GRÍSALÆRI
BÓNUS BAJONSKINKA
1195 KR.KG.
Spareribs
ALI ELDUÐ GRÍSARIF SPARERIBS
FULLELDAÐ- ÞARF AÐEINS AÐ HITA
998 KR.KG.
AMERÍSKAR
SÆTAR KARTÖFLUR
259 KR. KG.
BESTU KAUPIN
EURO SHOPPER Í BÓNUS
NÝJAR ÍSLENSKAR KARTÖFLUR
Í LAUSU; GULLAUGA OG RAUÐAR
169 KR.KG
FROSIÐ ÞÝSKT NAUTARIBEYE
2998 KR. KG.
ROLLED OATS
WHEAT FLOUR
GRANULATED SUGAR
EUROSHOPPER HVEITI
98 KR. 1 KG.
EUROSHOPPER HAFRAMJÖL
98 KR. 500 GR.
EUROSHOPPER SYKUR
198 KR. 1 KG.
BÓNUS
FRANSKAR
1500 gr.
BÓNUS FRANSKAR KOMNAR AFTUR;
ÍSLENSKAR KARTÖFLUR
498 KR. 1.5 KG.
FROSIN ÞÝSK NAUTALUND
3998 KR. KG.
ÍSSÓSA
ÍSSÓSA
259 KR. 320 ML
Súkkulaði Ís 2 lítrar
Vanillu Ís 2 lítrar
JARÐARBERJA ÍS 2 LÍTRAR
BÓNUS
359 KR. 2 LTR.
BÓNUS ÍS: SÚKKULAÐI - VANILLA - JARÐARBERJA 2 LTR.
OPNUM KL.10
BÓNUS EKKERT BRUÐL
Hér færðu vildarpunkta
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
BÓNUS
295 KR.KG
HAUST SLÁTRUN 2012
NÝSLÁTRUN FERSK LAMBAHJÖRTU
HAUST SLÁTRUN 2012
BÓNUS
1389 KR.KG
AF NÝSLÁTRUÐU FERSKT LAMBALÆRI
Kolsýrt vatn
KOLSÝRT VATN
HREINT EÐA MEÐ SÍTRÓNUBRAGÐI
159 KR. 2 LTR
BÓNUS
295 KR.KG
HAUST SLÁTRUN 2012
NÝSLÁTRUN FERSK LAMBALIFUR
HAUST SLÁTRUN 2012
BÓNUS
1879 KR.KG
AF NÝSLÁTRUÐU FERSKUR LAMBAHRYGGUR
ÍSLANDSNAUT 100% ÍSLENSKT NAUTAKJÖT
ÍSLANDS NAUT
VINSÆLASTA HAKKIÐ Í BÓNUS
ÍSLANDSNAUT
UNGNAUTAHAKK 100% KJÖT
1498 KR.KG.
ÍSLANDSNAUT
UNGNAUTA PIPARSTEIK
2298 KR.KG.
100% UNGNAUTA-KJÖT
4 stk. hamborgarar
UNGNAUTAHAMBORGARAR
4 STK. MEÐ BRAUÐI
698 KR.KG.
pepsi
PEPSI OG PEPSI MAX
198 KR. 2 LTR
FROSIÐ ÓSOÐIÐ
SLÁTUR Á GÓÐU VERÐI
LIFRARPYLSA
598 KR.KG
BLÓÐMÖR
579 KR.KG
HAUST-SLÁTRUN 2011
FROSIN LAMBASVIÐ
229 KR.KG
HAUST SLÁTRUN 2012
BÓNUS
BÓNUS FERSKT
LAMBAFILLET
AF NÝSLÁTRUÐU
3798 KR KG.
HAUST SLÁTRUN 2012
BÓNUS
BÓNUS FERSKT
LAMBAPRIME
AF NÝSLÁTRUÐU
2598 KR KG.
BESTU KAUPIN
Í KJÚKLINGABRINGUM
Í BÓNUS
KYCKLINGFILÉ
FROSNAR 900 GR
KJÚKLINGABRINGUR
1498 KR.PK
CAMEMBERT
Kastali
CAMEMBERT & KASTALI
BÓNUS OSTUR 130 GR
298 KR.STK
Feti
Feti
BÓNUS FETI 250 GR
OSTUR Í KRYDDOLÍU OG MEÐ
OLÍFUM Í KRYDDOLÍU
298 KR.
SLÁTURFÉLAG SUÐURLANDS
REYKT FOLALDAKJÖT
MEÐ BEINI
798 KR.KG
BÓNUS KAFFI
398 KR.
BÓNUSKAFFI
500 GR
OPNUM KL.10
BÓNUS EKKERT BRUÐL
Hér færðu veltutengda
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur



**37 ÁR FYLLIR LEIKKONAN** Kate Winslet í dag. Winslet fagnar tímamótunum eflaust í faðmi barnanna sinna í dag en þrjár nýjar kvikmyndir eru væntanlegar með leikkonunni á næsta ári.



**TÍSKUTÁKN** Plötusnúðurinn og tískutáknið Leigh Lezark er tíður gestur á rauða dreglinum.



**LÉK Á ALS ODDI** Anna Dello Russo er ófeimin fyrir framan myndavélarnar enda ein mest myndaða kona tískuvikanna.

# H&M fagnar

Sænski tískurisinn H&M hélt upp á tvo viðburði í september; nýja vörulínu Önnu Dello Russo fyrir H&M og einkatónleika söngkonunnar Lönu Del Rey. Fjöldi fólks mætti á viðburðina og lét af því tilefni mynda sig á rauða dreglinum, eins og venja er orðin.



**VINSÆL** Söngkonan Lana Del Rey er afskaplega vinsæl um þessar mundir. Hún hélt einkatónleika á vegum H&M.



**STYÐUR RUSSO** Söngkonan Sky Ferreira sýndi Russo stuðning og mætti í opnunarteiti hennar fyrir H&M.



**ORÐINN FRÆGUR** Hönnuðurinn Christian Siriano er fyrrverandi sigurvegari Project Runway. Hann hlýddi á Del Rey í New York.



**HVALREKI** „Sveitin spilaði sem einn maður. Útkoman var draumkennd og fögur en líka ógnarleg og spennandi, allt eftir því hvað var að gerast í kvikmyndinni," segir í gagnrýni um tónleika Damo Suzuki og hljómsveitar í Gamla bíói. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Ógleymanlegir tónleikar

Tónleikar ★★★★★

**Damo Suzuki**

Damo Suzuki og hljómsveit fluttu tónlist við kvikmyndina Metropolis í Gamla bíói á RIFF-hátíðinni.

Enginn annar en söngvarinn Damo Suzuki kom fram á RIFF á miðvikudagskvöldið. Suzuki var söngvari tilraunarokksveitarinnar Can á árunum 1970-1973. Þögla stórmyndin Metropolis, vísindaskáldsaga frá 1927, var sýnd í Gamla bíói og Suzuki flutti tónlist við hana ásamt nokkrum hljóðfæraleikurum.

Can á sér marga aðdáendur. Undirritaður er þar á meðal. Hljómsveitin er löngu hætt tónleikahaldi, hún varð til árið 1968 og leystist upp um tíu árum síðar. En plöturnar seljast enn og það er hægt að hlusta endalaust á þær.

Það er mjög sérstök stemning á þeim. Lögin bera sterkan keim af alls konar heimstónlist, asískri, afrískri, suður-amerískri, o.s.frv. Sveimtónlist (ambient) er líka áberandi, og einnig djass. Svo má greina talsverð áhrif frá engum öðrum en Karlheinz Stockhausen, hinum mikla frumkvöðli aldarinnar sem leið.

Tveir meðlimir Can voru einmitt nemendur Stockhausens, annar þeirra var auk þess klassískt menntaður píanóleikari. Suzuki var söngvari Can um tíma eins og fyrr segir. Hann gerðist svo Vottur Jehóva (til að giftast kærustunni sinni, sem var í trúfélaginu) og hætti þá í rokkinu um nokkurt skeið. Hann hefur afar sérstaka rödd, dimma og dálítið ráma. Samt er raddsviðið breitt; háu tónarnir eru skemmtilega náttúrulegir. Suzuki er ögn nefmæltur á efstu tónunum, sem gerir sönginn fallega mannlegan. Röddin er ótrúlega litrík, það leynast í henni allar hugsanlegar tilfinningar.

Nokkur ódauðleg snilldarverk eru skreytt rödd Suzukis og ber sérstaklega að nefna plötuna Tago Mago, sem hefur verið spiluð hér á heimilinu a.m.k. milljón sinnum.

Tónleikarnir í Gamla bíói voru frábærir. Tónlistin var sveimkennd, og margt í henni var mjög í stíl Can. Ég veit ekki hvaða texta Suzuki söng, sennilega bara glefsur úr skjátextum kvikmyndarinnar, sem hann spann svo út frá. Það skipti ekki heldur máli. Röddin var eitt af hljóðfærunum og hún var alveg jafn dásamleg og í gamla daga.

Hljómsveitin var prýðileg. Hún samanstóð af Alexander Schönert og Dirk Kretz á gítar, Gunnari Jónssyni á bassa og Magnúsi Trygvason Eliassen á trommur. Rafhljóðfærið þeremín kom líka við sögu. Sveitin spilaði sem einn maður. Útkoman var draumkennd og fögur en líka ógnarleg og spennandi, allt eftir því hvað var að gerast í kvikmyndinni.

Upprunalega tónlistin við Metropolis er ekkert sérstök. Enda hafa margir tónlistarmenn spreytt sig á að semja nýja músík við hana. Can-leg tónlistin við Metropolis var snilldarleg viðbót við þá miklu flóru. Örugglega með þeim allra bestu. Það var léttur húmor í henni og smá kaldhæðni. En fyrst og fremst einhver stemning sem ómögulegt er að lýsa með orðum. Ég get bara bent á tónlistina sjálfa; hún sagði allt.

**Jónas Sen**

**Niðurstaða:** Tónleikarnir í Gamla bíói á miðvikudagskvöldið voru hvalreki fyrir tónlistarlífið á Íslandi.



# TOSHIBA

## JAKOB JENSEN DESIGN




**Toshiba 47VL863N**

**199.990**

**Hágæða 47“ þrívíddarsjónvarp með örþunnum LED skjá. Hannað af Jakob Jensen.**

**Intelligent 3D**
Öflugur þrívíddar örgjörvi tryggir að myndgæði þegar verið er að horfa á þrívídd verða eins góð og kostur er á. Fjögur þrívíddargleraugu fylgja tækinu.

**Resolution+**
Resolution+ tæknin bætir myndgæði úr venjulegri útsendingu. Þetta er þriggja stiga ferill sem bætir skerpu og birtu og gerir venjulega útsendingu næstum jafn góða og háskerpuupplausn.

**Smart TV**
Aukin upplifun með Toshiba Smart TV. Hægt að nálgast efni af vefnum, t.d. frá YouTube eða Facebook. Einnig hægt að ná í allt efni af tölvum heimilisins og spila í tækinu.

Resolution+ Intelligent 3D Toshiba AppsConnect

# Sjónvarpsmiðstöðin

TOSHIBA

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS

# Fimmtíu ára afmæli Bond

**Slétt fimmtíu ár eru liðin síðan James Bond sást fyrst á hvíta tjaldinu í myndinni Dr. No. Myndin fékk misjafna dóma en gekk mjög vel í miðasölunni.**



BOND, JAMES BOND Daniel Craig í hlutverk James Bond í Skyfall.

Í dag eru fimmtíu ár liðin síðan fyrsta myndin um njósnarann James Bond, Dr. No, var frumsýnd. Með hlutverk njósnara hennar hátignar fór ungur leikari, Sean Connery, sem átti heldur betur eftir að setja mark sitt á kvikmyndaseríuna.

Dr. No var byggð á samnefndri skáldsögu Ians Fleming frá árinu 1958, sem var sú sjötta sem hann skrifaði um 007. Í henni er Bond sendur til Jamaíka til að rannsaka dauða annars bresks njósnara. Hann kemst að því að Dr. Julius No ætlar að eyðileggja mannaða geimferð Bandaríkjanna með geislavopni sínu.

Myndin kostaði lítið í framleiðslu en náði miklum vinsældum. Gagnrýnendur gáfu henni misjafna dóma en í gegnum árin hefur hróður hennar aukist og núna er hún af mörgum talin meðal þeirra betri í seríunni. Margir muna eftir frægu atriði úr Dr. No þegar Bond-stúlkan Ursula Andress gekk upp úr sjónum. Margt annað úr myndinni átti eftir að festa sig í sessi í næstu Bond-myndum, þar á meðal hin fræga kynning: Bond, James Bond.

Mikil hátíðarhöld voru í Bretlandi í september til að fagna þessu fimmtíu ára Bond-afmæli. Roger Moore og fleiri stjörnur úr myndunum komu fram á frægum tökustöðum þeirra. Fyrrverandi Bond-stúlkurnar Eunice Gayson, Britt Ekland og Shirley Eaton voru á meðal stjarnanna, auk illmennisins og stálkjaftsins Richard Kiel. Þau heimsóttu skoska kastalann Eilean Donan, Penbryn-ströndina í Wales og Stoke-garðinn á Englandi. Nýjasta myndin um James Bond, Skyfall, kemur í bíó 26. október. Sem fyrr fer Daniel Craig með hlutverk njósnara hennar hátignar.



URSULA ANDRESS Andress í myndinni Dr. No sem kom út fyrir fimmtíu árum.

### ALLIR Í SVÖRTU OG HVÍTU Í SKYFALL-PARTÍI

Föstudaginn 19. október verður haldið partí á skemmtistaðnum Austri í tilefni af nýjustu Bond-myndinni Skyfall. Eins og í síðasta Bond-partíi, sem var haldið í Listasafni Reykjavíkur fyrir fjórum árum, er skilyrði að mæta í svörtum og hvítum fötum. Opinberir drykkir James Bond verða í boði og að sjálfsögðu má búast við fjölda góðra gesta.





FÖSTUDAGURINN 05. OKTÓBER

RIFF Reykjavík International Film Festival 27.SEPT. - 7.OKT. 2012

| | | |
|---|---|---|
| 14:00 | Óháðir leikir | Bíó Paradís 1 |
| 14:00 | Sniglaplánetan | Bíó Paradís 2 |
| 14:00 | Elska þig að eilífu | Bíó Paradís 3 |
| 14:00 | Fljóðbylgjan og kirsuberjablómið | Bíó Paradís 4 |
| 14:00 | Barnamyndir (ókeypis) | Norræna húsið |
| 16:00 | Stríðsstelpur | Bíó Paradís 1 |
| 16:00 | **Friðarsúlan Q&A** | Bíó Paradís 2 |
| 16:00 | Mona | Bíó Paradís 4 |
| 16:00 | Fimm stjörnu tilvera | Norræna húsið |
| 16:15 | Siðaskipti | Bíó Paradís 3 |
| 17:15 | Koss Pútín | Bíó Paradís 2 |
| 17:30 | **Dagskíma Q&A** | Háskólabíó 3 |
| 18:00 | Fokkens hórurnar | Bíó Paradís 1 |
| 18:00 | **Ég sendi þennan stað Q&A** | Bíó Paradís 4 |
| 18:00 | Leitin að sykurmanninum | Háskólabíó 2 |
| 18:00 | Brostinn | Háskólabíó 4 |
| 18:00 | Pad Yatra: Ferðin græna | Norræna húsið |
| 18:15 | Skríddu | Bíó Paradís 3 |
| 20:00 | Lokapöntun við vinina | Bíó Paradís 1 |
| 20:00 | Gullna eggið D | Bíó Paradís 2 |
| 20:00 | Atanasoff | Bíó Paradís 3 |
| 20:00 | Kyrralíf | Bíó Paradís 4 |
| 20:00 | **Síðasti sjúkrabíll Sofiu Q&A** | Háskólabíó 2 |
| 20:00 | Marina Abramovic: Listamaðurinn er við | Háskólabíó 3 |
| 20:00 | Dagur á himni | Háskólabíó 4 |
| 21:15 | Börnin okkar | Bíó Paradís 3 |
| 22:00 | Vér erum hersing: Sagan af hakktívistunum | Bíó Paradís 1 |
| 22:00 | Borða sofa deyja | Bíó Paradís 2 |
| 22:00 | Stigið fram | Bíó Paradís 4 |
| 22:00 | Drakúla 3D | Háskólabíó 2 |
| 22:00 | Kon-Tiki | Háskólabíó 3 |
| 22:00 | Gullna hofið | Háskólabíó 4 |



FRIÐARSÚLAN Q&A 16:00

Hugmyndin að Friðarsúlunni (Imagine Peace Tower) vaknaði hjá Yoko Ono fyrir meira en fjörutíu árum. Þegar hún kynntist John Lennon stakk hann upp á því að hún setti verkið upp í garðinum hjá sér. Verkið varð svo að veruleika í Viðey árið 2007 og er tileinkað minningu John Lennon og þeim friðarboðskap sem þau tvö unnu svo ötullega við að breiða út. Í myndinni segir Yoko Ono frá baráttu sinni og John Lennon fyrir friði og réttlæti og þeim aðferðum sem þau beittu til að koma boðskapnum á framfæri. Myndin rekur hugmyndina að Friðarsúlunni og söguna af því hvernig hún varð til hér uppi á Íslandi.

SÍÐASTI SJÚKRABÍLL SOFÍU Q&A 20:00

Í borg þar sem þrettán sjúkrabílar berjast við að þjóna tveimur milljónum íbúa kynnumst við Krassi, Mila og Plamen. Þau eru keðjureykjandi hvunndagshetjur sem bjarga lífum í sífellu með kímnina að vopni þótt oft sé útlitið grátt. Gloppurnar í gatslitnu kerfinu eru þó farnar að taka sinn toll. Hversu lengi geta þau haldið áfram að stoppa í götin áður en að samkenndin með þeim veiku og slösuðu gufar upp?

Miðasala í verslunum Eymundsson í Austurstræti og á riff.is

Iceland Express Síminn NORRÆNA HÚSIÐ CENTER HOTELS

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á midi.is




| SMÁRABÍÓ | GLERAUGU SELD SÉR | 5% |
|---|---|---|
| TAKEN 2 | KL. 5.40 - 8 - 10.10 | 16 |
| TAKEN 2 LÚXUS | KL. 8 - 10.10 | 16 |
| FUGLABORGIN 3D ÍSL.TAL | KL. 4 - 6 | L |
| DJÚPIÐ | KL. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | 10 |
| DJÚPIÐ LÚXUS | KL. 3.40 - 5.50 | 10 |
| DREDD 3D ÓTEXTUÐ | KL. 8 - 10.10 | 16 |
| RESIDENT EVIL | KL. 10.20 | 16 |
| THE EXPENDABLES 2 | KL. 8 | 16 |
| THE WATCH | KL. 5.40 | 12 |
| ÍSÖLD 4 2D ÍSL.TAL | KL. 3.40 / ÁVAXTAKARFAN KL3.30 | |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio

| HÁSKÓLABÍÓ | | 5% |
|---|---|---|
| DJÚPIÐ | KL. 5.50 - 8 - 10.10 | 10 |

Reykjavík International Film Festival 27. SEPTEMBER - 7. OKTÓBER 2012

| BORGARBÍÓ | NÁNAR Á MIÐI.IS | |
|---|---|---|
| TAKEN 2 | KL. 6 - 8 - 10 | 16 |
| SAVAGES | KL. 10 | 16 |
| DJÚPIÐ | KL. 6 - 8 | 10 |

SAMBÍÓIN SAMbio.is




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | | |
|---|---|---|---|
| LOOPER | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 2D | 16 |
| LOOPER Luxus VIP | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 2D | VIP |
| SAVAGES | KL. 6 - 8 - 10:40 | 2D | 16 |
| FINDING NEMO M/ÍSL. TALI | KL. 3:20 - 5:50 | 2D | L |
| FINDING NEMO M/ÍSL. TALI | KL. 3:40 | 3D | L |
| LAWLESS | KL. 8 - 10:30 | 2D | 16 |
| CAMPAIGN | KL. 4:10 - 8:40 - 10:30 | 2D | 12 |
| BOURNE LEGACY | KL. 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| STEP UP REVOLUTION | KL. 5:50 | 2D | 7 |
| BRAVE M/ÍSL. TALI | KL. 3:40 - 5:50 | 2D | L |
| MADAGASCAR 3 M/ÍSL. TALI | KL. 3:40 | 2D | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | | |
|---|---|---|---|
| TAKEN 2 | KL. 8 | 2D | 16 |
| LOOPER | KL. 10 | 2D | 16 |
| DJÚPIÐ M/ÍSL. TALI | KL. 6 | 2D | 12 |
| BRAVE M/ÍSL. TALI | KL. 5:50 | 2D | L |
| STEP UP REVOLUTION | KL. 8 | 2D | 7 |
| THE RAVEN | KL. 10:10 | 2D | 16 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | | |
|---|---|---|---|
| TAKEN 2 | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| LOOPER | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 2D | 16 |
| SAVAGES | KL. 8 - 10:40 | 2D | 16 |
| THE CAMPAIGN | KL. 6 | 2D | 12 |
| LAWLESS | KL. 8 - 10:30 | 2D | 16 |
| FINDING NEMO | KL. 5:40 | 3D | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| LOOPER | KL. 8 - 10:30 | 2D | 16 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | | |
|---|---|---|---|
| LEITIN AF NEMO M/ÍSL. TALI | KL. 6 | 3D | L |
| LOOPER | KL. 8 | 2D | 16 |
| LAWLESS | KL. 10:20 | 2D | 16 |
| BRAVE M/ÍSL. TALI | KL. 6 | 2D | L |
| BABYMAKERS | KL. 8 | 2D | 12 |
| FROST | KL. 10:20 | 2D | 16 |

SAMBÍÓIN SELFOSSI

| | | | |
|---|---|---|---|
| STEP UP REVOLUTION | KL. 8 - 10:10 | 2D | 7 |
| THE RAVEN | KL. 8 - 10:20 | 2D | 16 |

SPARBÍÓ MERKTAR MEÐ GRÆNU OG APPELSÍNUGULU Í BÍÓAUGLÝSINGUM SAMBÍÓA KR. 1000 Á GRÆNT OG KR. 750 Á APPELSÍNUGULT

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar

LAUGARÁS BÍÓ www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075 5%




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| TAKEN 2 | 6, 8, 10 | 16 |
| FUGLABORGIN 3D | 4 | L |
| SAVAGES | 10.15 | 16 |
| DJÚPIÐ | 4, 6, 8, 10 | 10 |
| INTOUCHABLES | 5.50, 8 | 12 |
| PARANORMAN 3D | 4 | 7 |

# Vísir í nýju ljósi




Við bjóðum lesendur velkomna á nýja forsíðu Vísis. Með nýju útliti forsíðunnar verður efnisvalið fjölbreyttara, myndirnar stærri og lesendur Vísis geta treyst á að nýjustu fréttir fara aldrei framhjá þeim. Á sama tíma verður vefurinn léttari en áður og notendavænni fyrir spjaldtölvur og snjallsíma.

vísir

# sport

sport@frettabladid.is



**BJARNI JÓHANNSSON** var í gær ráðinn þjálfari 1. deildarliðs KA og mun hann stýra liðinu næstu þrjú árin. Hann er nýhættur störfum hjá Stjörnunni, þar sem hann var í fimm ár. Bjarni tekur við KA af Gunnlaugi Jónssyni, en undir stjórn Gunnlaugs hafnaði KA í fjórða sæti 1. deildarinnar í ár.

## N1 DEILD KARLA

**Akureyri - ÍR 32-23 (14-9)**
**Mörk Akureyrar (skot):** Bjarni Fritzson 11/3 (14/3), Oddur Gretarsson 6/1 (6/1), Geir Guðmundsson 5 (7), Andri Snær Stefánsson 4 (4), Bergvin Þór Gíslason 4 (6), Valþór Guðrúnarsson 1 (1), Guðmundur H. Helgason 1 (4), Sigþór Heimisson (1),
**Varin skot:** Jovan Kukobat 17 (40/1, 43%),
Hraðaupphlaup: 7 (Bjarni Fritzsson 3, Oddur Gretarsson 2, Andri Snær Stefánsson 2)
**Mörk ÍR (skot):** Björgvin Hólmgeirsson 11 (17), Guðni Már Kristinsson 4 (6), Jónatan Vignisson 3 (5), Sturla Ásgeirsson 2/1 (4/1), Ingimundur Ingimundarson 1 (1), Jón Heiðar Gunnarsson 1 (2), Sigurjón Friðbjörn Björnsson 1 (5), Hrannar Máni Gestsson (1), Davíð Georgsson (1),
**Varin skot:** Kristófer Fannar Guðmundsson 6 (30/3, 20%), (1, 0%), Hermann Þór Marinósson (7/1, 0%),
**Hraðaupphlaup:** 3 (Björgvin Hólmgeirsson 2, Sturla Ásgeirsson 1)

**Haukar - HK 22-22 (12-10)**
**Mörk Hauka (skot):** Árni Steinn Steinþórsson 5 (8), Stefán Rafn Sigurmannsson 5/2 (11/2), Gísli Jón Þórisson 4 (4), Jón Þorbjörn Jóhannsson 2 (3), Elías Már Halldórsson 2 (5), Gísli Kristjánsson 1 (1), Adam Haukur Baumruk 1 (2), Tjörvi Þorgeirsson 1 (4), Sveinn Þorgeirsson 1 (5), Freyr Brynjarsson (1),
**Varin skot:** Aron Rafn Eðvarðsson 14/2 (36/4, 39%),
**Hraðaupphlaup:** 9 (Árni Steinn 3, Stefán Rafn 2, Gísli Jón Þórisson 1, Jón Þorbjörn Jóhannsson 1, Gísli Kristjánsson 1, Adam Haukur Baumruk 1)
**Mörk HK (skot):** Daníel Örn Einarsson 6 (7), Bjarki Már Elísson 5/2 (8/4), Ólafur Víðir Ólafsson 3 (5), Vilhelm Gauti Bergsveinsson 2 (3), Bjarki Már Gunnarsson 2 (3), Eyþór Magnússon 2 (6), Daníel Berg Grétarsson 1 (3), Atli Karl Bachmann 1 (5),
**Varin skot:** Arnór Freyr Stefánsson 13 (35/2, 37%),
**Hraðaupphlaup:** 2 (Daníel Örn Einarsson 2)

**FH - Fram 24-29 (13-13)**
**Mörk FH (skot):** Ragnar Jóhannsson 7/1 (13/3), Bjarki Jónsson 4 (4), Einar Rafn Eiðsson 4/2 (5/3), Ólafur Gústafsson 4 (6), Andri Berg Haraldsson 3 (6), Jóhann Karl Reynisson 1 (1), Sigurður Ágústsson 1 (3), Þorkell Magnússon (1),
**Varin skot:** Daníel Freyr Andrésson 22/1 (51/4, 43%),
**Hraðaupphlaup:** 2 ( Bjarki Jónsson 2)
**Mörk Fram (skot):** Jóhann Gunnar Einarsson 11/3 (19/4), Róbert Aron Hostert 6 (10), Sigurður Eggertsson 6 (11), Þorri Björn Gunnarsson 3 (5), Ólafur Magnússon 2 (3), Haraldur Þorvarðarson 1 (3), Jón Arnar Jónsson (1),
**Varin skot:** Magnús Erlendsson 12/1 (28/3, 43%), Björn Viðar Björnsson 1 (9/1, 11%),
**Hraðaupphlaup:** 3 (Jóhann Gunnar Einarsson 3)

# Þrjú lið jöfn á toppnum

**Haukar og HK töpuðu sínum fyrstu stigum í vetur þegar liðin gerðu jafntefli á Ásvöllum í gær og á sama tíma komust Akureyringar upp að hlið þeirra á toppnum eftir burst á ÍR. Framarar unnu sinn fyrsta sigur í vetur.**

**HANDBOLTI** Haukar, HK og Akureyri eru öll jöfn á toppi N1-deildar karla eftir leiki gærkvöldsins og það er löngu orðið ljóst að spennan verður mikil í deildinni í vetur.

HK er löngu búið að gefa hinni frægu spá sem birt var fyrir mót langt nef og ítrekuðu núverandi Íslandsmeistarar gegn Haukum í gær að þeir eru til alls líklegir. Liðin gerðu jafntefli í gær, 22-22, þar sem barátta og klókindi Íslandsmeistaranna höfðu mikið að segja.

Haukar höfðu lengst af undirtökin í leiknum þar til HK komst yfir, 19-18, þegar sex mínútur voru eftir. Lokamínúturnar reyndust æsispennandi en að lokum urðu liðin að sættast á skiptan hlut.

„Mér líður eins og við höfum tapað stigi," sagði Aron Kristjánsson, þjálfari Hauka. „Við gerðum okkur seka um klaufaleg mistök í seinni hálfleik sem hleyptu þeim inn í leikinn. Það vantaði líka grimmd í sóknarleikinn og við þurfum að fá meira framlag frá sókninni okkar."

Daníel Örn Einarsson hornamaður nýtti færin sín vel í gær og virðist finna sig vel í HK-treyjunni. „Sóknin var léleg hjá báðum liðum en vörn og markvarsla mjög góð. Við vildum sýna að við getum eitthvað og það er töggur í okkur. Við erum sáttir á meðan við höldum áfram að bæta okkar leik," sagði Daníel.



**ALVÖRU MÓTTÖKUR** HK-maðurinn Ólafur Víðir Ólafsson reynir hér að brjótast í gegnum vörn Haukanna í gærkvöldi. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

### Bjarni ótrúlega ánægður

„Ég er alveg ótrúlega ánægður og gríðarlega stoltur af mínu liði," sagði Bjarni Fritzson, annar þjálfara Akureyrar, eftir sannfærandi níu marka sigur á ÍR-ingum, 32-23, á Akureyri í gær. „Það voru allir að skila sínu og allir fengu að spila nema Stebbi því Jovan var brjálæðislega góður í markinu. Ég er bara svo stoltur af þessum ungu strákum, hvað þeir eru að spila vel. Spila liðsbolta, leggja sig fram og gera allt sem við leggjum upp með. Við erum ekkert að stressa okkur á því hver skorar mörkin, við spilum bara sem lið," sagði Bjarni sem fór á kostum á móti sínum gömlu félögum í ÍR.

### Fyrsti sigur Framara

Framarar komust á sigurbraut í N1-deild karla með 29-24 sigri á FH. Gestirnir voru stigalausir á botninum en spiluðu mun betur en í síðustu leikjum og uppskáru sanngjarnan sigur.

„Þetta kvöld er skemmtilegra en síðustu tveir leikir, frammistaðan var mjög góð í kvöld," sagði Einar Jónsson, þjálfari Fram. „Við vorum mjög daprir í byrjun móts en núna náðum við að æfa vel og það var allt annað að sjá liðið," sagði Einar.

Þriðju umferðinni lýkur síðan á laugardaginn með leik Afturelding og Valsmanna. - esá, bhs, kpt, óój

## ÚRSLIT Í GÆR

### Meistarakeppni KKÍ

**Grindavík-Keflavík 92-83 (42-41)**
**Stig Grindavíkur:** Aaron Broussard 36/7 fráköst, Sigurður Gunnar Þorsteinsson 21/7 fráköst/4 varin skot, Samuel Zeglinski 10/8 fráköst, Ómar Örn Sævarsson 7/7 fráköst, Þorleifur Ólafsson 6, Jóhann Árni Ólafsson 6/4 fráköst/5 stoðsendingar, Ármann Vilbergsson 4, Jón Axel Guðmundsson 2.
**Stig Keflavíkur:** Darrel Keith Lewis 17/6 fráköst/5 stoðsendingar, Magnús Þór Gunnarsson 15, Valur Orri Valsson 15/5 stoðsendingar, Kevin Giltner 14, Snorri Hrafnkelsson 10, Almar Stefán Guðbrandsson 5/5 fráköst, Andri Daníelsson 4/4 fráköst, Hafliði Már Brynjarsson 3.

### Evrópudeildin í fótbolta

**Panathinaikos - Tottenham 1-1**
0-1 Michael Dawson (35.), 1-1 Jose Verdu Toche (77.) Gylfi Þór Sigurðsson kom inná á 67. mínútu.
**Liverpool - Udinese 2-3**
1-0 Jonjo Shelvey (23.), 1-1 Antonio Di Natale (46.), 1-2 Sjálfsmark (70.), 1-3 Giovanni Pasquale (72.), 2-3 Luis Suárez (75.)
**AIK Stokkhólmur - Dnipro 2-3**
Helgi Valur Daníelsson skoraði fyrra mark AIK á 7. mínútu en liðið komst bæði í 1-0 og 2-1.
**Steaua Búkarest - FC Kaupmannahöfn 1-0**
Ragnar Sigurðsson lék allan leikinn og Rúrik Gíslason fyrstu 73 mínúturnar.

### Meistarad. kvenna í fótb.:

**Zorky -Stjarnan 3-1 (3-1 samanlagt)**
Elva Friðjónsdóttir minnkaði muninn á 79. mín.

Þjálfaramál Grindavíkur:

## Guðjón rekinn – Milan ráðinn

**FÓTBOLTI** Guðjóni Þórðarsyni var sagt upp störfum hjá Grindavík í gærkvöldi samkvæmt heimildum Fréttablaðsins en undir hans stjórn féll knattspyrnuliðið úr Pepsi-deild karla.



Samkvæmt sömu heimildum mun Milan Stefan Jankovic taka við þjálfun liðsins en hann var aðstoðarþjálfari liðsins í sumar og hefur mikla reynslu af þjálfun liðsins. - seth






Michael Schumacher hættir í Formúlu 1 í lok ársins:

## Ökuþór aldarinnar

**FORMÚLA 1** Michael Schumacher, hinn 43 ára gamli ökuþór Mercedes-liðsins í Formúlu 1, ætlar að hætta í kappakstri í lok tímabilsins. Þetta tilkynnti hann á blaðamannafundi á Suzuka-brautinni í Japan, en þar er keppt um helgina.

Ferill Schumachers í Formúlu 1 hefur spannað 21 ár og 302 mót. Hann er sigursælasti ökuþór allra tíma og hefur unnið heimsmeistaratitilinn sjö sinnum. „Síðastliðinn mánuð hef ég ekki verið viss um hvort ég hafi áhuga á að halda áfram," sagði Schumacher á blaðamannafundinum.

„Það er ekki minn stíll að gera eitthvað sem ég er ekki algerlega tilbúinn í. Mér líður eins og ég sé frjáls þegar ég tilkynni þetta núna," sagði Schumacher.

Síðan Schumacher sneri aftur í Formúlu 1 árið 2010 hefur það legið í loftinu að endurkoman myndi ekki vara lengi. Heimsmeistarinn hefur ekki ekið af sömu snilld og hann gerði áður en hann hætti í fyrsta sinn árið 2006. Liðsfélagi hans Nico Rosberg hefur jafnframt haft yfirhöndina í baráttunni milli þeirra tveggja, en það þurfti Schumacher aldrei að líða áður. Á þremur árum hefur Schumacher aðeins staðið einu sinni á verðlaunapalli.

„Ég fullyrði að hann er besti ökuþór aldarinnar," sagði Ross Brawn við fjölmiðla eftir tilkynningu Schumachers. Brawn er liðsstjóri Mercedes-liðsins og er af mörgum talinn vera arkitektinn að velgengni Schumachers. Hann segir meistarann hafa gert frábæra hluti á bak við tjöldin.

„Fingraför Michaels eru á mjög mörgu innan liðsins sem fólk sér ekki," sagði Brawn. „Við höfum kannski ekki náð markmiðum okkar en Michael hefur lagt grunninn að velgengni okkar í framtíðinni." - bþh



**SKEMMTILEGUR KARAKTER** Michael Schumacher brosti á blaðamannafund-inum í gær. MYND/AP


adidas
all
champions
til hamingju með titilinn FH-ingar
adidas og FH í 21 ár

> STÖÐ 2 KL. 21.00

## The X-Factor

Fjörið heldur áfram í The X-Factor á Stöð 2 í kvöld. Núna halda söngvararnir til Miami þar sem þeir þurfa að sýna hvað er í þá spunnið. Dómararnir ákveða síðan hverjir eiga skilið að halda áfram í keppninni.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FRIÐRIKA BENÓNÝSDÓTTIR RÆÐUR SÉR SJÁLF

# *Frelsið er yndislegt …*

Sjónvarpsþættir eiga það til að vera ávanabindandi. Og eins og aðrar fíknir setur slík fíkn líf fíkilsins algjörlega úr skorðum. Nauðsynjaverk og samskipti við aðra sitja á hakanum – maður verður að fá fixið sitt. Tvö til þrjú kvöld í viku eru þannig sundurklippt fyrir áhorf á ákveðna þætti; Brúna, Scott og Bailey, Mad Men og væntanlega frá og með næstu helgi Pressuna. Sjónvarpið stelur dýrmætum tíma sem hægt væri að nýta í svo margt annað nauðsynlegra. Hver má vera að slíku svona rétt um það leyti sem jólavertíðin skellur á?

Sem betur fer er lausnin á þessu vandamáli fundin. Frelsið í leigunni kemur til hjálpar og gerir það að verkum að í stað þess að klippa í sundur þrjú kvöld vikunnar getur maður safnað áhorfinu saman og dottið ærlega í glápið eitt kvöld í viku.



Ég hef tekið upp þann sið að nota þriðjudagskvöldin til að afgreiða sjónvarpsáhorf vikunnar. Það er kjörinn dagur til að dekra dálítið við sjálfa sig og lífga upp á miðvikugrámann. Elda góðan mat, splæsa kannski í dálítið gúmmilaði til að maula yfir maraþonglápinu og virkilega njóta þess að kúpla sig út úr lífinu. Það stendur á endum að þegar maður hefur horft á nýjustu þætti af Mad Men og Scott og Bailey byrjar Brúin „í beinni“ ef svo má segja. Hana er ekki hægt að geyma til betri tíma nema líf liggi við. Sumar fíknir láta nefnilega ekki að stjórn.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Sagnaslóð **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Óskalögin **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Baráttan um Hvíta húsið **14.00** Fréttir **14.03** Tilraunaglasið **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Vögguvísa **15.25** Milli línanna **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Fimm fjórðu **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Spegillinn **18.47** Auglýsingar **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir 19.00 Gullfiskurinn **20.00** Leynifélagið **20.30** Hvað er málið? **21.00** Simpansinn og skáldsagan **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Litla flugan **23.05** Hringsól **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**16.05 Kata og Villi - Konungleg ástarsaga** (e)
**16.50 Ísþjóðin með Ragnhildi Steinunni** (Halldór Helgason) (e)
**17.18 Snillingarnir** (62:67)
**17.41 Bombubyrgið** (8:26)
**18.10 Táknmálsfréttir**
**18.20 Andri á flandri - Í Vesturheimi** (1:6) (USA) (e)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.40 Á tali við Hemma Gunn** (Og hér er kominn stjórnandi þáttarins, Heeemmmmmi Gunn!) Hemmi Gunn og Þórhallur Gunnarsson rifja upp gamla tíma og kynna á ný gesti sem slógu í gegn í þáttum Hemma á sínum tíma.
**20.30 Útsvar** (Grindavíkurbær - Hafnarfjörður) Spurningakeppni sveitarfélaga. Að þessu sinni mætast lið Grindavíkurbæjar og Hafnarfjarðar.
**21.40 Sæt í bleiku** (Pretty in Pink) Bandarísk bíómynd frá 1986. Fátæk stúlka þarf að velja á milli æskuástarinnar sinnar og ríks glaumgosa. Leikstjóri er Howard Deutch.
**23.20 Brennist að lestri loknum** (Burn After Reading) Disklingur með minningum leyniþjónustumanns lendir í höndum tveggja starfsmanna á líkamsræktarstöð sem reyna að koma honum í verð. Leikstjórar eru Ethan og Joel Coen og meðal leikenda eru Brad Pitt, Frances McDormand, George Clooney, John Malkovich og Tilda Swinton. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna. Bandarísk bíómynd frá 2008. (e)
**00.55 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**11.00 King of California**
**12.35 Astro Boy**
**14.10 Noise**
**15.40 King of California**
**17.15 Astro Boy**
**18.50 Noise**
**20.25 Wall Street: Money Never Sleeps**
**22.35 Dark Matter**
**00.05 You Kill Me**
**01.40 Wall Street: Money Never Sleeps**
**03.50 Dark Matter**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.05 Malcolm In The Middle** (6:22)
**08.30 Ellen** (14:170)
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors** (3:175)
**10.15 Sjálfstætt fólk** (21:30)
**10.55 Hank** (1:10)
**11.20 Cougar Town** (16:22)
**11.45 Jamie Oliver's Food Revolution** (3:6)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Austin Powers in Goldmember**
**14.45 Game Tíví**
**15.10 Barnatími Stöðvar 2**
**16.50 Bold and the Beautiful**
**17.10 Nágrannar**
**17.35 Ellen** (15:170)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Simpson-fjölskyldan** (7:22)
**19.45 Týnda kynslóðin** (5:24) Týnda kynslóðin er frábær skemmtiþáttur í stjórn Björns Braga Arnarssonar og félaga sem munu fá til sín landskunna gesti í skemmtileg og óhefðbundin viðtöl.
**20.10 Spurningabomban** (4:21) Logi Bergmann Eiðsson stjórnar þessum stórskemmtilega spurningaþætti.
**21.00 The X-Factor** (7:26) Önnur þáttaröð af bandarísku útgáfunni af þessum sívinsæla þætti en dómnefndina skipa þau Simon Cowell, L.A. Reid, Britney Spears auk bandarísku söng- og leikkonunnar Demi Lovato.
**21.45 The X-Factor** (8:26)
**22.30 Flirting With Forty** Rómantísk mynd um Jackie Laurens (Heather Locklear) sem er fráskilin, fertug tveggja barna móðir sem ákveður að fara einsömul í frí til Hawaii. Þar hittir hún ungan brimbrettakennara og þau eiga saman eldheitt ástarævintýri.
**23.55 Talk to Me**
**01.50 Sex and the City**
**04.10 Austin Powers**
**05.45 Fréttir og Ísland í dag**

## STÖÐ 2 SPORT besta sætið

**07.00 Liverpool - Udinese**
**16.30 Panathinaikos - Tottenham**
**18.15 Liverpool - Udinese**
**20.00 Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur**
**20.30 La Liga Report**
**21.00 Evrópudeildarmörkin**
**22.00 Gunnarshólmi** Magnaður þáttur um Gunnar Nelson og undirbúning hans fyrir fyrsta bardagann sinn í UFC
**22.50 UFC in Nottingham**
**01.55 Formúla 1 - Æfingar** Bein útsending frá þriðju æfingu ökumanna fyrir kappaksturinn í Japan.
**04.50 Japan - Tímataka** Bein útsending.

## STÖÐ 2 SPORT 2 enski boltinn

**15.45 Sunnudagsmessan**
**17.00 Norwich - Liverpool**
**18.45 Fulham - Man. City**
**20.30 Premier League Preview Show 2012/13**
**21.00 Premier League World 2012/13**
**21.30 Being Liverpool**
**22.15 Premier League Preview Show 2012/13**
**22.45 Reading - Newcastle**
**00.30 Arsenal - Chelsea**

## STÖÐ 2 krakkar

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.00 Dóra könnuður**
**08.25 Áfram Diego, áfram!**
**08.50 Doddi litli og Eyrnastór**
**09.00 UKI**
**09.05 Stubbarnir**
**09.30 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**09.50 Lukku láki**
**10.15 Stuðboltastelpurnar**
**10.40 Histeria!**
**11.00 Stöð 2 Krakkar - barnatími**
**17.00 Ofurhetjusérsveitin**
**17.20 Sorry I've Got No Head**
**17.50 iCarly** (12:45)

## POPP TÍVÍ

**17.05 The Simpsons** (20:25)
**17.25 Íslenski listinn**
**17.50 Sjáðu**
**18.15 Glee** (15:22)
**19.00 Friends**
**19.25 The Simpsons** (14:22)
**19.50 How I Met Your Mother** (5:22)
**20.10 The Secret Circle** (7:22)
**20.55 The Vampire Diaries** (7:22) Bandarísk þáttaröð um unglingsstúlku sem fellur fyrir strák sem er í raun vampíra og hefur lifað í meira en 160 ár. Hann reynir að lifa í sátt og samlyndi við venjulegt fólk en bróðir hans er ekki alveg eins friðsæll.
**21.40 Pretty Little Liars** (8:25) Bandarísk þáttaröð um fjórar vinkonur sem búa yfir stóru leyndarmáli.
**22.30 Breakout Kings** (7:13) Dramatísk þáttaröð. Bandarísk lögregluyfirvöld setja saman sérsveit skipaða dæmdum glæpamönnum til að elta uppi fanga sem hafa flúið úr fangelsum og eru á flótta undan réttvísinni.
**23.10 The Secret Circle** (7:22)
**23.55 The Vampire Diaries** (7:22)
**00.35 Pretty Little Liars** (8:25)
**01.20 Breakout Kings** (7:13)
**02.05 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## STÖÐ 2 GULL

**18.15 Doctors** (41:175)
**19.00 Ellen** (15:170)
**19.45 The Big Bang Theory** (23:24)
**20.05 2 Broke Girls** (22:24)
**20.30 Anger Management** (2:10)
**20.55 Up All Night** (10:24)
**21.20 Mike & Molly** (8:23)
**21.40 Ellen** (15:170)
**22.25 The Big Bang Theory** (23:24)
**22.45 2 Broke Girls** (22:24)
**23.10 Anger Management** (2:10)
**23.30 Up All Night** (10:24)
**23.55 Mike & Molly** (8:23)
**00.15 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**15.55 90210** (11:22) (e)
**16.40 One Tree Hill** (12:13) (e)
**17.30 Rachael Ray**
**18.15 GCB** (5:10) (e)
**19.05 An Idiot Abroad** (3:9) (e)
**19.55 America's Funniest Home Videos** (15:48) (e)
**20.20 America's Funniest Home Videos** (30:48)
**20.45 Minute to Win It** Einstakur skemmtiþáttur undir stjórn þúsundþjalasmiðsins Guy Fieri.
**21.30 The Voice** (4:15)
**23.45 Jimmy Kimmel**
**00.30 Johnny Naz** (2:6) (e)
**01.00 CSI: New York** (7:18) (e)
**01.50 House** (3:23) (e)
**02.40 A Gifted Man** (5:16) (e)
**03.30 Jimmy Kimmel** (e)
**04.15 Jimmy Kimmel** (e)
**05.00 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00 ESPN America**
**08.10 Justin Timberlake Open 2012** (1:4)
**11.10 Inside the PGA Tour** (39:45)
**11.35 Ryder Cup 2012** (2:3)
**20.00 Justin Timberlake Open 2012** (2:4)
**23.00 US Open 2002 - Official Film**
**00.00 ESPN America**

## N4

**18.00** Föstudagsþátturinn

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Motoring **21.30** Eldað með Holta

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 95,7** FM957 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 100,5** Kaninn | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 97,7** X-ið | **FM 99,4** Útvarp Saga | **FM 102,2** Útvarp Latibær | **FM 105,5** Útvarp Boðun |







# BREGÐU UNDIR ÞIG
# BETRI FÆTINUM

**Ellingsen** býður mikið úrval af vönduðum skófatnaði fyrir allan aldur, frá þekktum framleiðendum á borð við Columbia, Sorel og Viking. Hvort sem þig vantar gönguskó, kuldaskó, götuskó, sandala, stígvél, gúmmískó, reiðskó eða inniskó, þá er rökrétt fyrsta skref að skoða úrvalið í Ellingsen.



**VIKING** PLAY GTX KULDASKÓR
Stærðir 28–39
Litir: Plómu, svartir og rauðir.

**10.990 KR.**
FULLT VERÐ 13.990 KR.



**VIKING** HEMSEDAL KULDASKÓR
Stærðir 28–39. Svartir.

**11.990 KR.**
FULLT VERÐ 14.990 KR.



**VÍKING** POLAR THERMO STÍGVÉL
Stærðir 21–41.

**6.490 KR.**
FULLT VERÐ 7.990 KR.



**COLUMBIA** ANIK PEAK
Stærðir 41–48.

**19.990 KR.**
FULLT VERÐ 24.990 KR.



**COLUMBIA** TALUS
Stærðir 43–49. Svartir.

**29.990 KR.**
FULLT VERÐ 36.990 KR.



**COLUMBIA** MASTER
Stærðir 41–48.

**19.990 KR.**
FULLT VERÐ 27.990 KR.



**COLUMBIA** BUGABOOT
Stærðir 41–48.

**23.990 KR.**
FULLT VERÐ 29.990 KR.



**SOREL** CARIBOU
Stærðir 40–47. Brúnir.

**25.990 KR.**
FULLT VERÐ 29.990 KR.



**TAY SPORT** KULDASTÍGVÉL
Stærðir 41–48.

**19.990 KR.**
FULLT VERÐ 23.990 KR.

**Leitaðu ráða hjá okkur.** Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.–föstud. 8–18 • laugard. 10–16 • ellingsen.is

**Ellingsen**
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

PIPAR\TBWA • SÍA • 122826

## HELGIN



*„Ég er staðsettur í heimabænum mínum, Akureyri, í fríi með litlu nýfæddu dóttur minni og eiginkonunni. Við ætlum að halda nafnaveislu á afmælisdaginn minn á sunnudaginn. Því munum við baka og skreyta alla helgina.“*

Almar Alfreðsson, vöruhönnuður

# Lára sýnir djarfari hliðar

„Það er fullt af bjartsýni þarna en sömuleiðis er þetta viðurkenning á að maður sé ekki alltaf í góðu jafnvægi,“ segir Lára Rúnarsdóttir um væntanlega breiðskífu sína, Moment, sem kemur út 21. október.

Smáskífan Beast, sem kom út á dögunum, er undanfari þeirrar plötu og segir Lára nýju tónsmíðarnar sýna dekkri og dimmari hliðar sínar. „Hið dekkra birtist meðal annars í hljóðheiminum, viðfangsefninu og raddbeitingunni. Það er aðeins meiri djús í þessu,“ segir hún og bætir við að núna hafi hún þorað að vera djarfari í tónsköpuninni. En hvað veldur því? „Ég held að það sé aukið sjálfstraust og meiri vitund um það hverju ég vil ná fram. Auk þess er ég orðin svo afslöppuð með hljómsveitinni minni.“

Að sögn Láru svipar laginu Beast mun meira til fyrri verka hennar en lögunum af væntanlegu breiðskífunni. En um hvað fjallar lagið? „Þetta er um skrattann sem kemur upp í manni. Mann langar að gera eitthvað djarft og lifa á brúninni en samt vill maður vera rosa skipulagður og gera allt pottþétt. Þetta fjallar um hinn pólinn þegar maður leyfir sjálfum sér að vera í ruglinu.“

Útgáfutónleikar Láru verða haldnir 23. nóvember en einnig mun hún leika nýju lögin á Iceland Airwaves-hátíðinni í byrjun nóvember. „Svo er Beast aðeins byrjað að heyrast á Rás 2 en lagið hefur verið rosa fljótt að taka við sér,“ segir Lára sem fagnaði þrítugsafmæli sínu í gær.

**- hþt**



**BEAST** Söngkonan Lára Rúnarsdóttir gaf nýverið út smáskífuna Beast, en það er fyrsta lagið til að fara í spilun af væntanlegri breiðskífu sem sýnir nýjar og dimmari hliðar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI






JÓN VIÐAR ARNÞÓRSSON: HEPPNIR AÐ SKURÐURINN VAR Á HÖKUNNI

# Voru skíthræddir um að bardaginn yrði blásinn af

„Ég var að drepast úr stressi yfir að ég væri búinn að eyðileggja allt fyrir Gunna,“ segir Jón Viðar Arnþórsson, formaður bardagaklúbbsins Mjölnis. „Þetta er samt svo fyndið því hann hefur aldrei áður fengið skurð í andlitið.“

Eins og alþjóð veit fór Gunnar Nelson létt með andstæðing sinn þegar hann þreytti frumraun sína í blönduðum bardagalistum innan UFC-sambandsins á laugardaginn var. Glöggir áhorfendur tóku eftir því að það blæddi úr skurði á höku Gunnars eftir bardagann, án þess þó að andstæðingurinn, DaMarques Johnson, hefði komið einu einasta höggi á hann.

Skurðinn fékk Gunnar þegar hann tók létta æfingu með Jóni Viðari á miðvikudeginum fyrir bardagann. Samkvæmt reglum UFC mega keppendur ekki vera með skurð í andliti þegar í bardagann er komið.

„Við vorum að kickboxa létt á miðvikudeginum fyrir bardagann eins og við gerum oft. Við höfum æft saman í tíu ár og aldrei slasað hvor annan. Svo gerðist þetta. Ég sparkaði í hann, fyrir stærstu stund lífs okkar þegar við vorum að passa okkur sérstaklega mikið,“ segir Jón Viðar, en hann kynnti íþróttina fyrir Gunnari fyrir nokkrum árum. Félagarnir voru að vonum stressaðir um að bardaginn yrði blásinn af en að auki voru um hundrað og fimmtíu Íslendingar á leiðinni til Nottingham til að sjá bardagann.




Mér var létt eftir samþykki læknisins og hafði litlar áhyggjur eftir það. Ég hugsaði samt að það yrði leiðinlegt fyrir alla þá sem voru að fljúga út ef bardaginn yrði stöðvaður.

**GUNNAR NELSON**
BARDAGAÍÞRÓTTAMAÐUR




JÓN VIÐAR ARNÞÓRSSON

„Við klemmdum strax fyrir og Gunni er með svo þykkt blóð að það hætti að blæða mjög fljótlega. Okkur var ráðlagt að fara ekki til læknis, því hann mátti ekki keppa með sauma. Daginn eftir skoðaði UFC-læknirinn hann og gaf honum grænt ljós,“ segir Jón Viðar. „Hann leit alveg þokkalega út daginn eftir en við vorum samt alveg skíthræddir.“

Þegar Gunnar var við upphitun nokkrum mínútum fyrir bardagann opnaðist skurðurinn svo aftur.

„Gunni og John Kavanagh, yfirþjálfari Mjölnis, voru að glíma á bak við og með smá nuddi opnaðist skurðurinn. Hann gekk inn í búrið skömmu síðar og þegar bardaginn hófst byrjaði að blæða. Við vorum bara heppnir að þetta var á góðum stað eða undir hökunni. Ef þetta hefði verið í kringum augun hefðu dómararnir aldrei leyft honum að slást. Það hjálpaði líka að hann er með skegg svo þetta sást illa,“ segir Jón Viðar, en sauma þurfti fjögur spor í höku Gunnars eftir sparkið óheppilega.

**hallfridur@frettabladid.is**









# Bjóða upp á kaffi fyrir túrinn

„Við þurftum stærra húsnæði því hitt var orðið of lítið. Við vildum gera verslunina fagmannlegri og fallegri en á sama tíma halda þessu afslappaða umhverfi sem var á gamla staðnum,“ útskýrir David Robertson sem rekur hjólaverslunina Kríu Cycles ásamt Emil Guðmundssyni. Verslunin var flutt í nýtt húsnæði við Grandagarð 7 og þar munu piltarnir ekki aðeins bjóða upp á hjólaviðgerðir heldur einnig kaffi.

„Okkur langaði alltaf að hafa svolítið kaffisvæði í versluninni. Þetta verður þó ekki kaffihús sem slíkt heldur getur fólk komið við fyrir eða eftir hjólatúrinn og fengið sér kaffibolla. Það er fátt betra en góður espresso eftir hjólatúr.“



**NÝTT OG BETRA** Kría Cycles er flutt í nýtt og betra húsnæði. Eigendurnir, David Robertson og Emil Guðmundsson, bjóða hjólafólki nú einnig upp á kaffi fyrir hjólatúrinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Kría Cycles var áður til húsa í Hólmaslóð og þó piltarnir vildu færa sig nær miðbænum langaði þá að vera áfram á Grandasvæðinu. „Svæðið er orðið svo skemmtilegt og líflegt. Á þeim tíma sem við höfum verið hér hefur það tekið miklum breytingum til hins betra.“

David segir viðskiptin ganga vel enda hafi orðið vitundavakning meðal Reykvíkinga. „Fólk tekur hjólreiðar mun alvarlegar en áður. Reykjavík er lítil borg og það er stutt fyrir marga að hjóla á milli heimilis og vinnu. Þó það sé ekki hægt að breyta veðráttunni á Íslandi þá hafa hjólin orðið betri með árunum og hjólastígarnir og hlífðarfatnaðurinn sömuleiðis. Þess utan er fólk meðvitaðra um umhverfið, líkamshreyfingu og útivist og hjólreiðar tvinna þetta þrennt saman.“

**-sm**

# ÚTIVISTAR MARKAÐUR

Regatta GREAT OUTDOORS™

Dare 2b

CRAGHOPPERS

BEAR GRYLLS CRAGHOPPERS



# NÝJAR VÖRUR

## HJÁ OKKUR MÁ SKILA OG SKIPTA

**OPIÐ**

VIRKA DAGA 11 – 18
LAUGARD. 11 – 16
SUNNUD. 13 –16

**ÚTIVIST & SPORT**

verslun
heildverslun

Faxafen 12 S. 533-1550.

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060





## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Heimsækir Ísland

Fyrirsætan **Daria Werbowy** er stödd á Íslandi um þessar mundir. Werbowy sást á ferðaskrifstofunni Icelandic Mountain Guides og að sögn sjónarvotta var fyrirsætan afskaplega vinaleg og kurteis. Werbowy var lengi andlit snyrtivöruframleiðandans Lancôme en hefur einnig unnið fyrir tískuhúsin Prada, Yves Saint Laurent, Roberto Cavalli, Gucci, Hermès, Valentino og Chanel. Árið 2011 var Werbowy í sjötta sæti Forbes yfir tekjuhæstu fyrirsætur heims.



### Hætta við hesthús

Stórleikararnir **Hilmir Snær Guðnason** og **Jóhann Sigurðarson** eru annálaðir fyrir áhuga sinn á hestum og hestamennsku. Áhugi þeirra er svo mikill að þeir hugðust byggja sér glæsilegt hesthús, í samvinnu við tvo félaga sína, við Landsenda í Kópavogi. Búið var að greiða fyrir lóðina þegar félagarnir tveir heltust úr lestinni og eftir sitja leikararnir. Hilmir Snær og Jóhann hafa nú óskað eftir því við bæjarráð Kópavogs að fá að skila lóðinni og fá hana endurgreidda, þar sem fyrirhugað hesthús yrði of stórt fyrir þá tvo. **- kh**



### Mest lesið VÍSIR

1. „Get varla hætt að knúsa hann“
2. Auglýsir eftir Siggu sem klessti á bílinn hennar
3. Löggan keyrði börnin í skólann þar sem pabbinn var próflaus
4. Umsvifamestu aðgerðir lögreglu gegn mótorhjólagengjum
5. Kannabisplantan hentug til krabbameinslækninga








**Við kynnum nýjan Kia cee'd Sportswagon** – stærri og rúmbetri útgáfu af hinum vinsæla Kia cee'd. Hann er vel búinn og kraftmikill en samt sparneytinn, **eyðir frá aðeins 4,4 l/100 km** í blönduðum akstri. Kíktu við á laugardaginn og láttu fara vel um þig í nýjum Kia cee'd Sportswagon. Við bjóðum upp á kaffi og með því.

**Komdu og reynsluaktu og þú gætir unnið miða á landsleik Íslands og Sviss í fótbolta.**

**Verð frá 3.655.777 kr.** Kia cee'd Sportswagon LX 1,4 dísil

Þú finnur „Kia Motors Ísland“ á Facebook

ASKJA

**ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is**
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili KIA á Íslandi.